

## REGLUGERÐ

### um umferðarmerki og notkun þeirra.

#### I. KAFLI

##### Inngangur.

###### 1. gr.

###### Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um umferðarmerki, umferðarljós, hljóðmerki og önnur merki á eða við veg til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð, gerð þeirra, hvað þau tákna og hvenær má víkja frá þeim. Í viðaukum við reglugerð þessa er fjallað um hvernig veghaldari skal nota umferðarmerki, þar á meðal um kröfur til tæknilegrar útfærslu og uppsetningar merkja.

Útlit, litur, lögun og tákmyndir umferðarmerkja og umferðarljósa skulu vera eins og sýnt er í reglugerð þessari. Hið sama gildir um hljóðmerki og önnur merki á eða við veg. Umferðarmerki halda þó gildi sínu þrátt fyrir smávægileg frávik í útliti frá því sem í reglugerðinni greinir.

###### 2. gr.

###### Viðaukar.

Eftirtaldir viðaukar, sem kveða á um nánari reglur við notkun umferðarmerkja og tengds búnaðar, teljast hluti af reglugerð þessari:

Viðauki I – Notkun umferðarmerkja.

Viðauki II – Notkun breytilegra umferðarmerkja.

Viðauki III – Notkun ljós- og hljóðmerkja.

Viðauki IV – Notkun yfirborðsmerkinga.

###### 3. gr.

###### Undanþágur.

Vegagerðin, að höfðu samráði við Samgöngustofu, getur heimilað að tekin séu tímabundið í notkun ný merki, önnur en merki í flokkum bannmerkja, boðmerkja, forgangsmerkja og sérreglu-merkja, þrátt fyrir að þeirra sé ekki getið í reglugerð þessari.

###### 4. gr.

###### Myndir og málsetningar.

Vegagerðin skal á vefsíðu sinni gera aðgengilegar myndir og málsetningar merkja sem getið er í reglugerð þessari. Þar skal einnig birta myndir, málsetningar, heiti og númer annarra afbrigða af þeim merkjum sem í reglugerð þessari er sérstaklega getið að heimilt sé að útfæra á annan máta, þ. á m. akreina-merkja og þjónustumerkja. Þar skulu enn fremur talin upp merki sem veitt hefur verið heimild fyrir í samræmi við 3. gr.

#### II. KAFLI

##### Umferðarmerki.

###### 5. gr.

###### Almennt – Gildissvið.

Ákvarðanir um uppsetningu umferðarmerkja skulu teknar af veghaldara í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Sérákvæði fyrir umferð sem gefin eru til kynna með umferðarmerki, gilda frá þeim tíma sem merkið er sett upp eða afhjúpað í samræmi við lögmæta ákvörðun veghaldara.

Umferðarmerki gilda almennt um alla umferð ökutækja sem merkjunum er beint að og á öllum akreinum vegar með akstursstefnu í sömu átt. Sérákvæði um umferð á tilteknum akreinum vegar eru gefin til kynna með sérreglu-merkjum, með merkjum yfir akrein og ör sem vísar á akreinina eða með yfirborðsmerkingum á akreininni.

Á akreinum þar sem sérreglu-merkjum er beitt má neyðaraðili þ.e. lögregla eða neyðarlínan 112 beina umferð björgunarökutækja og aðstoðarökutækja að slysstað.

Umferðarmerki gilda einnig, eftir því sem við á, til stjórnunar eða leiðbeiningar fyrir umferð gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarenda. Á stígum geta enn fremur þær yfirborðsmerkingar sem almennt skulu standa með öðrum umferðarmerkjum, staðið einar og sér til leiðbeiningar fyrir umferð.

Eigi má án leyfis veghaldara setja upp, nema á brott eða breyta umferðarmerki. Enn fremur er óheimilt að setja á eða við veg spjöld, auglýsingar, ljósaskilti eða sambærilegan búnað þannig að honum sé beint að umferð nema með heimild veghaldara.

#### 6. gr.

##### *Flokkar umferðarmerkja.*

Umferðarmerki skiptast í þessa flokka:

Merki til viðvörunar fyrir umferð:

100 Viðvörunarmerki.

Merki til stjórnunar umferðar:

200 Forgangsmerki.

300 Bannmerki.

400 Boðmerki.

500 Sérreglumerki.

Merki til leiðbeiningar fyrir umferð:

600 Upplýsingamerki.

700 Vegvísar og þjónustumerki.

Önnur merki og búnaður:

800 Undirmerki.

900 Önnur merki.

#### **Viðvörunarmerki.**

#### 7. gr.

##### *Um viðvörunarmerki.*

Viðvörunarmerkjum er ætlað að vekja athygli vegfarenda á því að vegur sé hættulegur eða að sérstök hættu sé á vegi.

#### 8. gr.

##### *Upptalning viðvörunarmerkja.*

Viðvörunarmerki eru þessi:

##### *100 Hættuleg beygja.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé stök beygja sem er hættuleg vegna legu vegarins eða þar sem vegsýn er takmörkuð. Merkið tekur breytingum í samræmi við stefnu beygjunnar.



100.1



100.2



102.1

*102 Hættulegar beygjur.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé vegarkafli með tveimur eða fleiri hættulegum beygjum. Merkið tekur breytingum í samræmi við stefnu fyrstu beygju.



102.2

*104 Brött brekka.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé brött brekka með þeim halla, sem fram kemur á skiltinu í prósentum. Merkið tekur breytingum eftir því hvort ekið sé upp (104.1) eða niður (104.2) brekkuna.




104.1



104.2

*106 Vegur mjókkar.*

Merki þetta gefur til kynna að vegur mjókki verulega. Merkið tekur breytingum í samræmi við þá átt sem vegur mjókkar frá.



106.1



106.2



106.3



108.1

*108.1 Ósléttur vegur.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé vegarkafli þar sem miklar ójöfnur eru á yfirborði akbrautar.



108.2

*108.2 Holur.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé vegarkafli þar sem holur hafa eða geta skyndilega myndast í yfirborði vegar með bundnu slitlagi.



109

*109 Hraðahindrun.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé hraðahindrun.



110

*110 Vegavinna.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan séu framkvæmdir á eða við veg.



111

*111 Vegheflun.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé unnið að viðhaldi malarvegjar með veghefli.



112

*112 Steinkast.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé vegarkafli þar sem hættu er á steinkasti.



114.1

*114 Grjóthrun, snjóflóð.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé hættu á grjóti á vegi, grjóthruni eða snjóflóði. Merkið tekur breytingum í samræmi við þá átt sem hrunhætta er úr.



114.2

*115 Skert sýn vegna veðurs.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé vegarkafli þar sem líkur á skertri veggýn vegna veðurs, svo sem þoku, eru meiri en almennt gerist. Merkið er fyrst og fremst notað sem breytilegt umferðamerki.



115



116.1

*116.1 Sleipur vegur.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé vegarkafli þar sem sérstök hættu er á að vegur sé mjög sleipur eða háll.



116.2

*116.2 Ísing á vegi.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé vegarkafli þar sem hættu er á óvæntri ísingu á vegi.



117.1

*117.1 Há slitlagsbrún.*

Merki þetta gefur til kynna háa brún slitlags við vegöxl.



117.2

*117.2 Ótryggur vegkantur.*

Merki þetta gefur til kynna að vegkantur beri ekki þung ökutæki.



120

*120 Bryggjusvæði.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé bryggja, hafnarkantur eða ferjulægi.



122

*122 Jarðgöng.*


Merki þetta gefur til kynna að fram undan séu jarðgöng.



124

*124 Hættuleg vegamót.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan séu hættuleg vegamót þar sem umferð frá hægri hefur forgang.



125.1

*125 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan séu vegamót þar sem umferð á vegi sem merkið stendur við hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegum. Merkið tekur breytingum í samræmi við legu vegamótanna.



125.2




125.3



125.4



125.5



125.6




125.7



126

*126 Hringtorg.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé hringtorg.



132

*132 Umferðarljós.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé umferðarljós.



140

*140 Gangbraut.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé gangbraut.



141

*141 Gangandi vegfarendur.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan megi búast við umferð gangandi vegfarenda.



142

*142 Börn.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan megi búast við börnum við veg.





144

*144 Hjólandi vegfarendur.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan megi búast við mikilli umferð reiðhjóla og/eða léttra bifhjóla í flokki I þvert á veg eða að slík umferð þurfi að nota hluta akbrautar við þröngar aðstæður.



146.1

*146 Dýr.*

Merki þetta gefur til kynna að nauðsynlegt sé að sýna sérstaka aðgát vegna dýra á eða við veg. Merkið tekur breytingum eftir því hvaða dýrum varað er við. Á merkinu geta því t.d. verið hestar, hreindýr, fuglar, nautgripir, sauðfé eða kanínur.



146.2



146.3



146.4



146.5



146.6



148

*148 Tvístefnuakstur.*

Merki þetta gefur til kynna að umferð sé í báðar áttir eftir vegi eða stíg.



149

*149 Umferðartafir.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan megi vænta tafa vegna umferðar.



150.1

*150 Lágflug.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé svæði þar sem loftfar sem hefur sig til flugs eða lendir á flugvelli kunni að fljúga lágt yfir nálægan veg. Merkið tekur breytingum þannig að flugvél stefni í átt að flugvelli.



150.2



152.1

*152 Svíptivindur.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé svæði þar sem miklir sviptivindar eru tíðir. Merkið tekur breytingum í samræmi við ríkjandi vindátt á svæðinu.



152.2



153

*153 Slyss.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan hafi orðið slyss. Merkið er eingöngu notað sem breytilegt umferðarmerki.



154

*154 Vélavinna.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan megi búast við umferð tengdri atvinnustarfsemi, á svæði sem ekki er lokað fyrir umferð gangandi vegfaranda.



155

*155 Reiðmenn.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan megi búast við umferð reiðmanna eða að reiðstígur þveri veg.



156

*156 Önnur hættu.*

Merki þetta gefur til kynna aðra hættu sem nánar er tilgreind á undirmerki.

## 9. gr.

*Merkingar vegna framkvæmda við veg.*

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, er heimilt að nota skæran gulgrænan lit í stað guls litar á viðvörðunarkerkjum. Eftirfarandi merki skulu ávallt vera með gulgrænum lit í samræmi við ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg* og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar:



110



111

**Forgangsmarki.**

10. gr.

*Um forgangsmarki.*


Forgangsmarki mæla með bindandi hætti fyrir um forgang umferðar við vegamót, þrengingar á vegi og samruna akreina. Fyrirmæli um forgang umferðar gilda við staðsetningu forgangsmarkis nema annað sé sérstaklega tekið fram með undirmerki.

Fyrirmæli sem gefin eru til kynna með forgangsmarki gilda framar almennum reglum um forgang umferðar en víkja fyrir fyrirmælum sem gefin eru til kynna með umferðarljósum eða af lögreglu.

11. gr.

*Upptalning forgangsmarkja.*

Forgangsmarki eru þessi:



202

*202 Biðskylda.*

Merki þetta gefur til kynna að ökumanni beri að veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.

Þar sem merkið stendur með undirmerki *802.1 Fjarlægð* er varað við biðskyldu fram undan.

Þar sem merkið stendur með undirmerki *824 Stöðvunarskylda fram undan* er varað við stöðvunarskyldu fram undan.



204

*204 Stöðvunarskylda.*


Merki þetta gefur til kynna að ökumanni beri skilyrðislaust að nema staðar og veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.



206

*206 Aðalbraut.*

Merki þetta gefur til kynna að umferð á vegi hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegum.



208


*208 Aðalbraut endar.*

Merki þetta gefur til kynna að aðalbraut endi og umferð á vegi hafi ekki lengur sérstakan forgang gagnvart umferð af hliðarvegum.




212

*212 Skýlt að veita umferð sem kemur á móti forgang.*  
Merki þetta gefur til kynna að ökumanni sé skýlt að veita umferð sem kemur á móti forgang.



214

*214 Umferð á móti veitir forgang.*  
Merki þetta gefur til kynna að umferð á móti veiti forgang.



216

*216 Fléttuakstur.*  
Merki þetta gefur til kynna að tvær samhliða akreinar á vegi renni saman í eina og að ökumenn skuli aka þannig að eitt ökutæki fari í senn af hvorri akrein eftir því sem við verður komið.

12. gr.

*Merkingar vegna framkvæmda við veg.*

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, er heimilt að nota skæran gulgrænan lit í stað guls litar á merkjum 202 *Biðskylda* og 212 *Skýlt að veita umferð sem kemur á móti forgang*, í samræmi við ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg* og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

### **Bannmerki.**

13. gr.


*Um bannmerki.*

Bannmerki kveða með bindandi hætti á um bann við tiltekinni umferð eða háttsemi. Takmarkanir á umferð gilda frá staðsetningu bannmerkis og þar til þeim er aflétt en annars að næstu vegamótum, nema annað sé sérstaklega tekið fram á undirmerki eða í ákvæðum um einstök merki.

14. gr.

*Upptalning bannmerkja.*

Bannmerki eru þessi:



302

*302 Innakstur bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur allra ökutækja inn á veg, þ. á m. reiðhjóla og léttra bifhjóla, sé bannaður.



306.0

*306.0 Allur akstur bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur allra ökutækja, þ. á m. reiðhjóla og léttra bifhjóla, sé bannaður í báðar akstursáttir. Gangandi vegfarendum er heimilt að teyma reiðhjól.



306.1

*306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður.



306.2

*306.2 Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla, bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla, sé bannaður.



306.3

*306.3 Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla sé bannaður.



306.41

*306.41 Akstur létttra bifhjóla bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur létttra bifhjóla sé bannaður.



306.42

*306.42 Akstur bifhjóla bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur bifhjóla sé bannaður.



306.43

*306.43 Akstur torfærutækja á beltum (vélsleða) bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur torfærutækja á beltum, þ. á m. vélsleða, sé bannaður.



306.5

*306.5 Akstur vörubifreiða bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur vörubifreiða sé bannaður.



306.6

*306.6 Hjólreiðar bannaðar.*

Merki þetta gefur til kynna að hjólreiðar séu bannaðar.



306.7

*306.7 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð.*

Merki þetta gefur til kynna að umferð gangandi vegfarenda sé bönnuð.



306.8

*306.8 Umferð gangandi vegfarenda og hjólréiðar bannaðar.*

Merki þetta gefur til kynna að umferð gangandi vegfarenda og hjólréiðar séu bannaðar.



306.9

*306.9 Umferð reiðmanna og rekstur hrossa bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að umferð reiðmanna og rekstur hrossa sé bannaður.



306.10

*306.10 Akstur hópþifreiða bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur hópþifreiða sé bannaður.



308

*308 Akstur ökutækja með hættulegan farm bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að akstur ökutækja með hættulegan farm, svo sem sprengiefni, bensín eða annað eldsneyti, sé bannaður.

Takmörkun samkvæmt ADR-flokkum B, C, D og E, sbr. reglugerð nr. 1077/2010, er gefin til kynna með undirmerki.





309

*309 Akstur ökutækja með vatnsspillandi farm bannaður.*  
Merki þetta gefur til kynna að akstur ökutækja með vatnsspillandi farm sé bannaður.



312

*312 Takmörkuð breidd ökutækja.*  
Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu breidd ökutækja, hvort heldur með eða án farms, í metrum með einum aukastaf.



314

*314 Takmörkuð hæð ökutækja.*  
Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu hæð ökutækja, hvort heldur með eða án farms, í metrum með einum aukastaf.



315

*315 Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja.*  
Merki þetta gefur til kynna minnsta leyfilega bil milli vélknúinna ökutækja sem ferðast í sömu átt, í heilum metrum.



316

*316 Takmörkuð lengd ökutækja.*  
Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu lengd ökutækja, þ.m.t. samtengdra ökutækja, hvort heldur með eða án farms, í heilum metrum.



318.1

*318.1 Takmörkuð heildarþyngd ökutækja.*

Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu heildarþyngd ökutækja, í heilum tonnum. Takmörkunin gildir um hvert ökutæki samtengdra ökutækja.



318.2

*318.2 Takmörkuð heildarþyngd samtengdra ökutækja.*

Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu heildarþyngd samtengdra ökutækja, í heilum tonnum. Takmörkunin gildir einnig um stök ökutæki.



320

*320 Takmarkaður áspungi.*

Merki þetta gefur til kynna mesta leyfilega þunga á ás með fjórum hjólum. Þyngd á ás með tveimur hjólum og þyngd á tví- og þríás skal vera í samræmi við reglur um þyngd ökutækja.



324

*324 Sérstök stöðvunarskylda.*

Merki þetta gefur til kynna að stöðva skuli ökutæki við merkið eða stöðvunarlínu, annars staðar en við vegamót. Ástæða stöðvunarskyldunnar er letuð á neðri helming merkisins.



330.1

*330 Beygja bönnuð.*

Merki þetta gefur til kynna að óheimilt sé að beygja í þá átt sem tilgreind er á merkinu á vegamótum eða við sambærilegar aðstæður, þ. á m. að óheimilt sé að snúa ökutæki við.



330.2



332

*332 U-beygja bönnuð.*

Merki þetta gefur til kynna að óheimilt sé að snúa ökutæki við á vegamótum eða við sambærilegar aðstæður.



334

*334 Framúrakstur bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að óheimilt sé að aka fram úr vélknúnum ökutækjum öðrum en tvíhjóla.



335

*335 Framúrakstur vörubifreiða bannaður.*

Merki þetta gefur til kynna að vörubifreiðum, þ.m.t. samtengdum ökutækjum, með meiri leyfðri heildarþyngd en 3.500 kg sé óheimilt að aka fram úr vélknúnum ökutækjum öðrum en tvíhjóla.



336

*336 Bann við framúrakstri afnumið.*

Merki þetta gefur til kynna að bann við framúrakstri sé afnumið.



337

*337 Bann við framúrakstri vörubifreiða afnumið.*

Merki þetta gefur til kynna að bann við framúrakstri vörubifreiða sé afnumið.



362

*362 Sérstök takmörkun hámarkshraða.*

Merki þetta gefur til kynna hæsta leyfilega hraða ökutækis, hámarkshraða, í kílómetrum á klukkustund.



364

*364 Sérstök takmörkun hámarkshraða afnumin.*

Merki þetta gefur til kynna að sérstök takmörkun hámarkshraða sé afnumin. Þar með tekur gildi almenn takmörkun hámarkshraða á svæðinu.



370

*370 Bannað að stöðva ökutæki.*

Merki þetta gefur til kynna að bannað sé að stöðva ökutæki, enda sé stöðvun eigi nauðsynleg vegna annarrar umferðar, þeim megin vegar sem merkið stendur, frá merkinu og að næstu vegamótum nema annað sé tekið fram á undirmerki. Ef bifreiðastæði er merkt eða afmarkað er heimilt að leggja í það en bannið gildir áfram að því loknu. Nánari lýsing á takmörkun kemur fram á undirmerki.



372

*372 Bannað að leggja ökutæki.*

Merki þetta gefur til kynna að bannað sé að leggja ökutæki þeim megin vegar sem merkið stendur, frá merkinu og að næstu vegamótum nema annað sé tekið fram á undirmerki. Ef bifreiðastæði er merkt eða afmarkað er heimilt að leggja í það en bannið gildir áfram að því loknu. Nánari lýsing á takmörkun kemur fram á undirmerki.



380

*380 Afnám banna.*

Merki þetta kemur fyrir á framkvæmdasvæðum og við aðrar tímabundnar merkingar. Merkið gefur til kynna afnám banna sem hafa verið sett s.s. bann við framúrakstri og lækkun hámarkshraða. Merkið afnemur ekki bann við stöðvun eða lagningu ökutækja.


15. gr.

*Merkingar vegna framkvæmda við veg.*

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, er heimilt að nota skæran gulgrænan lit í stað guls litar á bannmerkjum. Merki 362 Sérstök takmörkun hámarkshraða skal þá vera með gulgrænum lit í samræmi við ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg* og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar:



362



380

**Boðmerki.**

16. gr.


*Um boðmerki.*

Boðmerki mæla með bindandi hætti fyrir um tiltekna háttsemi eða fyrirkomulag umferðar. Fyrirmæli um umferð gilda frá þeim stað sem boðmerki stendur að næstu vegamótum nema annað sé sérstaklega tekið fram á undirmerki eða í ákvæðum um einstök merki.

17. gr.

*Upptalning boðmerkja.*


Boðmerki eru þessi:



402.1

*402 Akstursstefnumerki.*


Merki þetta mælir fyrir um að ökumanni sé skylt að aka í ákveðna akstursstefnu. Ökumanni ber að aka í þá átt sem örin vísar eða í eina af þeim áttum sem örvarnar vísar, séu á merkinu fleiri en ein ör.




402.2




402.3




402.4



402.5




402.6



402.7




402.8




402.9

*404 Akbrautarkerki.*


Merki þetta mælir fyrir um að ökumanni beri að aka á þeirri akbraut eða þeim hluta akbrautar sem merkið vísar á.



404.1




404.2



405

*405 Akbrautarkerki.*

Merki þetta mælir fyrir um að ökumanni beri að aka öðru hvorum megin við merkið þar sem vegur greinist í tvennt en kemur aftur saman í framhaldinu.



406

*406 Hringtorg.*

Merki þetta gefur til kynna að ekið sé inn á hringtorg. Örvagnar gefa til kynna akstursstefnu í hringtorginu.



410

*410 Hjólastígur.*

Merki þetta gefur til kynna að stígur sé eingöngu ætlaður umferð reiðhjóla og léttra bifhjóla í flokki I.



412

*412 Göngustígur.*

Merki þetta gefur til kynna að stígur sé aðallega ætlaður umferð gangandi vegfarenda.



414

*414 Reiðstígur.*

Merki þetta gefur til kynna að stígur sé sérstaklega ætlaður fyrir umferð reiðmanna á hestum.



416.1

*416 Sameiginlegur stígur.*

Merki þetta gefur til kynna að stígur sé eingöngu ætlaður þeirri umferð sem merkið sýnir. Merkið tekur breytingum í samræmi við tegund umferðar. Vegfarendur skulu sýna hver öðrum gagnkvæma tillitssemi.



416.2



418.1

*418 Aðgreindir stígar.*

Merki þetta gefur til kynna tvo samhliða stíga sem aðgreindir eru með yfirborðsmerkingu, hæðarmun, eyju eða öðru sambærilegu. Merkið tekur breytingum í samræmi við tegund umferðar. Staðsetning tákanna á merknu gefur til kynna hvor stígurinn er ætlaður hvorri tegund umferðar.



418.2



418.3



418.4



418.5



418.6



455

*455 Lágmarkshraði.*

Merki þetta er notað á akreina merki og gefur til kynna lágmarkshraða á viðkomandi akrein í kílómetrum á klukkustund.

**Sérreglumerki.**

18. gr.

*Um sérreglumerki.*

Sérreglumerki mæla með bindandi hætti fyrir um sérstakar reglur eða takmarkanir fyrir umferð á tilteknum stað, afmörkuðu svæði eða á ákveðnum akreinum, aðrar en þær sem gefnar eru til kynna með bannmerki, boðmerki eða forgangsmerki.

Sérreglur fyrir umferð gilda frá þeim stað sem sérreglumerki stendur, nema annað sé sérstaklega tekið fram á undirmerki eða í ákvæðum um einstök merki.


19. gr.

*Upptalning sérreglumerkja.*


Sérreglumerki eru þessi:



a



b



c

*500 Akreinaerki.*

Merkin gefa til kynna akreinar og heimila notkun þeirra, þ. á m. í hvaða átt umferð má aka, hvert heimilt sé að aka þegar komið er að vegamótum, hvar akrein sameinast annarri og hvar akreinar skiljast að.

Heimilrar akstursstefnur á akreinum eru gefnar til kynna með hvítum örvum á bláum grunni. Óheimilt er að nota akrein til aksturs í aðra akstursstefnu en gefin er til kynna á merkinu. Þegar akreinaerki eru notuð tímabundið, t.d. vegna vegavinnu, eru örvarnar svartar á appelsínugulum grunni.


Takmarkanir á tiltekinni umferð um sérstakar akreinar, sérreinar og aðrar sérreglur um umferð á akrein eru gefnar til kynna á akreinaerki með viðeigandi umferðarmerki, t.d. boð- eða bannmerki, og eftir atvikum undirmerki á mynd viðkomandi akreinar. Hægfara umferð er skylt að nota akrein sem sérstaklega er merkt fyrir slíka umferð.

Akreinaerki skulu útfærð eftir legu vegar á hverjum stað í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Merkið sýnir allar akreinar viðkomandi akbrautar. Útlit, númer og heiti akreinaerkjja í notkun skulu birt á vefsíðu Vegagerðarinnar.


Merki sem sýnd eru í þessari grein eru tekin sem dæmi og hafa eftirfarandi merkingar:

- Umferð á vinstri akrein skal beygja til vinstri. Umferð á hægri akrein má beygja til hægri eða halda beint áfram.
- Hægri akrein endar, umferð sameinast akrein til vinstri.
- Umferð á vegi gerð grein fyrir að umferð frá hægri sameinast akrein.
- Umferð á aðrein sameinast umferð á vegi sem ekið er inn á.
- Umferð frá hægri verður að eigin akrein á aðalvegi.
- Frárein frá hægri akrein.
- Hægri akrein verður að frárein.
- Ný akrein til hægri verður til.
- Einungis umferð hópþreiða í almenningsakstri heimil á hægri akrein. Umferð á akrein lengst til vinstri ekur í gagnstæða átt.
- Lágmarkshraði á vinstri akrein, hægfara umferð noti hægri akrein. Umferð á akrein lengst til vinstri ekur í gagnstæða átt.







d




e




f




g




h



i



j




500F


Þegar akreinaþerki eru notuð tímabundið, t.d. vegna vegavinnu, eru örvarnar svartar á appelsínugulum grunni og til aðgreiningar táknað 500F.




a




b



c



d



e

*501 Akreina­merki ofan akbrautar.*

Merkið er staðsett ofan akbrautar og gefur til kynna heimilar akstursstefnur á þeirri akrein sem það er staðsett ofan.

Merki sem sýnd eru í þessari grein eru tekin sem dæmi og hafa eftirfarandi merkingar:


- a. Umferð á akrein skal halda beint áfram.
- b. Umferð skal beygja til hægri.
- c. Umferð á akrein má beygja til hægri eða halda beint áfram.
- d. Umferð á akrein má beygja til hægri eða til vinstri.
- e. Umferð á akrein má beygja til hægri, halda beint áfram eða beygja til vinstri.



508

*508 Hópbifreiðar í almenningsakstri.*

Merki þetta gefur til kynna akrein sem er eingöngu ætluð hóp­bifreiðum í almenningsakstri.



512

*512 Biðstöð hópbifreiða í almenningsakstri.*

Merki þetta gefur til kynna biðstöð sem eingöngu er ætluð hóp­bifreiðum í almenningsakstri. Á merkinu er heimilt að birta myndmerki rekstraraðila hópbifreiða í almenningsakstri.



514

*514 Biðstæði leigubifreiða.*

Merki þetta gefur til kynna biðstæði leigubifreiða.



516.1

*516 Gangbraut.*

Merki þetta gefur til kynna gangbraut sem ætluð er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut. Merkið tekur breytingum þannig að tákmynd gangandi vegfaranda stefnir í átt að viðkomandi gangbraut.



516.2



521

*521 Hjólarein.*

Merki þetta gefur til kynna akrein sem er eingöngu ætluð umferð reiðhjóla og léttra bifhjóla í flokki I.



*526 Einstefna.*

Merki þetta gefur til kynna að einstefnuakstur sé um veginn í þá átt sem örin vísar.



526



540

*540 Vistgata.*

Merki þetta gefur til kynna að komið sé inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um vistgötur gilda.



542

*542 Vistgata endar.*  
Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um vistgötur gilda.



544

*544 Þéttbýli.*  
Merki þetta gefur til kynna að komið sé inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um þéttbýli gilda.



546

*546 Þéttbýli lokið.*  
Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um þéttbýli gilda.



548

*548 Göngugata.*  
Merki þetta gefur til kynna að komið sé inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um göngugötur gilda. Nánari lýsing á reglum sem gilda innan svæðisins getur komið fram á merkinu.



550

*550 Göngugata endar.*  
Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um göngugötur gilda.



552.1

*552.1 Bifreiðastæði.*

Merki þetta gefur til kynna að heimilt sé að leggja, sé það ekki í andstöðu við ákvæði umferðarlaga um að stöðva eða leggja ökutæki. Merkið gildir á afmörkuðu bifreiðastæði eða þeim megin vegar sem merkið stendur, frá merkinu og að næstu vegamótum nema annað sé tekið fram með undirmerki. Nánari lýsing á takmörkun kemur fram á undirmerki.



552.2

*552.2 Bílastæðahús.*

Merki þetta gefur til kynna bílastæðahús.



552.3

*552.3 Bifreiðastæði með gjaldskyldu.*

Merki þetta gefur til kynna gjaldskyldu bifreiðastæða. Merkið gildir á afmörkuðu bifreiðastæði eða þeim megin vegar sem merkið stendur, frá merkinu og að næstu vegamótum nema annað sé tekið fram með undirmerki. Mismunandi gjaldsvæði eru gefin til kynna með tölu-staf. Nánari lýsing á takmörkun kemur fram á undirmerki.



553.1

*553 Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðilum.*

Merki þetta gefur til kynna að afmarkað bifreiðastæði sé einungis ætlað tiltekinni tegund ökutækja. Þannig er t.d. *553.4 Bifreiðastæði ætlað bifreiðum til rafhleðslu* einungis ætlað ökutækjum meðan á rafhleðslu stendur.

553.1 Bifreiðastæði ætlað hópibifreiðum.

553.2 Bifreiðastæði ætlað vörubifreiðum.

553.3 Bifreiðastæði ætlað fólksbifreiðum.

553.4 Bifreiðastæði ætlað bifreiðum til rafhleðslu.

553.5 Bifreiðastæði ætlað húsbílum.

553.6 Bifreiðastæði ætlað lögreglu og sjúkrabílum.

553.7 Stæði ætlað reiðhjólum.

553.8 Stæði ætlað bifhjólum.

553.9 Stæði ætlað vélknúnum hlaupahjólum.



553.2



553.3



553.4



553.5



553.6



553.7



553.8



553.9



554.1

*554 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk.*

Merki 554.1 gefur til kynna að bifreiðastæði sé eingöngu ætlað handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk.



554.2

Merki 554.2 gefur til kynna sérstaklega breitt bifreiðastæði sem er eingöngu ætlað handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk.



554.3

Merki 554.3 gefur til kynna að stæðið sé einungis ætlað því tiltekna ökutæki handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlað fólk sem tilgreint er með skráningarnúmeri á merkinu.



555.1

*555 Neyðarútskot.*

Merki þetta gefur til kynna útskot á vegi eða í jarðgöngum sem eingöngu er ætlað til notkunar í neyð. Merkið tekur breytingum eftir þeirri átt sem útskotið er í.




555.2



562

*562 Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða.*

Merki þetta gefur til kynna að farið sé inn á svæði þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er í gildi.



563

*563 Svæði með sérstaka takmörkun hámarkshraða endar.*  
Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sérstök takmörkun hámarkshraða er í gildi.



572

*572 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.*  
Merki þetta gefur til kynna að farið sé inn á svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð. Nánari lýsing á takmörkun getur komið fram á merkinu.

Merki þetta með textanum „Snúningshaus“ gefur til kynna að um snúningshaus í samræmi við 29. gr. umferðarlaga sé að ræða.



572



573

*573 Svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð endar.*

Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.



576

*576 Mörk svæðis þar sem heimilt er að leggja ökutæki.*  
Merki þetta gefur til kynna að farið sé inn á svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki. Nánari lýsing á heimild getur komið fram á merkinu.



576



577

577 Svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki endar.  
Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki.

### Upplýsingamerki.

20. gr.

*Um upplýsingamerki.*

Upplýsingamerkjum er ætlað að veita vegfarendum upplýsingar um ýmis atriði sem telja má þýðingarmikil fyrir umferðina en fela ekki í sér boð, bönn eða aðrar sérreglur fyrir umferð.

Upplýsingamerki eru ekki talin upp með tæmandi hætti í reglugerð þessari. Veghöldurum er heimilt, að fengnu samþykki Vegagerðarinnar, að höfðu samráði við Samgöngustofu að taka í notkun önnur upplýsingamerki en hér greinir, til upplýsingar fyrir umferð. Vegagerðin skal tryggja samræmt útlit upplýsingamerkja.

21. gr.

*Upptalning upplýsingamerkja.*

Upplýsingamerki eru þessi:



650.1

650 Upplýsingatafla.

Upplýsingatafla með stuttum texta eða myndum veitir vegfarendum mikilvægar upplýsingar sem ekki er með greinargóðum hætti hægt að gefa til kynna með öðrum umferðarmerkjum.

Upplýsingatöflur geta m.a. veitt vegfarendum nánari upplýsingar um þjónustu, vegakerfi, fjarlægðir og bæjarstæði á svæði.

Varanlegar upplýsingatöflur eru bláar að lit en tímabundnar upplýsingatöflur (bráðabirgðamerki) eru appelsínugular að lit, táknað 650F.x.





650.2

Óspaksstaðir	5
Hrútatunga	4
Bálkastaðir	2
Staðarflöt	1
Staður	1
Smáragil	1


650.3



650F.4



650F.4



650F.5

650F.5 *Upplýsingatafla um framkvæmdasvæði.*

Upplýsingatafla um framkvæmdasvæði þ.e. hver framkvæmir, verktaka, magn, upphaf verks, verklok og tilvísanir í nánari upplýsingar.



650F.61

650F.6 *Hjáleið.*

Merki þetta gefur til kynna hentugustu leið fram hjá vinnu- eða viðburðarsvæði.



650F.62



650F.63



650F.64



652.1

652 *Snúningssvæði fyrir löng ökutæki.*

Merki þetta gefur til kynna útskot þar sem snúa má löngum ökutækjum við, svo sem í jarðgöngum.



652.2



652.4

*652.4 Útskot.*

Merki þetta gefur til kynna útskot á mjóum vegi þar sem sérstök aðstaða er til að mætast eða aka fram úr.



652.71

*652.7 Botngata.*

Merki þetta gefur til kynna að vegur sé lokaður í annan endann. Á merkinu má gefa til kynna að göngustígur, hjólastígur eða sameiginlegur stígur sé í framhaldi af veginum. Merkið tekur breytingum eftir aðstæðum.



652.72



652.73



652.74



652.75



652.76



652.77



652.78



653.11

*653.1 Undirgöng.*

Merki þetta vísar á gönguleið um undirgöng.



653.12



653.21

*653.2 Brú.*

Merki þetta vísar á gönguleið að brú.



653.22



654.11

*654.1 Inn.*

Merki þetta gefur til kynna hvar ekið er inn á tiltekið svæði.



654.12



654.21

*654.2 Út.*

Merki þetta gefur til kynna hvar ekið er út af tilteknu svæði.



654.22



655.61

*655.61 Löggæslumyndavél.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé sjálfvirk löggæslumyndavél sem gæti tekið ljósmynd af umferðarlagabroti.



655.62

*655.62 Meðalhraðaeftirlit.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé vegarkafli þar sem sjálfvirkar löggæslumyndavélar mæla meðalhraða ökutækis þ.e. þann hraða sem ökutæki hreyfist að jafnaði á yfir tiltekna vegalengd.



655.71

*655.71 Eftirlitsmyndavél.*

Merki þetta gefur til kynna að á viðkomandi stað eða vegarkafli sé sjálfvirk eftirlitsmyndavél til að fylgjast með umferð.



656  
Mkv. 1:40

*656 Hámarkshraðaupplýsingar.*

Merki þetta gefur upplýsingar um almennar reglur umferðarlaga um leyfilegan hámarkshraða við mismunandi aðstæður.



658.1

*658 Leiðbeinandi leið fyrir tegund umferðar.*

Merki þetta gefur til kynna leiðbeinandi leið fyrir þá tegund umferðar sem tilgreind er á merkinu. Merkið tekur breytingum í samræmi við tegund umferðar t.d. vörubifreiðir, hjólandi vegfarendur, umferð hreyfihamlaðra vegfarenda og umferð reiðmanna á hestum. Önnur umferð er heimil nema sérstaklega sé lagt bann við henni.



658.2



658.3



658.4



659

*659 Rafræn gjaldtaka.*

Merki þetta gefur til kynna að ekið er inn á veg eða svæði þar sem gjald verður innheimt á rafrænan hátt.



660.1

*660 Neyðarútgangur.*  
Merki þetta gefur til kynna neyðarútgang eða stefnu og fjarlægð í neyðarútgang í jarðgöngum.



660.2



662

*662 Vatnsverndarsvæði.*  
Merki þetta gefur til kynna að ekið sé inn á vatnsverndarsvæði þar sem umferð sem flytur vatnsspillandi efni þarf að sýna sérstaka varúð.

### Vegvísar og þjónustumerki.

22. gr.

*Um vegvísa.*

Vegvísur er ætlað að leiðbeina ökumanni um leiðarval. Þjónustumerki eru ein tegund vegvísa og er ætlað að upplýsa vegfarenda um þjónustu.

Litur vegvísa, þ. á m. texta og tákna á vegvísur, tekur breytingum í samræmi við tegund, staðsetningu og vísun vegvísar.

Svartur texti á gulum grunni með svörtum jaðri er notaður við almenna vegvísun á vegvísur utan höfuðborgarsvæðisins. Vegnúmer eru á hvítum bakgrunni.

Blár texti á hvítum fleti með bláum jaðri er notaður við almenna vegvísun á vegvísur innan höfuðborgarsvæðisins. Vegnúmer eru á gulum bakgrunni.

Rauður texti á hvítum fleti með rauðum jaðri er notaður við vísun á opinberar byggingar og áhugaverða staði. Vegnúmer eru á gulum bakgrunni.

Hvítur texti á brúnum fleti með hvítum jaðri er notaður við vísun á ferðamannastaði sem uppfylla viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur. Vegnúmer eru á hvítum bakgrunni. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- og/eða heimsvísu. Meginaðráttarafl þeirra eru náttúru-fyrirbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir.

Svartur texti á appelsínugulum fleti með svörtum jaðri er notaður við tímabundna vísun á leið eða stað s.s. vegna framkvæmda eða viðburða. Vegnúmer eru á hvítum bakgrunni. Til aðgreiningar eru slíkir vegvísar táknaðir 7xxF.

23. gr.

*Upptalning vegvísa.*

Vegvísar eru þessir:



701.1  
Mkv. 1:40



701.2  
Mkv. 1:40



701.3  
Mkv. 1:40




701.4  
Mkv. 1:40




703.1  
Mkv. 1:40


*703 Staðarleiðatafla.*  
Merki þetta sýnir einfaldaða mynd af leiðavali við vegamót sem eru fram undan, áður en komið er að vegamótum.



703.2  
Mkv. 1:40



703.3  
Mkv. 1:40



707  
Mkv. 1:40

*707 Akreinaliðatafla.*

Merki þetta sýnir einfaldaða mynd af vegamótum sem eru fram undan, áður en komið er að vegamótum, til leiðbeiningar um akreinafval fyrir ökumenn.

*709 Töfluleiðavísir.*

Merki þetta sýnir áfangastaði sem sérhver akrein leiðir til nærri vegamótum, t.d. á merkjabrú yfir veg.



709  
Mkv. 1:100



711.1  
Mkv. 1:40



711.2  
Mkv. 1:40



711.3  
Mkv. 1:40



711.4  
Mkv. 1:40

*711 Töfluvegvisir.*

Merki þetta vísar á áfangastaði í hverri akstursstefnu og stendur á eða við vegamót, einkum þar sem akreinar eru fleiri en ein.





712.1  
Mkv. 1:40



712.2  
Mkv. 1:40



713.1  
Mkv. 1:40



713.1  
Mkv. 1:40



713.2  
Mkv. 1:40



713.4  
Mkv. 1:40



713.6

*712 Töfluvegvisir fyrir hringtorg.*

Merki þetta vísar á áfangastaði í hverri akstursstefnu og stendur á eða við hringtorg, einkum þar sem akreinar eru fleiri en ein. Mælikvarði 1:40.

*713 Vegvísir.*

Merki þetta vísar á áfangastað í þá stefnu sem merkið vísar og stendur við vegamót. Lárétt lína í stað staðarheitis og vegalengdar tákna að vegnúmer teljist næg vegvísun.



713.3  
Mkv. 1:40



713.5



714.2

*714 Staðarvísir.*

Merki þetta vísar á tiltekinn stað, svo sem býli og stendur við vegamót.



714.3  
Mkv. 1:40



714.4  
Mkv. 1:40



714.5



715.1  
Mkv. 1:40

*715 Fráreinavísir.*

Merki þetta stendur við upphaf fráreinar og vísar á stað sem fráreinin leiðir til.



715.2  
Mkv. 1:40



717

*717 Staðarleiðarvísir.*

Merki þetta gefur til kynna stað og þjónustu sem er fram undan, áður en að honum er komið.

*723 Vegnúmer og tákn.*

Vegnúmer og myndtákn eru einkum notuð inn á vegvísa eða upplýsingamerki.



723.00

*723.00 Ónúmeraður vegur.*

Merkið gefur til kynna að vegur sé án vegnúmers og ekki í umsjón Vegagerðarinnar.




723.13

*723.13 Vegnúmer.*

Merkið gefur til kynna númer vegar. Á hvítum vegvísnum er tákn vegnúmers haft gult.



723.13



723.14

*723.14 Vegnúmer, leið að vegi.*

Merkið gefur til kynna að vegur liggi að öðrum vegi með tilgreindu númeri.



723.41

*723.41 Ferðamannastaður með Vörðu.*

Merkið gefur til kynna áhugaverðan áfangastað ferðamanna sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur.



723.42

*723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.*

Merki þetta gefur til kynna áfangastað sem er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.



723.51

*723.51 Eyðibýli.*

Merkið gefur til kynna að vegvísir með tákningu vísi á eyðibýli.



723.61

*723.61 Jarðgöng.*

Merkið gefur til kynna að vegvísir með tákningu vísi á jarðgöng.

<b>1</b>	
<b>Egilsstaðir</b>	<b>592</b>
<b>Ísafjörður</b>	<b>376</b>
<b>Akureyri</b>	<b>344</b>
<b>Borgarnes</b>	<b>30</b>

725.2  
Mkv. 1:40

*725 Fjarlægðartafla.*

Merki þetta gefur til kynna fjarlægðir til áfangastaða.

<b>1</b>	
<b>Jökulsárlón</b>	<b>335</b>
<b>Skaftafell</b>	<b>282</b>
<b>Dyrhólaey</b>	<b>137</b>
<b>Skógarfoss</b>	<b>111</b>
<b>Seljalandsfoss</b>	<b>83</b>
<b>35</b>	
<b>Gullfoss</b>	<b>81</b>
<b>Geysir</b>	<b>71</b>

725.3  
Mkv. 1:40



727.1  
Mkv. 1:40

*727 Sveitarfélagsmerki.*

Merki þetta gefur til kynna að farið sé yfir stjórnsýslumörk. Á merkinu eru nafn og táknmynd viðkomandi sveitarfélags.



727.2  
Mkv. 1:40



728.31  
Mkv. 1:40

*728 Staðartafla.*

Merki þetta gefur til kynna áhugaverðan áfangastað. Staðartafla getur einnig gefið til kynna afmörkun svæðis t.d. aðkomu inn í friðland eða þjóðgarð. Uppfylli áfangastaður ferðamanna viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur er skiltið haft í brúnum lit.



728.32  
Mkv. 1:40



728.41  
Mkv. 1:40



728.42  
Mkv. 1:40



728.6  
Mkv. 1:40

*728.6 Þjóðgarður eða friðland endar.*

Merki þetta gefur til kynna að farið sé út fyrir mörk þjóðgarðs eða friðlands.



729.1

*729.1 Götunafn eða vegarheiti.*


Merki þetta tilgreinir nafn götu, torgs eða heiti vegar.



729.2

*729.2 Staðarmerki.*

Merki þetta tilgreinir heiti staðar, örnefni o.þ.h.



729.3

*729.3 Húsnúmer.*

Merki þetta tilgreinir númer þeirra húsa sem standa við götu.



751

*751 Vegvísir fyrir hjólastíga.*

Merki þetta gefur til kynna stígamót og vísar á hjólaleið sem er merkt með númeri eða lit.



753

*753 Töfluvegvísir fyrir hjólastíga.*

Merki þetta stendur á eða við stígamót og gefur til kynna áfangastaði hjólaleiða í hverri akstursstefnu.



755

*755 Leiðamerki fyrir hjólastíga.*

Merki þetta gefur til kynna númer eða lit hjólaleiðar og er til að upplýsa vegfarendur um á hvaða leið þeir eru.

24. gr.

*Um þjónustumerki.*

Þjónustumerki eru ein tegund vegvísa og er ætlað að upplýsa vegfarendur um þjónustu sem veghaldari telur sérstaka ástæðu til að vekja athygli á, annaðhvort vegna mikilvægi þjónustunnar eða þar sem langt er í aðra sambærilega þjónustu.

Þjónustumerki skal vera réttthyrndur ferhyrningur. Tákn er að jafnaði svart á hvítum grunni með bláan ramma en getur verið rautt eða gult. Vegagerðin, að höfðu samráði við Samgöngustofu, getur heimilað að önnur tákn en þau sem fram koma í reglugerð þessari séu notuð á þjónustumerki. Tákn sem heimiluð hafa verið skulu birt með öðrum umferðarmerkjum á vefsíðu Vegagerðarinnar ásamt skýringu á tákningu.

25. gr.

*Upptalning þjónustumerkja.*

Þjónustumerki eru þessi:



760.1

*760 Þjónustumerki neyðarþjónustu.*

Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísunum til að vísa á neyðarþjónustu.

- 760.1 Slysahjálp.
- 760.2 Heilsugæsla
- 760.3 Lyfjaverslun.
- 760.4 Lögregla.
- 760.5 Neyðarsími eða talstöð.
- 760.6 Slökkvitæki.
- 760.7 Neyðarskýli.



760.2



760.3



760.4



760.5



760.6



760.7



762.1

*762 Þjónustumerki umferðar og samgangna.*

Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísunum til að vísa á samgöngutengda þjónustu.

- 762.1 Miðbær.
- 762.2 Útvarp.
- 762.3 Bifreiðaverkstæði.
- 762.4 Bensínstöð.
- 762.5 Raffhleðslustöð.
- 762.6 Flugvöllur.
- 762.7 Bílferja.
- 762.8 Vöruhöfn.
- 762.9 Iðnaðarsvæði.
- 762.10 Losun skólptanka.
- 762.11 Umferðarmiðstöð.



762.2



762.3



762.4



762.5



762.6



762.7



762.8



762.9



762.10



762.11



764.1

*764 Þjónustumerki fyrir upplýsingar og áhugaverða staði.*  
 Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísunum til að vísa á upplýsingar, áhugaverða staði, áningarstaði og útsýnisstaði.

764.1 Upplýsingar.

764.2 Upplýsingaskrifstofa.

764.3 Athyglisverður staður.

764.4 Athyglisverður staður innanhúss.

764.5 Áningarstaður.

764.6 Útsýnisstaður.


764.7 Gönguleið.



764.2



764.3



764.4



764.5



764.6



764.7



766.1

*766 Þjónustumerki gistinguþjónustu.*

Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísimum til að vísa á þjónustu tengda gistingu og gistaðstöðu.

766.1 Gisting.

766.2 Tjaldstæði.

766.3 Hjólhýsasvæði.

766.4 Sæluhús.

766.5 Orlofshúsaðverfi.



766.2



766.3



766.4



766.5



768.11

*768 Þjónustumerki annarrar þjónustu.*

Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísimum til að vísa á aðra nauðsynlega þjónustu.

768.11 Veitingahús.

768.12 Veitingastofa.

768.13 Kjörbúð.

768.21 Almenningsalerni.

768.31 Sundstaður.

768.32 Skíðasvæði.

768.33 Golf.

768.34 Íþróttasvæði.

768.35 Íþróttahús.

768.41 Kirkja.

768.42 Kirkjugarður.

768.51 Pósthús.



768.12



768.13




768.21




768.31




768.32



768.33



768.34




768.35





768.41



768.42



768.51

### Undirmerki.

26. gr.

#### Um undirmerki.

Undirmerki eru notuð með öðrum umferðarmerkjum til nánari leiðbeininga eða skýringa. Undirmerki eru réttthyrnd og í sömu litum og aðalmerki nema annað sé tekið fram. Tákn og texti á gulum grunni skal að jafnaði vera svartur en tákn og texti á bláum grunni hvítur. Þýðing á íslenskum texta skal vera gul á bláum grunni en blá á gulum grunni.

Undirmerki eru ekki talin upp með tæmandi hætti í reglugerð þessari. Veghöldurum er heimilt, að fengnu samþykki Vegagerðarinnar, að taka í notkun önnur undirmerki en hér greinir, til nánari útskýringar á aðalmerki. Vegagerðin skal tryggja samræmt útlit undirmerkja.

Svartur texti á appelsínugulum fleti með svörtum jaðri er notaður við tímabundin undirmerki s.s. vegna framkvæmda eða viðburða. Til aðgreiningar eru slík undirmerki táknuð 8xxF.

27. gr.

#### Upptalning undirmerkja.

Helstu undirmerki eru:



802.1



802.2



804.1



804.2

#### 802 Fjarlægð.

Merki þetta segir til um hversu langt er að þeim stað sem aðalmerkið á við.

Fjarlægðin er gefin upp í heilum metrum eða kílómetrum með einum aukastaf. Merkið tekur lit aðalmerkis.

#### 804 Lengd gildissvæðis.

Merki þetta segir til um gildissvæði aðalmerkis. Á merkinu kemur fram fjarlægð að upphafi gildissvæðis og fjarlægð að lokum þess, mæld frá merkinu.

Fjarlægðin er gefin upp í heilum metrum eða kílómetrum með einum aukastaf. Merkið tekur lit aðalmerkis.



806.1



806.2

*806 Gildistími.*

Merki þetta segir til um gildistíma aðalmerkis. Tíminn er gefinn upp í heilum tölum á bilinu 0-24.

Stafir án sviga segja til um gildistíma á mánudögum til föstudaga.

Stafir innan sviga segja til um gildistíma á laugardögum.

Rauðir stafir án sviga segja til um gildistíma á sunnudögum og lögboðnum frídögum.

Ef sömu tímamörk gilda alla daga er gildistíminn táknaður með svörtum eða hvítum stöfum og textanum „Alla daga“.

Ef gildistími nær aðeins til vissra vikudaga eru eftirfarandi styttingar notaðar á dagaheitum: mán, þri, mið, fim, fös, lau, sun. Gildi merkið á vissum vikudegi gildir það óháð því hvort dagurinn sé virkur dagur eða lögboðinn frídagur.

*807 Tákennynd tegundar umferðar.*

Tákennyndir þessar gefa til kynna tegund umferðar og geta staðið með eða í stað texta á undirmerki. Tákennynd á undirmerki án frekari texta gefur til kynna að aðalmerkið sem það stendur með eigi einungis við um viðkomandi tegund umferðar.



807.1

*807.1 Fólksbifreið undir 3.500 kg.*

Táknið stendur fyrir bifreið undir 3.500 kg sem aðallega er ætluð til farm- eða fólksflutninga.



807.2

*807.2 Vörubifreið.*

Táknið stendur fyrir bifreið ætlaðri til farmflutninga, með leyfða heildarþyngd meiri en 3,5 tonn og að hámarki fyrir átta farþega.



807.21

*807.21 Vöruafgreiðsla.*

Táknið stendur fyrir lestun og losun á þungum eða fyrirferðarmiklum farmi.



807.3

*807.3 Hópbifreið.*

Táknið stendur fyrir hópbifreið sem ætluð er fyrir fleiri en 8 farþega.



807.4

*807.4 Vörubifreið með eftirvagn, vagnlest.*

Táknið stendur fyrir vagnlest bifreiðar og eftirvagns, þar sem bifreiðin er ætluð til farmflutninga, með leyfða heildarþyngd meiri en 3,5 tonn og að hámarki fyrir átta farþega (vörubifreið).



807.51

*807.51 Dráttarvél.*

Táknið stendur fyrir dráttarvélar og vinnuvélar.



807.52

*807.52 Torfærutæki á beltum.*

Táknið stendur fyrir vélknúð ökutæki sem er aðallega ætlað til fólks- eða farmflutninga utan vega og er búið beltum.

*807.6 Reiðhjól.*

Táknið stendur fyrir reiðhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga.

*807.65 Vélknúið hlaupahjól.*

Táknið stendur fyrir lítið vélknúið ökutæki sem ekki telst til léttis bifhjóls og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km/klst. upp í 25 km/klst. m.a. vélknúið hlaupahjól og tvíhjóla ökutæki á einum öxli. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.

*807.71 Létt bifhjól.*

Táknið stendur fyrir létt bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga.

*807.72 Bifhjól.*

Táknið stendur fyrir bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga.

*807.81 Gangandi vegfarendur.*

Táknið stendur fyrir umferð gangandi vegfarenda.

*807.82 Hreyfihamlaðir vegfarendur.*

Táknið stendur fyrir umferð hreyfihamlaðra vegfarenda.

*807.91 Húsbíll.*

Táknið stendur fyrir húsbíla.

*807.92 Hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagnar.*

Táknið stendur fyrir ferðavagna svo sem hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagna.



808.1



808.2



808.3



808.4



808.5



808.6



810.1



810.2



810.3



810.4



810.5



810.6



810.7

*808 Texti.*

Merki þetta gefur nánari skilgreiningu á gildissviði, undanþágu frá eða skýringu á því umferðarmerki sem merkið stendur með.


Undirmerki með heildarþyngd í heilum tonnum undir bannmerki, gefur til kynna að bannmerkið taki einungis til ökutækja yfir þeirri heildarþyngd sem fram kemur á undirmerkinu.

Þar sem aðalmerki gildir ekki um öll ökutæki er undirmerki notað með textanum „NEMA“ og myndtákni eða texta fyrir þá tegund umferðar sem undanþegin er banni eða fyrirmælum.

Undirmerki með textanum „Vöruafgreiðsla heimil“ ásamt gildistíma gefur til kynna vöruloseunartíma og þar með undanþágu frá banni sem merkið sem það stendur með gefur til kynna.

*810 Stefna sem aðalmerki á við.*

Merki þetta vísar í þá átt sem aðalmerki á við.



811.1

*811.1 Hjólastígur, tvístefna.*

Merki þetta gefur til kynna umferð í báðar áttir á hjólastíg.



811.2

*811.2 Hjólastígur, tvístefnu lýkur.*


Merki þetta gefur til kynna lok tvístefnu á hjólastíg.



812

*812 Leiðbeinandi hámarkshraði.*

Merki þetta gefur til kynna þann hámarkshraða sem ráðlagður er á þeim vegarkafla sem yfirmerkið nær yfir.



815.1

*815 Leið aðalbrautar á vegamótum.*

Merki þetta gefur til kynna leið aðalbrautar á vegamótum þar sem sver lína táknar leið aðalbrautar en mjó lína víkjandi veg með biðskyldu eða stöðvunarskyldu gagnvart aðalbraut.



815.2



815.3



815.4




815.5



824

*824 Stöðvunarskylda fram undan.*

Merki þetta er notað með merkinu 202 Biðskylda og gefur til kynna að fram undan sé stöðvunarskylda við vegamót, merkt með merkinu 204 Stöðvunarskylda.



826.1

*826.1 Umferð hjólandi vegfarenda úr báðum áttum.*

Merki þetta er notað með merkinu 202 Biðskylda eða 204 Stöðvunarskylda og vekur athygli á því að von er á hjólandi umferð úr báðum áttum.



826.2

*826.2 Umferð hópbifreiða í almenningsakstri úr báðum áttum.*

Merki þetta er notað með merkinu 202 *Biðskylda* eða 204 *Stöðvunarskylda* og vekur athygli á því að von sé á umferð hópbifreiða í almenningsakstri úr báðum áttum.



828.1

*828 Gildissvæði.*

Merki þetta gefur til kynna að bannmerki eða sérreglugerki sem það stendur með gildi í þá átt sem örin tilgreinir. Heimilt er að setja upplýsingar um lengd í heilum metrum inn á örina.

Undirmerkið getur hvort heldur sem er verið lárétt eða lóðrétt. Lárétt undirmerki stendur samsíða götu og gildir í þá átt eða þær áttir sem það vísar. Lóðrétt undirmerki stendur þvert á götu. Ör sem vísar upp á lóðréttu undirmerki gefur til kynna að bann gildi í framhaldi af merkinu en ör sem vísar niður að bann gildi að merkinu. Lóðrétt ör sem vísar bæði upp og niður gefur til kynna að bann gildi beggja vegna merkisins.

Merkið er alltaf notað í þessum lit óháð lit aðalmerkis.



828.2



828.3



828.4



828.5



828.6



828.7



828.8



828.9



829.1

*829 Bifreiðastæði, fyrirkomulag.*

Merki þetta gefur til kynna fyrirkomulag bifreiðastæða, samsíða, hornrétt eða á ská.



829.2



829.3



831.1

*831 Hámarkstími.*

Merki þetta gefur til kynna hámarkstíma sem heimilt er að leggja. Merki 831.2 gefur til kynna að stilla skuli skífu undir framrúðu á réttan tíma þegar bifreiðinni er lagt.



831.2



831.51

*831.5 Brotlegir verða fjarlægðir.*

Merki þetta gefur til kynna að ökutæki sem lagt er óleyfilega geti verið fjarlægð.



831.52



840.1

*840.1 Sjónskertir vegfarendur.*

Merki þetta vekur athygli á að vænta megi umferðar sjónskerts fólks.



840.2

*840.2 Heyrnarskertir vegfarendur.*

Merki þetta vekur athygli á að vænta megi umferðar heyrnarskerts fólks.



842.1

*842.1 Nýlögð klæðing.*

Merki þetta gefur til kynna að ekið sé á nýlagðri klæðingu.



842.2

*842.2 Malbik endar.*

Merki þetta gefur til kynna að bundið slitlag endi og malarvegur taki við.



844.1

*844.1 Seinfarinn vegur.*

Merki þetta gefur til kynna að ekið sé inn á leið sem fær er fólksbílum en sé seinfarin og mögulega gróf og brött.



844.2

*844.2 Illfær vegur.*

Merki þetta gefur til kynna að ekið sé inn á leið sem er ófær almennum fólksbifreiðum en fær fjórhjóladrifnum bifreiðum sem eru hærri en almennar fólksbifreiðar, svo sem jeppum.



#### 844.3 Torleiði.

Merki þetta gefur til kynna að ekið sé inn á leið sem einungis er fær sérútbúnum torfærubifreiðum, svo sem jeppum og fjallabílum. Á leiðinni kunna að vera mjög brattar brekkur, snjóskaflar og ár sem tæplega eru færar bifreiðum.



844.3



#### 846.3 Óbrúaðar ár.

Merki þetta gefur til kynna að ekið sé inn á leið með óbrúuðum ám sem getur verið varhugaverð.



846.3



#### 848.3 Snjór á vegi.

Merki þetta gefur til kynna að ekið sé inn á leið þar sem vænta má ófærðar og er mögulega einungis fær stærri eða sérútbúnum jeppum og fjallabílum. Á leiðinni kunna að vera brattar brekkur og snjóskaflar.

848.3



#### 848.5 Hált í bleytu.

Merki þetta gefur til kynna aðstæður sem sérstaklega þarf að varast í rigningu og bleytu.

848.5





850.1

*850 Blindhæð.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé hæð sem takmarkar mjög vegsýn.



850.2



852

*852 Slysavæði.*

Merki þetta gefur til kynna að slys séu óvenju tíð á svæðinu.



854.1

*854.1 Einbreitt slitlag.*

Merki þetta gefur til kynna að bundið slitlag sé 5 metrar að breidd eða mjórra. Vegfarendur þurfa því að víkja út á malaröxl þegar mæst er.



854.2

*854.2 Einbreið brú.*


Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé einbreið brú.



854.3

*854.3 Einbreið brú með þröngri akbraut.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan sé einbreið brú með akbraut mjórri en 3,05 m.



854.4

*854.4 Einbreið jarðgöng.*

Merki þetta gefur til kynna að fram undan séu einbreið jarðgöng.



860

*860 Keðjunarstaður.*

Merki þetta gefur til kynna útskot við veg sem sérstaklega er ætlað fyrir öikumenn sem þurfa að setja á keðjur eða taka þær af.

**Önnur merki.**

28. gr.

*Um önnur merki.*

Önnur merki eru notuð vegfarendum til aðstoðar, til að skýra nánar hættu sem fram undan er og til leiðbeiningar um legu vegar, akbrautar, vegamóta eða vegarbrúnar.

29. gr.

*Upptalning annarra merkja.*



902.1

Mkv. 1:40

*902 Þverslá.*

Þverslá við vegarbrún gefur til kynna enda vegar sem vegna aðstæðna kann að vera vegfarendum óljós. Svört og gul skástrík sem mynda örvar gefa til kynna akstursstefnu.



902.2

Mkv. 1:40



904

Mkv. 1:40

*904 Stefnuör.*

Stefnuör við vegarbrún gefur til kynna breytingu á stefnu vegarins sem vegna aðstæðna kann að vera vegfarendum óljós.



906.11 906.12  
Mkv. 1:40

*906 Gátskjöldur.*  
Gátskjöldur, með svörtum og gulum skástrikum sem vísa niður að vegi, gefur til kynna þrengingu á akbraut.



906.21 906.22  
Mkv. 1:40


*908 Hindrunarslá.*  
Hindrunarslá gefur til kynna að vegur sé lokaður fyrir umferð.  
Þar sem merkið er hengt yfir veg, vekur það athygli á hæðartakmörkunum sem gefnar eru til kynna með sérstöku umferðarmerki.



908.1  
Mkv. 1:40



908.2  
Mkv. 1:40




912.1 912.2  
Mkv. 1:40

*912 Gátskjöldur á veggreiningu.*  
Gátskildir á veggreiningu, með svörtum og gulum skástrikum sem vísa niður frá miðju skjaldarins, vekja athygli vegfarenda á veggreiningu.



913

*913 Gátstaur.*  
Gátstaurar beggja vegna akbrautar gefa til kynna að á akbraut sé hraðahindrun.



914.11

914.12

*914 Gátskjöldur í jarðgöngum.*


Gátskildir í vegkanti, með svörtum og hvítum skástrikum sem vísa niður að vegi, afmarka akbraut í jarðgöngum.




916

*916 Fjarlægðarmerking í jarðgöngum.*

Merki þetta gefur til kynna fjarlægðir að gangamunnum í jarðgöngum.



920.1



920.2



920.3



940

*920 Vegstika.*

Vegstikur afmarka vegarbrún og bæta vegsýn vegfarenda. Glitmerki á vegstikum eru með hvítu endurskini og skásett þannig að þau vísi niður að vegi.

Á vegi með umferð í eina átt er eitt glitmerki á hvorri vegstiku sitt hvorum megin vegar.

Á vegi með umferð í tvær áttir er eitt glitmerki á vegstiku við hægri brún vegar miðað við akstursstefnu og tvö glitmerki á vegstiku við vinstri brún vegar miðað við akstursstefnu.

Við vissar aðstæður, svo sem í jarðgöngum og á snjóþungum vegum, er fjöldi glitmerkja tvöfaldaður.

Vegstikur geta afmarkað akbraut við miðeyju eða bannsvæði til að áréttu yfirborðsmerkingar.

920.1 Vegstika.

920.2 Vegstika í jarðgöngum.

920.3 Snjóstika.

*940 Stólpi til afmörkunar miðeyju eða bannsvæðis.*

Stólpar til afmörkunar akbrautar við miðeyju eða bannsvæði til áréttingar yfirborðsmerkinga.

## 30. gr.

*Merkingar vegna framkvæmda við veg.*

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.*



902.1F1


*902.1F Þverslá, framkvæmdir.*

Stefnuvirk þverslá við vegarbrún gefur til kynna enda vegar sem kann að vera vegfarendum óljós, vegna framkvæmda á eða við veg.



902.1F2

Mkv. 1:40



904F1 904F2

Mkv. 1:40

*904F Stefnuvísandi gátskjöldur, framkvæmdir.*

Stefnuvísandi gátskjöldur við vegarbrún gefur til kynna breytingu á stefnu vegarins sem vegna aðstæðna kann að vera vegfarendum óljós vegna framkvæmda á eða við veg.



906F1 906F2

Mkv. 1:40

*906F Gátskjöldur, framkvæmdir.*

Gátskjöldur, með rauðum og hvítum skástrikum sem vísa niður að vegi, gefur til kynna þrengingu á akbraut vegna framkvæmda á eða við veg.



908F

Mkv. 1:40

*908F Hindrunarslá, framkvæmdir.*

Hindrunarslá gefur til kynna að vegur sé lokaður fyrir umferð.

Þar sem merkið er hengt yfir veg, vekur það athygli á hæðartakmörkunum sem gefnar eru til kynna með sérstöku umferðarmerki.



909F1

*909F Stefnuvísandi gátskjöldur, framkvæmdir.*

Stefnuvísandi gátskjöldur við vegarbrún gefur til kynna breytingu á stefnu vegarins sem kann að vera vegfarendum óljós vegna framkvæmda á eða við veg.



909F2

Mkv. 1:40



912F  
Mkv. 1:40


*912F Gátskjöldur á veggreiningu, framkvæmdir.*

Gátskildir á veggreiningu, með rauðum og hvítum skástrikum sem vísa niður frá miðju skjaldarins, vekja athygli vegfarenda á veggreiningu sem kann að vera vegfarendum óljós vegna framkvæmda á eða við veg.



940F

*940F Keila til afmörkunar vegna framkvæmda.*



941F

*941F Keila til afmörkunar vegna framkvæmda.*

### Breytileg umferðarmerki.

31. gr.

*Um breytileg merki.*

Breytileg umferðarmerki eru ljósmerki eða flettimerki með breytilegum táknum eða texta til upplýsingar, leiðbeiningar eða stjórnunar umferðar. Umferðarmerki sem birt eru á breytilegu merkjaskilti hafa sama gildi og samsvarandi hefðbundin umferðarmerki.

Í þágu aukins sýnileika er heimilt að breyta litum umferðarmerkja sem sýnd eru með breytilegum merkjum, á þann hátt sem nauðsynlegt er. Að jafnaði skal slík breyting fela í sér að svört tákni á gulum bakgrunni verði hvít tákni á svörtum bakgrunni. Rauður litur í umferðarmerkjum skal ávallt halda sér á breytilegum merkjum.

32. gr.

*Merki sem heimilt er að nota sem breytileg umferðarmerki.*

Heimilt er að nota eftirfarandi merki sem breytileg umferðarmerki:



106.1



106.2



106.3



110



115



116.1



116.2



132



141



148



149




152




153



156



302



306.0



306.5



315



330.1



330.2



334



335



336



337



362



364

Vegagerðin, að höfðu samráði við Samgöngustofu, getur heimilað að önnur merki séu notuð sem breytileg umferðarmerki.





33. gr.

*Breytilegt textamerki.*

Merki þetta gefur til kynna upplýsingar fyrir umferð. Texti á mynd er birtur sem dæmi.



34. gr.

*Hraðavaramerki.*

Merki þetta gefur til kynna mældan ökuhraða og vekur athygli ökumanns ef ekið er yfir leyfilegum hámarkshraða. Mynd er dæmi um útlit slíks merkis.

## III. KAFLI

**Yfirborðsmerkingar vega.**

35. gr.

*Flokkar yfirborðsmerkinga vega.*

Yfirborðsmerkingar skulu stuðla að umferðaröryggi og greiðfærni. Yfirborðsmerkingar gefa til kynna gildandi reglur fyrir umferð, leiðbeina ökumanni og upplýsa um aðstæður.

Yfirborðsmerkingar eru hvítar nema annað sé sérstaklega tekið fram. Á vinnusvæði, þar sem breyta þarf legu akbrautar tímabundið, skulu yfirborðsmerkingar þó vera gular og gilda þá framur hvítum yfirborðsmerkingum sem kunna að vera á svæðinu.

Merkingar á yfirborði vega skiptast í eftirfarandi flokka:

Merkingar langsum eftir akbraut.

Merkingar þversum á akbraut.

Aðrar yfirborðsmerkingar vega.

**Merkingar langsum eftir akbraut.**

36. gr.

*Mið- og deililínur.*

Mið- og deililínur liggja langsum eftir akbraut og eru notaðar til að skipta henni í akreinar. Miðlínur skilja á milli umferðarstrauma í gagnstæðar áttir en deililínur skilja á milli umferðarstrauma í sömu átt.



1000

*1000 Brotin lína.*

Brotin mið- eða deililína, með stuttum línum og löngum bilum (1:3), skilur á milli akreina og merkir að aka megi yfir hana enda sé gætt varúðar.



1002

*1002 Hálfbrotin lína (varúðarlína).*

Hálfbrotin mið- eða deililína, með löngum línum og stuttum bilum (3:1), skilur á milli akreina og merkir að sýn fram á við sé of stutt fyrir hefðbundinn framúrakstur eða að aðrar hættur geri það að verkum að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema gætt sé fyllstu varúðar.



1004

*1004 Óbrotin lína.*

Óbrotin mið- eða deililína skilur á milli akreina og merkir að óheimilt og hættulegt sé að aka yfir hana. Í 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eru tilgreind frávík.



1006.1

*1006 Tvöföld miðlína.*

Tvöfaldar miðlínur skilja á milli akreina með gagnstæðar akstursstefnur. Hvor lína hefur sömu merkingu og sams konar einföld lína. Ökumaður skal fylgja merkingu þeirrar línu sem nær liggur þeirri akrein sem ekið er eftir.



1006.2



1006.3




1006.4



1006.5

*1006.5 Tvöföld brotin miðlína* skilur á milli akreina með breytilegar akstursstefnur, þar sem *1190 Akreinaljós* ofan akreinar stýra akstursstefnu á akrein.



1010

*1010 Stýrilína.*

Stýrilína, með jafn löngum línunum og bilum (1:1), afmarkar akstursleið umferðar sem beygir á vegamótum eða þar sem önnur sérstök ástæða þykir til.

37. gr.

*Kantlína.*

Kantlínur liggja langsum eftir brún akbrautar og eru notaðar til að marka akbraut.



1012.1

*1012.1 Brotin kantlína.*

Brotin kantlína, með jafn löngum línunum og bilum (1:1), markar brún akbrautar á mjóum vegi sem ekki er markaður með miðlínu eða þar sem ekki er brýn þörf á óbrotinni kantlínu. Brotin kantlína markar einnig akbraut gagnvart minni háttar vegtengingum.

Heimilt er að aka yfir brotna kantlínu enda sé gætt fyllstu varúðar.



1012.2

*1012.2 Óbrotin kantlína.*

Óbrotin kantlína markar þann hluta akbrautar sem ætlaður er ökutækjum.

Óheimilt er að aka yfir óbrotna kantlínu nema brýna nauðsyn beri til enda sé gætt fyllstu varúðar.



1013.1

*1013.1 Gul brotin kantlína.*

Gul brotin lína með jafn löngum línunum og bilum (1:1), á eða meðfram brún akbrautar, merkir að þar sé óheimilt að leggja ökutæki. Heimilt er að aka yfir gula brotna kantlínu enda sé gætt fyllstu varúðar.



1013.2


*1013.2 Gul óbrotin kantlína.*

Gul óbrotin lína, á eða meðfram brún akbrautar, merkir að þar sé óheimilt að stöðva eða leggja ökutæki. Óheimilt er að aka yfir óbrotna gula kantlínu nema nauðsyn beri til enda sé gætt fyllstu varúðar.

38. gr.

*Aðrar línur.*

*1014 Bannsvæði.*




1014.1

Bannsvæði er svæði á vegi eða götu þar sem öll umferð ökutækja er bönnuð. Bannsvæði er afmarkað með óbrotnum línum og auðkennt með skálinum. Sé lína sem afmarkar bannsvæði brotin er ökumanni heimilt að aka yfir það þegar beygt er, en aðeins frá þeirri hlið.

Vélknúnu ökutæki er heimilt að aka þeim megin bannsvæðis sem skálinurnar vísa áfram.

Svæði milli tveggja óbrotinna lína sem liggja nær hvor annarri en 1 m telst bannsvæði þrátt fyrir að engar skálinur séu merktar.




1014.2

**Merkingar þversum á akbraut.**

39. gr.


*1020 Stöðvunarlína.*



1020


Stöðvunarlína, óbrotin lína þvert á akbraut, merkir að skylt er að stöðva áður en komið er að línunni, enda sé það gefið til kynna með umferðarmerki 204 *Stöðvunarskylda* eða umferðarljósum.

*1021 Hjólabox.*




1021

Hjólabox, svæði framan við stöðvunarlínu vélknúinna ökutækja, merkt með stöðvunarlínu fyrir hjólandi vegfarendur og hjólatákni, merkir að þar geti hjólreiðamenn tekið sér stöðu á rauðu ljósi svo þeir séu betur sýnilegir annarri umferð.



1022

*1022 Biðskyldumerking.*  
 Biðskyldumerking, röð þríhyrninga þvert á akbraut, merkir að ökumanni beri að veita öðrum vegfarendum forgang.




1024.1

*1024 Gangbrautarkerking.*  
 Gangbrautarkerking, hvítar samhliða rendur langsum á akbraut (1024.1) eða tvær hvítar óbrotnar línur þvert yfir akbraut (1024.2) merkir að gangandi vegfarandi á forgang yfir akbraut nema annað sé gefið til kynna með umferðarljósum.




1024.2




1026.1


*1026 Hjólafverun.*  
 Hjólafverun, tvær brotnar línur með jafn löngum og breiðum línunum og bilin, er merking yfir akbraut í framhaldi af hjólarein eða hjólastíg þar sem umferð er stýrt með umferðarljósum eða forgangsmerkjum. Hjólafverun er ekki merkt þar sem umferð hjólandi vegfarenda er víkjandi.  
 Þar sem 1024 Gangbrautarkerking er þétt við hjólafverun er annarri línunni sleppt (1026.2 og 1026.3).



1026.2




1026.3



1027.11

*1027.1 Hraðahindrun.*  
Tvær raðir brotinnna lína, með jafn löngum og breiðum línunum og bilið, merkja hraðahindrun á akbraut (1027.11).

Jafnhliða þríhyrningur, einn eða fleiri, á hraðahindrun merkir hraðahindrun á akbraut (1027.12).



1027.12



1027.2

*1027.2 Hvinrönd.*  
Hvinrönd, hljóðframkallandi upphleyptar þverrendur á akbraut, veitir vegfaranda viðvörun t.d. um lækkun leyfilegs hámarkshraða.

**Aðrar merkingar á yfirborði vega.**


40. gr.

*Tákn og aðrar áletranir.*

Tákn umferðarmerkja, táknmynd tegundar umferðar (807) og áletranir á akbraut vekja athygli á umferðarmerkjum eða öðrum atriðum umferðinni viðkomandi.



1028



1034.2

*1028 Bifreiðastæði.*

Bifreiðastæði eru merkt með hvítum eða bláum 100 mm óbrotnum línum, brotnum línum eða afmörkuð með frábrugðnu yfirborði. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna eða afmarkaðs svæðis.

Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðila er merkt með umferðarmerki. Jafnframt er heimilt að merkja stæði með tákni eða texta til samræmis við merkið.

Bifreiðastæði merkt með blárri línu gefur til kynna að heimild til leggja ökutæki sé háð takmörkunum, svo sem um gildistíma, gjaldskyldu eða tegund umferðar. Takmörkun kemur fram á umferðarmerki.

*1034.1 Stefnuör.*

Stefnuör gefur til kynna að akreinina eigi að nota til aksturs í þá átt sem örin eða örvarnar vísa.

Píla á ská á akrein gefur til kynna að viðkomandi akrein endar.



*1034.2 Akreinaör.*

Akreinaör sem vísar til hliðar gefur til kynna að viðkomandi akrein endar.



1035

*1035 Hjólavísir.*  
Hjólavísir gefur til kynna hjólaleið þar sem ekki eru sérstakir innviðir fyrir umferð hjólandi vegfarenda.



1036.1

*1036.1 Tákn fyrir biðskyldu.*  
Yfirborðsmerkingin gefur til kynna að fram undan sé biðskylda.



1037

*1037 Tákn fyrir gangandi vegfarendur.*



1039.1

*1039.1 Tákn fyrir hjólandi vegfarendur.*




1039.2

*1039.2 Tákn fyrir vélknúð hlaupahjól.*




1040

*1040 Tákn fyrir bifreiðastæði.*



1040.2

*1040.2 Tákn fyrir rafhleðslustæði.*



1042

*1042 Tákn fyrir stæði hreyfihamlaðs fólks.*



1044

*1044 Tákn fyrir einbreiða þrengingu.*



1050.1

*1050.1 Áletrun fyrir stöðvunarskyldu.*



1050.2


*1050.2 Áletrun fyrir hópbifreið í almenningsakstri.*



1050.3

*1050.3 Áletrun fyrir leigubifreiðar.*





1054 Aletrun fyrir hámarkshraða.

#### IV. KAFLI

#### Umferðarljós og hljóðmerki.

##### Umferðarljós.

41. gr.

*Um umferðarljós.*

Umferðarljós eru notuð til að stjórna umferð svo sem á vegamótum, yfir göngubverun, þar sem hleypa þarf umferð á víxl um einbreiðan vegarkafla eða þar sem stöðva þarf vegfarendur eða vara þá við hættu.

Umferðarljós sýna rautt, rautt og gult, gult, eða grænt ljós, að undanskildu ljósmerkinu 1188 Umferðarljós fyrir hópbifreiðar í almenningsakstri.

Vegfaranda er óheimilt að fara gegn rauðu umferðarljósi. Við rautt ljós skal stöðva áður en komið er að stöðvunarlínu eða, ef stöðvunarlínu vantar, umferðarljósastólpa.

Rautt ljósmerki samtímis gulu ljósmerki hefur sömu merkingu og rautt ljósmerki eitt og sér en gefur jafnframt til kynna að brátt skipti yfir í grænt ljós. Vegfaranda er óheimilt að halda áfram för fyrir en grænt ljós er komið.

Gult ljós eitt og sér merkir að nema skuli staðar. Það gefur til kynna að brátt skipti yfir í rautt ljós en hefur að öðru leyti sömu merkingu og rautt ljós. Vegfarandi skal þó ekki nema staðar ef hann, þegar skipt er úr grænu ljósi í gult, er kominn það nálægt umferðarljósi að stöðvun muni hafa í för með sér hættu.

Grænt ljós merkir að heimilt sé að halda áfram för enda brjóti vegfarandi ekki með því í bága við aðrar reglur.

Tölustafir á ljósopi við umferðarljós gefa til kynna hversu margar sekúndur eru þar til skiptir um ljós.


42. gr.

*Upptalning umferðarljósa með stöðugu ljósi.*


1180 Almenn umferðarljós.

Almenn umferðarljós eru ljósmerki með hringlaga ljósopum fyrir rautt, gult og grænt ljós. Ljósmerki skulu sýnd í röðinni rautt, rautt og gult, grænt, gult, rautt.

Almenn umferðarljós gilda fyrir alla umferð nema umferð sé stjórnað sérstaklega með öðrum ljósmerkjum.



1180




1182


*1182 Ljósör.*

Ljósör er ljósmerki sem getur haft eitt ljósop fyrir græna eða rauða ljósör, tvö ljósop fyrir gula og græna ljósör eða þrjú ljósop fyrir rauða, gula og græna ljósör. Ljósör gildir fyrir þá vegfarendur sem ætla að aka í þá átt sem örin vísar til.

Ljósör, ein eða fleiri, er notuð með merkjum 1180 Almenn umferðarljós eða 1184 Umferðarljós fyrir hjólandi vegfarendur.



1182




1184

*1184 Umferðarljós fyrir hjólandi vegfarendur.*

Umferðarljós fyrir hjólandi vegfarendur gildir fyrir þá sem ferðast eftir viðkomandi hjólastíg eða hjólarein. Þau eru með minni ljósopum en að öðru leyti eins og merki 1180 Almenn umferðarljós og eftir atvikum 1182 Ljósör. Ofan við rautt ljósop er merki með hjóli sem gefur til kynna að um umferðarljós fyrir hjólandi vegfarendur sé að ræða.



1184



1186

*1186 Umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur.*

Umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur eru ljósmerki með rauðu ljósopi sem sýnir táknmynd manns á kyrrstöðu og grænu ljósopi sem sýnir táknmynd manns á göngu. Rautt ljós merkir að gangandi vegfarandi skuli ekki leggja af stað yfir akbraut. Hafi gangandi vegfarandi þegar lagt af stað þegar rautt ljós kviknar skal hann halda áfram yfir akbraut eða að miðeyju ef hún er til staðar og umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur staðsett þar. Grænt ljós merkir að gangandi vegfarandi megi fara yfir akbraut.


Hnappabox er búnaður sem notaður er með umferðarljósum fyrir gangandi vegfarendur til að kalla eftir grænu ljósi. Ljósmerki á hnappaboxi gefur til kynna að kallað hafi verið eftir grænu ljósi. Upphleypt ör á hnappaboxi gefur til kynna í hvaða átt gönguþverur er. Upphleypt táknmynd gefur til kynna fyrirkomulag vegamótanna.

Ef fleiri ljósmerki eru sýnileg í göngustefnu gildir það sem næst stendur.

Táknmynd sem sýnir mann og reiðhjól saman, beinist einnig að vegfarendum á hjólastíg.



1186




1188

*1188 Umferðarljós fyrir hópbifreiðar í almenningsakstri.*

Ljósmerkið gildir fyrir hópbifreiðar í almenningsakstri. Ljósmerkið er með hvítum ljósum í öllum þremur ljósopunum. Efsta ljósopið sýnir bókstafinn S og jafngildir rauðu ljósmerki, miðju ljósopið sýnir lárétt strik og jafngildir gulu ljósmerki og neðsta ljósopið sýnir lóðrétt strik og jafngildir grænu ljósmerki. Strik á ská upp til vinstri í neðsta ljósopi jafngildir grænni ljósör til vinstri. Strik á ská upp til hægri í neðsta ljósopi jafngildir grænni ljósör til hægri.

Heimilt er að nota neðsta ljósopið eitt og sér með almennum umferðarljósum.


Lítið ljós á efsta ljóskeri gefur til kynna að stýring almenningsamgangna hafi verið virkjuð.



1190

*1190 Akreinaljós.*

Ljósmerkið gildir fyrir þá akrein sem það hangir ofan við. Rauður kross merkir að óheimilt sé að aka eftir akreininni í þá átt sem ferðast er í. Gul ör merkir að akreininni verði lokað og að akandi vegfarandi skuli skipta yfir á akrein í þá átt sem örin bendir. Græn ör merkir að heimilt sé að aka eftir akreininni.



1192

*1192 Umferðarljós vegna eftirlits, gjaldtöku eða vegavinnu eða við ámóta aðstæður.*

Ljósmerki með hringlaga ljósopum fyrir rautt og grænt ljós, sem hafa sömu merkingu og almenn umferðarljós.


Táknmynd á ljósopinum gefur til kynna að ljósið gildir fyrir viðkomandi vegfarendahóp.

43. gr.

*Önnur ljósmerki, blikkandi ljós.*

*1194 Rautt blikkandi ljós.*

Rautt blikkandi ljós gefur til kynna að vegfarendur skuli nema staðar áður en komið er að stöðvarlínu eða, ef stöðvarlínu vantar, ljósmerkinu.




1194

*1198 Gult blikkandi ljós.*

Gult blikkandi ljós gefur til kynna að vegfarendur skuli sýna sérstaka varúð.

Táknmynd á ljóskerinu gefur til kynna að ljósið vari við umferð viðkomandi vegfarendahóps.



1198

*1199 Blátt blikkandi ljós.*

Blátt blikkandi ljós gefur til kynna að vegfarendur skuli sýna sérstaka varúð vegna starfa viðbragðsaðila og fylgja fyrirmælum þeirra.



1199

**Hljóðmerki.**

44. gr.

*Hljóðmerki til leiðbeiningar fyrir gangandi vegfarendur.*

Hljóðmerkið leiðbeinir gangandi vegfarendum við vegamót og ljósastýrðar gönguþveranir og gefur til kynna stöðu umferðarljósa. Hljóðmerki í hröðum takti merkir að grænt ljós logi fyrir gangandi vegfarendur. Hljóðmerki í hægum takti merkir að rautt ljós logi fyrir gangandi vegfarendur.


V. KAFLI  
**Merkjagjöf við umferðarstjórn.**

45. gr.

*Umferðarstjórn lögreglu.*

Merki sem lögregla gefur við umferðarstjórn tákna:

- Útréttur handleggur (annar eða báðir) tákna að vegfarandi sem nálgast að framan eða að aftan skal nema staðar. Sá sem nálgast frá hlið má aka fram hjá.
- Uppréttur handleggur tákna að allir vegfarendur skulu nema staðar. Ökumaður sem kominn er það langt að hann getur ekki stöðvað ökutækið án hættu má halda áfram. Vegfarandi sem þegar er á vegamótum skal aka út af þeim.
- Rautt ljós sem sveiflað er tákna að vegfarandi sem ljósinu er beint að skal nema staðar.



46. gr.

*Umferðarstjórn annarra.*

Þar sem aðrir en lögregla fara með umferðarstjórn skal umferð stýrt með færanlegum umferðarljósum, færanlegum umferðarmerkjum eða umferðarmerkjum sem haldið er á, leiðibílum eða með öðrum sambærilegum vegbúnaði og aðferðum sem eru í samræmi við aðrar kröfur þessarar reglugerðar.

VI. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

47. gr.

*Gildi eldri umferðarmerkja.*

Umferðarmerki skv. reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 sem tekin voru í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar halda gildi sínu þar til þau hafa verið fjarlægð eða þeim skipt út.

48. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 83. og 88. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, öðlast gildi 1. mars 2024.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995.

*Innviðaráðuneytinu, 5. janúar 2024.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Hermann Sæmundsson.*

**VIÐAUKI I**  
**Notkun umferðarmerkja.**

**Viðvörðunarkerki.**

1. gr.

*Notkun viðvörðunarkerkja.*

Viðvörðunarkerki eru notuð til að vara við hættu á eða við veg sem erfitt getur verið fyrir ökumann að átta sig á tímanlega. Einnig til að vara við hættu sem er meiri en vænta má miðað við aðstæður. Algeng undirmerki sem notuð eru með viðvörðunarkerkjum eru t.d. *802.1 Fjarlægð*, *804.1 Lengd gildissvæðis*, *808.1 Texti* og *810 Stefna sem aðalmerki á við*.

Sé viðvörðunarkerki staðsett lengra en 100 m frá þeirri hættu sem varað er við, skal fjarlægðar í hættuna getið á undirmerki *802.1 Fjarlægð*.

Eigi hætta sem tilgreind er á viðvörðunarkerki við tiltekinn vegarkafli, lengri en 300–500 m, skal afmörkun vegarkafllans getið á undirmerki *804.1 Lengd gildissvæðis*. Heimilt er að endurtaka viðvörðun með merki innan hættusvæðis eftir því sem þurfa þykir.

Á fáförnum úppbyggðum vegum, þá helst þjóðvegum í flokki landsvega og vega í náttúru Íslands skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands, er veghaldara heimilt að víkja frá ákvæðum viðauka þessa um viðvörðunarkerki sem annars væri skylt að nota.

2. gr.

*Sjónlengdartafla, stöðvunarlengd, mætilengd og framúraksturslengd.*

Þar sem í viðauka þessum er vísað til sjónlengdartafla er átt við neðangreindar töflur:

Stöðvunarlengdir í metrum í dreifbýli:

	Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.)								
Langhalli	30	40	50	60	70	80	90	100	110
-10%	26	40	59	82	113	149	189	234	288
0%	24	36	51	70	92	119	147	179	215
10%	23	34	47	62	81	102	124	149	177

Stöðvunarlengdir í metrum í þéttbýli:

	Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.)								
Langhalli	30	40	50	60	70	80	90	100	110
-10%	22	35	52	74	103	138	176	221	273
0%	20	31	44	61	83	107	134	165	199
10%	19	28	40	54	71	91	112	135	162

Stöðvunarlengdir þar sem langhalli er annar en að ofan greinir, breytast línulega í samræmi við langhalla.

Mætilengd er tvöföld stöðvunarlengd að viðbætti 10 m öryggislengd. Mætilengd er óháð langhalla.

Lágmarks framúraksturslengd í metrum í beinni veglínu:

Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.)	60	70	80	90	100
Lágmarks framúraksturslengd (m)	475	500	525	575	625

3. gr.

*100 Hættuleg beygja og 102 Hættulegar beygjur.*

Merkin skal nota utan þéttbýlis áður en komið er að beygju eða beygjum þar sem beygjuradius miðað við umferðarhraða er minni en í neðangreindri töflu og vegsýn að beygju er skemmri en í sjónlengdartafla.

Leyfilegur hámarks- hraði (km/klst.)	30	40	50	60	70	80	90	100	110
Lágmarks rafiús beygju (m)	24	45	76	113	171	234	336	450	611

Sé beygja sýnileg skal merki staðsett 50–100 m áður en beygja hefst. Sé beygja ekki sýnileg skal eitt merki staðsett þar sem beygja hefst og annað merki staðsett 200–300 m áður en beygja hefst með undirmerki 802.1 *Fjarlægð*.

Séu hættulegar beygjur fleiri en tvær skal lengd vegarkafans sem beygjurnar eru á getið á undirmerki 804.1 *Lengd gildissvæðis*.

Heimilt er að nota merkin annars staðar þar sem ástæða þykir til að vara við hættulegum beygjum, svo sem innan þéttbýlis.

#### 4. gr.

##### 104 *Brött brekka*.

Merkið skal nota áður en komið er að brattri brekku sem er 200 m að lengd eða lengri. Við brekku sem hallar upp skal nota merki 104.1 en við brekku sem hallar niður skal nota merki 104.2. Brekka telst brött ef halli hennar á malarvegi er 10% eða meiri eða halli hennar á vegi með bundu slitlagi er 8% eða meiri.

Merkið skal sett upp 150–300 m áður en komið er að brekku. Ef brekkan er 500 m eða lengri skal lengd hennar gefin upp á undirmerki 804.1 *Lengd gildissvæðis*.

Heimilt er að nota merkið áður en komið er að öðrum brekkum, þar sem sérstök ástæða er til að vara við þeim.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir punkti) til að tákna tilgreindan halla. 104.10 táknar t.d. merki fyrir 10% halla.

#### 5. gr.

##### 106 *Vegur mjókkar*.

Merkið skal nota við verulega þrengingu á vegi með háum hámarkshraða og þéttri umferð. Heimilt er að nota merkið á öðrum vegum til að vekja athygli á þrengingu vegar þar sem þrengingin er ekki auðsjáanleg í nægilegri fjarlægð.

Merkið er einkum notað:

- við þversniðsbreytingu á vegi, sérstaklega þegar vegbreidd fer undir 5,5 m,
- við þröngar brýr, undirgöng og þess háttar,
- við þrengingu á vegi til að draga úr hraða, það er þó ekki krafa í húsagötum þar sem leyfilegur hámarkshraði er 30 km/klst. eða lægri.

Óheimilt er að nota merkið til að gefa til kynna fækkun akreina í sömu átt.

#### 6. gr.

##### 108.1 *Ósléttur vegur*.

Merkið skal nota áður en komið er að kafla þar sem nauðsynlegt er fyrir ökumann að draga úr hraða vegna ójafna á vegi. Merkið skal ekki nota þar sem hraði umferðar er það lítill að ekki stafar hætta af, þ.e. að ójöfnur eru einungis til óþæginda.

Merkið skal nota þar sem unnið er að framkvæmdum á eða við veg í samræmi við nánari ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar*.

Merkið er að jafnaði ætlað til tímabundinnar notkunar. Heimilt er í undantekningartilfellum að nota merkið til að vara við viðvarandi ástandi.

#### 7. gr.

##### 108.2 *Holur*.

Heimilt er að nota merkið þar sem hola eða önnur vegskemmd er á vegi sem ekki hefur verið unnt að bregðast við með öðrum hætti eða þar sem sérstök hætta er á holumyndun vegna ástands vegarins eða annarra aðstæðna.

Merkið er einungis ætlað til tímabundinnar notkunar en ekki til að vara við viðvarandi ástandi.

## 8. gr.

*109 Hraðahindrun.*

Merkið skal nota þar sem sett hefur verið hindrun á veg til að draga úr hraða umferðar og leyfilegur hámarkshraði á vegi er yfir 30 km á klukkustund. Merkið skal sett upp 0–15 m fyrir hindrunina.

Heimilt er að nota merkið þar sem leyfilegur hámarkshraði á vegi er 30 km/klst. eða lægri, þar sem sérstök ástæða er til að vara við hindrun á vegi.

Utan þéttbýlis skal annað merki sett upp að lágmarki 150 m áður en komið er að hindruninni og fjarlægð að henni gefin upp á undirmerki *802.1 Fjarlægð*.

Heimilt er að setja upp merki *913 Gátstaur* við hindrun til frekari viðvörunar.

Heimilt er að nota merkið með undirmerki *804.1 Lengd gildissvæðis* til skýringar við fyrstu upphækkun í götu, í stað þess að merkja hverja hindrun í götu.

Undirmerki *808.1 Texti* með áletruninni „Við hraðakstur“ skal nota með merkinu til að vara við hraðahindrun sem virkjast ef ekið er hraðar en á leyfðum hámarkshraða.

Almennt er ekki er þörf á að nota merkið við upphækkanir sem eru í gatnamótum eða þétt við gatnamót þar sem umferð hægir á sér vegna gatnamótanna.

## 9. gr.

*110 Vegavinna.*

Merkið skal nota þar sem unnið er að framkvæmdum á eða við veg í samræmi við nánari ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.*

## 10. gr.

*111 Vegheflun.*

Merkið skal nota þar sem unnið er að vegheflun í samræmi við nánari ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.*

## 11. gr.

*112 Steinkast.*

Merkið skal nota þar sem lögð hefur verið ný klæðing eða gert hefur verið við klæðingu og hætta er á steinkasti.

Merkið skal nota þar sem unnið er að framkvæmdum á eða við veg í samræmi við nánari ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.*

Heimilt er að nota merkið annars staðar þar sem hætta er á steinkasti.

## 12. gr.

*114 Grjóthrun, snjóflóð.*

Heimilt er að nota merkin þar sem veghaldari telur ástæðu til að vara sérstaklega við hættu á grjóthruni, snjóflóðum eða aurskriðum.

Lengd eða fjarlægð að viðkomandi svæði skal gefin upp á undirmerki *802.1 Fjarlægð* eða *804.1 Lengd gildissvæðis*.

## 13. gr.

*115 Skert vegsýn vegna veðurs.*

Heimilt er að nota merkið til að vara við sérstakri hættu á skertri vegsýn vegna veðurskilyrða.

Merkið er fyrst og fremst notað sem breytilegt umferðarmerki en heimilt er að nota það sem hefðbundið merki þar sem veghaldari telur þörf á.

## 14. gr.

*116.1 Sleipur vegur.*

Heimilt er að nota merkið á vegarkafla þar sem sérstök hættu er á að vegur sé sleipur eða háll, svo sem á brúm með timburgólfi, vegarköflum með háu tjöruinnihaldi á yfirborði og vegarköflum með mikilli lausamöl.

Undirmerki *848.5 Hált í bleytu* er heimilt að nota ef við á.

Óheimilt er að nota merkið til að vara við hefðbundinni hálkumyndun eða ísingu. Í slíkum tilvikum skal nota merkið *116.2 Ísing á vegi*.

## 15. gr.

*116.2 Ísing á vegi.*

Heimilt er að nota merkið til að vara við sérstakri hættu á hálkumyndun vegna ísingar. Sé hættan tíma- eða árstíðabundin skal merkið ekki standa uppi utan þess tíma.

## 16. gr.

*117.1 Há slitlagsbrún.*

Heimilt er að nota merkið þar sem hættu er talin stafa af hæð slitlagsbrúnar við vegöxl. Merkið er einungis ætlað til tímabundinnar notkunar en ekki til að vara við viðvarandi ástandi.

## 17. gr.

*117.2 Ótryggur vegkantur.*

Heimilt er að nota merkið til að vara við ótryggum vegkanti fyrir þung ökutæki.

## 18. gr.

*120 Bryggjusvæði.*

Merkið skal nota á bryggjusvæði sem opið er fyrir almenna umferð.

Heimilt er að nota merkið til að vara við bryggjusvæði sem lokað er fyrir almenna umferð ef ástæða þykir til.

## 19. gr.

*122 Jarðgöng.*

Merkið skal nota áður en komið er að jarðgöngum sem ekki eru merkt með sérstakri upplýsingatöflu. Fjarlægðar að jarðgöngunum skal getið á undirmerki *802.1 Fjarlægð* ef vegsýn er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu.

## 20. gr.

*124 Hættuleg vegamót.*

Merkið skal nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð frá hægri hefur forgang og:

- takmörkuð vegsýn á vegamótin getur komið vegfarendum á óvart, eða
- sýn á hliðarveg er takmörkuð á vegamótunum,
- þar sem slysi á fólki hafa verið skráð á vegamótunum, jafnvel þó að vegsýn að vegamótum og á hliðarveg sé nægileg,
- eða þar sem aðrar aðstæður mæla sérstaklega með.

Í þéttbýli er merkið aðeins notað þar sem sérstakar aðstæður mæla með því.

Fjarlægðar að vegamótum skal getið á undirmerki *802.1 Fjarlægð*. Ef vegsýn er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu skal að auki hafa merkið með *802.1 Fjarlægð* í 500 m fjarlægð.

## 21. gr.

*125 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.*

Merkin er heimilt að nota áður en komið er að vegamótum á vegi þar sem umferð á vegi hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi.

Forgangur umferðar á vegi skal gefinn til kynna með merki *202 Biðskylda* eða *204 Stöðvunar-skylda* á hliðarvegi.



## 22. gr.

*126 Hringtorg.*

Merkið skal nota með undirmerki *802.1 Fjarlægð* áður en komið er að hringtorgi utan þéttbýlis. Heimilt er að nota merkið innan þéttbýlis þar sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á hringtorgi.

## 23. gr.

*132 Umferðarljós.*

Merkið skal nota með undirmerki *802.1 Fjarlægð* áður en komið er að umferðarljósum utan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri. Merkið skal einnig nota utan þéttbýlis þar sem vegsýn að umferðarljósunum er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu.

Heimilt er að nota merkið annars staðar þar sem ástæða er til að vara við umferðarljósum fram undan svo sem innan þéttbýlis þar sem sýn er skert eða til að vara við tímabundnum umferðarljósum, s.s. vegna framkvæmda, í samræmi við nánari ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg* og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

Heimilt er að nota merkið til að vara við að merkt gangbraut með gangbrautarljósum sé fram undan.

Æskileg staðsetning merkisins er 300 m áður en komið er að umferðarljósum.

## 24. gr.

*140 Gangbraut.*

Merkið skal nota utan þéttbýlis áður en komið er að gangbraut sem ekki er á vegamótum og áður en komið er að gangbraut sem á vegamótum þverar veg þar sem umferð á aðalveginum er í forgangi gagnvart umferð á hliðarvegum. Merkið skal staðsett 150–200 m áður en komið er að gangbraut og fjarlægðin tilgreind á undirmerki *802.1 Fjarlægð*.

Innan þéttbýlis er heimilt að nota merkið áður en komið er að gangbraut sem ekki sést nógu vel eða umhverfi vegarins gefur ekki nægjanlega skýrt til kynna að þar megi vænta gangandi vegfarenda. Merkið skal staðsett 50–100 m áður en komið er að gangbraut og fjarlægðin tilgreind á undirmerki *802.1 Fjarlægð*.

Óheimilt er að nota merkið áður en komið er að gangbraut þar sem umferð er stýrt með umferðarljósum. Í slíkum tilvikum er heimilt að nota merkið *132 Umferðarljós*.

Óheimilt er að nota merkið áður en komið er að gangbraut á upphækkun. Í slíkum tilvikum er heimilt að nota merkið *109 Hraðahindrun*.

## 25. gr.

*141 Gangandi vegfarendur.*

Merkið skal nota utan þéttbýlis þar sem vegsýn að umferð gangandi vegfarenda er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu og hraði umferðar er að jafnaði 80 km/klst. eða hærri.

Heimilt er að nota merkið á öðrum stöðum þar sem gera má ráð fyrir meiri gangandi umferð en alla jafna er á vegum, t.d. á bæjarhlöðum, eða þar sem af öðrum ástæðum er þörf á að vara við umferð gangandi vegfarenda.

Ef merkið er notað þar sem vænta má umferðar sjón- eða heyrnarskertra vegfarenda skal auðkenna það með viðeigandi undirmerkjum, *840.1 Sjónskertir vegfarendur* eða *840.2 Heyrnarskertir vegfarendur*.

## 26. gr.

*142 Börn.*

Merki þetta skal nota þar sem öikumenn þurfa að sýna sérstaka aðgæslu í grennd við skóla, leikvelli eða aðra slíka staði þar sem vænta má barna á ferð. Ástæðu viðvörunar, svo sem „Börn á leið“ og úr skóla“, „Skóli“ eða „Leikvöllur“, má letta á undirmerki *808.1 Texti*.

## 27. gr.

*144 Hjólandi vegfarendur.*

Merkið skal nota þar sem vegsýn að stað sem varað er við er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu og leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri.

Merkið skal nota utan þéttbýlis áður en komið er að þverun hjólastígs yfir veg sem ekki er á vegamótum eða þar sem hjólreiðamenn þurfa að nota hluta akbrautar við þröngar aðstæður. Merkið skal nota þar sem umferð á aðalvegi er í forgangi gagnvart umferð á hliðarvegi. Merkið skal staðsett 150–200 m áður en komið er að þverun hjólastígs yfir veg og fjarlægðin tilgreind á undirmerki 802.1 *Fjarlægð*.

Innan þéttbýlis er heimilt að nota merkið áður en komið er að þverun hjólastígs yfir veg sem ekki er á vegamótum eða þar sem hjólreiðamenn þurfa að nota hluta akbrautar við þröngar aðstæður. Merkið skal staðsett 50–100 m áður en komið er að þverun hjólastígs yfir veg og fjarlægðin tilgreind á undirmerki 802.1 *Fjarlægð*.

Óheimilt er að nota merkið áður en komið er að þverun hjólastígs yfir veg þar sem umferð er stýrt með umferðarljósum. Merki 132 *Umferðarljós* skal nota við slíkar aðstæður eftir því sem við á.

Óheimilt er að nota merkið þar sem umferð hjólandi vegfarenda er í forgangi gagnvart umferð vélknúinna ökutækja. Þar sem þörf er á að áréttu forgang umferðar hjólandi gagnvart umferð vélknúinna ökutækja skal nota merkið 202 *Biðskylda*.

## 28. gr.

*146 Dýr.*

Heimilt er að nota merkið á vegarköflum þar sem sérstök ástæða er til að vara við dýrum á vegsvæði. Ef hættan er tíma- eða árstíðabundin skulu merkin ekki standa uppi utan þess tíma.

Heimilt er að nota myndir eftirtalinnna dýra á merkið: Sauðfé, hestar, nautgripir, hreindýr, fuglar með ófleyga unga og kanínur.

Vegagerðin getur heimilað að myndir af öðrum dýrum séu notuð á viðvörðunarkerki. Myndtákn af dýrum sem hlotið hafa samþykki Vegagerðarinnar skal getið í teikningum á heimasíðu Vegagerðarinnar.

## 29. gr.

*148 Tvístefnuakstur.*

Utan þéttbýlis eða þar sem hraði umferðar er að jafnaði 60 km/klst. eða hærri, ber að nota merkið þar sem vegarkafli með tvístefnuakstri kemur í beinu framhaldi af einstefnuakstursvegi, vegi með aðskildum akstursstefnum eða við aðrar aðstæður þar sem hætta er á misskilningi varðandi akstursstefnur.

Þegar merkið er notað þar sem hraði umferðar er að jafnaði 60 km/klst. eða hærri, skal það sett upp að lágmarki 100 m áður en komið er að vegarkafli með tvístefnuakstri.

Heimilt er að nota merkið á öðrum stöðum þar sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á tvístefnuakstri.

Merkið skal nota þar sem unnið er að framkvæmdum á eða við veg í samræmi við nánari ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar*.

## 30. gr.

*149 Umferðartaflir.*

Heimilt er að nota merkið til að vara við umferðartöflum, sérstaklega á vegum þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri eða þar sem vænta má myndun biðraða og vegsýn er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu.

Merkið skal almennt nota sem breytilegt umferðarmerki en þó er heimilt að nota það sem hefðbundið umferðarmerki á stöðum þar sem oft myndast biðraðir.

Óheimilt er að nota merkið áður en komið er að ljósastýrðum vegamótum eða gangbrautum nema þess sé sérstaklega þörf. Almennt skal við slíkar aðstæður nota merkið 132 *Umferðarljós* eða 140 *Gangbraut*.

31. gr.

*150 Lágflug.*

Heimilt er að nota merkið til að vekja athygli á lágflugi loftfara.  
Stefna táknmyndar flugvélar gefur til kynna hvorum megin vegar flugvöllur er.

32. gr.

*152 Svíptivindur.*

Heimilt er að nota merkið þar sem hætta er á svíptivindum sem hafa áhrif á umferðaröryggi.  
Stefna vindbelgsins skal gefa til kynna ríkjandi vindátt. Lengd svæðis skal gefin upp með undirmerki 804.1 *Lengd gildissvæðis.*

33. gr.

*153 Sly.*

Merkið má eingöngu nota sem breytilegt umferðarmerki til að vara við slysi á vegi.

34. gr.

*155 Reiðmenn.*

Merkið skal nota utan þéttbýlis þar sem vegsýn að þverun reiðvegjar yfir veg er skemmri en kemur fram en í sjónlengdartöflu og hraði umferðar er að jafnaði 80 km/klst. eða hærri. Merkið skal staðsett 150–200 m áður en komið er að þverun reiðvegjar og fjarlægðin tilgreind á undirmerki 802.1 *Fjarlægð.*

Heimilt er að nota merkið þar sem reiðvegur liggur það nærri vegi að umferð gæti valdið hættu fyrir reiðmenn eða annars staðar þar sem sérstök ástæða er til að vara við umferð reiðmanna.

35. gr.

*156 Önnur hætta.*

Heimilt er að nota merkið til að vara við hættu sem ekki er getið á sérstöku viðvörunarmerki.  
Ávallt skal nota undirmerki með merkinu sem gerir nánari grein fyrir þeirri hættu.

**Notkun forgangmerkja.**

36. gr.

*Notkun forgangmerkja.*

Óheimilt er að nota undirmerki með forgangsmerkjum, önnur en þau sem sérstaklega eru tilgreind í eftirfarandi greinum.

37. gr.

*202 Biðskylda.*

Merkið skal nota þar sem ökumanni ber að veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.  
Þar sem merkið er sett upp skal ávallt nota yfirborðsmerkingu 1022 *Biðskyldumerking* nema annað sé tekið fram eða á vegum með malarslitlagi.

Ávallt skal setja upp merki um biðskyldu við eftirfarandi aðstæður:

- Þar sem ekið er inn á aðalbraut frá hliðarvegi eða annars staðar þar sem veita skal umferð á vegi forgang.
- Þar sem ekið er inn á veg sem merktur hefur verið með viðvörunarmerkinu 125 *Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.*
- Við allar aðkomur að hringtorgi og þá með merki 406 *Hringtorg.*
- Þar sem ekið er inn á veg, þar sem vegfarandi sem á að veita forgang á vegamótum sér ekki vegamótin í þeirri fjarlægð sem skilgreind er í sjónlengdartöflu eða ef forgangur á vegamótunum er óljós af öðrum ástæðum.
- Við ljósastryð vegamót, til að gefa til kynna forgang, verði umferðarljós óvirk. Ekki skal nota yfirborðsmerkingu 1022 *Biðskyldumerking* við ljósastryð vegamót enda er þar notuð yfirborðsmerking 1020 *Stöðvunarlína.*
- Þar sem komið er að hjólastíg eða sameiginlegum göngu- og hjólastíg sem hefur forgang gagnvart vegi sem ekið er eftir. Heimilt er að nota undirmerki 826.1 *Umferð hjólandi vegfarenda úr báðum áttum* í slíkum tilfellum.

- g. Þar sem komið er að sérstakri akbraut hópbifreiða í almenningsakstri sem hefur forgang gagnvart vegi sem ekið er eftir. Heimilt er að nota undirmerki *826.2 Umferð hópbifreiða í almenningsakstri úr báðum áttum* í slíkum tilfellum.

Heimilt er nota merki um biðskyldu til áréttingar þar sem ekið er inn á veg frá bifreiðastæði, lóð eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða þar sem ekið er yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg sé það ekki augljóst af aðstæðum hvernig forgangi er háttað og talið að það hafi neikvæð áhrif á umferðaröryggi að sleppa merkingu. Ekki er nauðsynlegt að nota yfirborðsmerkingu *1022 Biðskyldumerking* í þeim tilfellum.

Merkið skal setja upp sem næst vegamótum. Þar sem merkið stendur með *1022 Biðskyldumerking* skal merkið standa sem næst línunni.

Lágmarka skal notkun annarra merkja með merkinu. Ef merkið er notað með merki um gangbraut við gatnamót eða hringtorg skal merki um *516 Gangbraut* vera ofar merki um *202 Biðskyldu*.

Þar sem vara þarf við biðskyldu, svo sem ef vegsýn að biðskyldu er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu, skal það gert með *202 Biðskyldu* og undirmerki *802.1 Fjarlægð* en *824 Stöðvunarskylda fram undan* fyrir stöðvunarskyldu. Ekki skal með þessum hætti vara við biðskyldu á hringtorgum eða ljósastýrðum vegamótum, heldur með viðeigandi viðvörunarmerkjum.

#### 38. gr.

##### *204 Stöðvunarskylda.*

Merkið skal setja við vegamót þar sem öikumönnum ber skilyrðislaust að nema staðar og veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang. Merkið skal setja upp sem næst vegamótum. Þar sem merkið er sett upp skal ávallt nota yfirborðsmerkingu *1020 Stöðvunarlína* nema á vegum með malar-slitlagi. Merkið skal standa sem næst línunni.

Merkið skal einungis notað þar sem öryggissjónarmið mæla með notkun stöðvunarskyldu fremur en biðskyldu. Utan þéttbýlis skal nota merkið þar sem sérstakar aðstæður krefjast, t.d. þar sem vegsýn er takmörkuð eða eðli vegamóta eða umferðar er þannig að þörf sé á skilyrðislausri stöðvunarskyldu enda liggi fyrir samþykki viðkomandi lögreglustjóra.

Þar sem vara þarf við stöðvunarskyldu, svo sem ef vegsýn að stöðvunarskyldu er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu, skal það gert með merki *202 Biðskylda* og undirmerki *824 Stöðvunarskylda fram undan*.

#### 39. gr.

##### *206 Aðalbraut.*

Heimilt er að nota merkið á vegi sem hefur forgang gagnvart vegum sem tengjast honum eða þvera hann. Merkið skal sett upp þar sem aðalbraut byrjar svo og við vegamót eftir því sem þurfa þykir enda séu merkin *202 Biðskylda* eða *204 Stöðvunarskylda* sett við hliðarvegi.

Merkja skal aðalbrautir með merki *206 Aðalbraut* og með merki *723.13 Vegnúmer*:

- sitt hvorum megin 300–1.000 m frá vegamótum við þjóðvegi utan þéttbýlis fyrir umferð sem ekur frá vegamótunum. Ef tvö eða fleiri vegamót við þjóðvegi eru á 3 km kafla eða styttri skal merkja þau eins og um ein vegamót væri að ræða, þ.e. með merki út frá vegamótum í endum kaflans og merkjum á milli þeirra sleppt,
- áður en komið er að vegamótum við þjóðveg utan þéttbýlis í 500–1.000 m fjarlægð ef vegalengd frá síðasta aðalbrautarmerki er meiri en 20 km,
- fyrir báðar akstursstefnur með að jafnaði 15 km millibili. Ef fjarlægð frá síðasta aðalbrautarmerki er meiri en 30 km, nema þar sem vegur liggur um óbyggð svæði og engin biðskyldumerki eru fyrir hendi, skal setja merki 500–1.000 m áður en komið er að fyrsta afleggjara með biðskyldumerki.

Við vegi sem tengjast aðalbrautum skal setja merkið *202 Biðskylda* eða *204 Stöðvunarskylda*. Það á við um þjóðvegi og skýrt afmarkaða afleggjara með almennri umferð s.s. að húsum/býlum í byggð, við orlofshúsabyggð, samkomustaði, malarnámur með mikla umferð, ferðamannastaði o.þ.h.

Heimilt er að setja merkið upp með merki *362 Sérstök takmörkun hámarkshraða* og skal forgangsmerki í slíkum tilvikum vera undir bannmerki.

Heimilt er að nota merkið án vagnnumers en með merki *815 Leið aðalbrautar á vegamótum* til að skýra legu aðalbrautar á vegamótum.

## 40. gr.

*208 Aðalbraut endar.*

Merkið skal nota þegar vegur, sem merktur hefur verið sem aðalbraut, hættir að njóta forgangs gagnvart vegum sem tengjast honum eða þvera hann.

Ekki er nauðsynlegt að nota merkið þar sem umferð á aðalbraut ber í stökum tilvikum að veita annarri umferð forgang, svo sem við vegamót tveggja aðalbrauta, eða fléttuakstur við samruna akreina, enda séu slík tilvik gefin til kynna með viðeigandi forgangsmerkjum. Heimilt er að nota merkið ásamt undirmerki 802.1 *Fjarlægð* nokkru áður en aðalbraut lýkur.

## 41. gr.

*212 Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang.*

Heimilt er að setja upp merkið áður en komið er að vegarkafli þar sem umferð getur ekki mæst og skylt er að veita umferð sem kemur á móti forgang. Merkið má einungis setja upp þar sem vegsýn eftir veginum í framhaldi af merkinu er jöfn eða meiri en kemur fram í sjónlengdartöflu eða hinn einbreiði vegarkafli er allur sýnilegur frá staðsetningu merkisins.

Þar sem vegsýn að merkinu er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu og hraði umferðar er hærri en 60 km/klst., skal vara við því með sama merki og undirmerki 802.1 *Fjarlægð*.

Lengd kafla skal gefin upp á undirmerki 804.1 *Lengd gildissvæðis* ef kaflinn er lengri en 50 m.

Setja skal upp merkið 214 *Umferð á móti veitir forgang* í gagnstæða akstursstefnu við hinn enda vegarkafli eða hindrunar.

## 42. gr.

*214 Umferð á móti veitir forgang.*

Merkið er notað við enda vegarkafli þar sem umferð getur ekki mæst og merkið 212 *Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang* hefur verið sett upp í gagnstæða akstursstefnu við hinn endann.

Þar sem vegsýn að merkinu er styttri en kemur fram í sjónlengdartöflu og hraði umferðar er hærri en 60 km/klst., skal vara við því með 106 *Vegur mjókkar*.

Után þéttbýlis skal merkið staðsett minnst 50 m áður en komið er að vegarkafnanum. Ef kaflinn er lengri en 50 m skal lengd hans gefin upp á undirmerki 804.1 *Lengd gildissvæðis*.

## 43. gr.

*216 Fléttuakstur.*

Merkið má einungis nota á vegum með aðgreindar akstursstefnur.

Merkið er staðsett þar sem fléttun byrjar. Óheimilt er að nota deililínu á milli akreina sem renna saman með fléttun. Svæði sem fléttuakstur fer fram skal vera með fullri breidd tveggja akreina í að minnsta kosti 100 m eftir merkið en 150 m ef leyfilegur hámarkshraði á veginum er 80 km/klst. og 200 m fyrir hærri hámarkshraða. Ef svæðið kemur strax eftir ljósastýrð vegamót eða hringtorg má stytta vegalengd þess allt niður í 50 m.

Á fjölakreina vegi má einungis setja merkið upp þeim megin akbrautar sem er nær sameiningu akreinanna. Séu einungis tvær akreinar í sömu akstursstefnu skal merkið sett upp beggja vegna þeirra.

Á vegum með hámarkshraða 90 km/klst. eða hærri skal vara við fléttuakstri fram undan 200–300 m áður með 216 *Fléttuakstur* og undirmerki 802.1 *Fjarlægð*. Heimilt er að vara við fléttuakstri annars staðar þar sem ástæða þykir til.

**Notkun bannmerkja.**

## 44. gr.

*Almennt um notkun bannmerkja.*

Bannmerki skal setja upp þar sem viðkomandi bann á að taka gildi, að jafnaði við hægri brún vegar. Heimilt er, þar sem sérstök ástæða er til, að setja bannmerki upp við báðar hliðar akbrautar. Þar sem umferð er í sömu átt á tveimur eða fleiri akreinum vegar, skulu bannmerki sett upp beggja vegna vegar verði því við komið. Þar sem bann gildir aðeins um viðkomandi akrein er heimilt er að staðsetja bannmerki ofan akbrautar og er þá ekki nauðsynlegt að setja merki við hlið vegar.

Heimilt er að nota undirmerki með bannmerki. Sé undirmerki notað með bannmerki um að bann taki gildi fram undan skal setja bannmerki án undirmerkis upp þar sem bannið tekur gildi.

Þegar veitt er undanþága frá gildi bannmerkis fyrir sérstaka tegund vegfaranda eða umferðar, skal það gert með undirmerki *808.4 Texti* með textanum „Nema“ og heiti tegundar umferðar og/eða tákni umferðar.

Þegar veitt er undanþága frá gildi bannmerkis með undirmerki, má undanþágan ekki vera þess eðlis að hægt sé að gefa bannið til kynna með öðru bannmerki án undirmerkis.

Bannmerki eru því aðeins gild að þau séu sjálfstæð merki eða notuð á akreina-merkjum eða öðrum viðeigandi sérreglumerkjum. Bannmerki sem fram koma á vegvísunum eða upplýsingamerkjum, svo sem upplýsingatöflum eða bráðabirgðamerkjum, öðrum en bráðabirgða akreina-merkjum, skulu einungis vera til upplýsingar og áréttingar um gildandi bönn en kveða ekki með sjálfstæðum hætti á um tiltekin bönn. Óheimilt er að birta bannmerki á öðrum tegundum umferðarmerkja.

#### 45. gr.

##### *302 Innakstur bannaður.*

Merkið skal nota þar sem akstur hvers konar ökutækja er bannaður inn á veg. Merkið er annars vegar notað með merki *526 Einstefna* í gagnstæða akstursstefnu við hinn enda vegarkafans og hins vegar stakt, án þess að merki um einstefnu sé notað með því.

Heimilt er að setja merkið upp beggja vegna vegar til að vekja athygli á innakstursbanni.

Sé ákveðinni tegund umferðar, þá helst reiðhjólum, veitt undanþága frá innakstursbanni með undirmerki skal upplýsa um undanþáguna með sama undirmerki við einstefnumerkið.

#### 46. gr.

##### *306.0 Allur akstur bannaður.*

Merkið skal nota þar sem akstur hvers konar ökutækja er bannaður í báðar akstursáttir. Merkið skal setja upp við allar aðkomur að því svæði sem merkinu er ætlað að ná yfir.

Heimilt er að vara við banninu með merki *306.0 Allur akstur bannaður* og undirmerki *802.1 Fjarlægð*. Óheimilt er að takmarka gildissvið eða veita undanþágur frá merkinu með undirmerki. Þó er heimilt að rita skýringu lokunar á undirmerki *808.1 Texti*.

Óheimilt er að nota önnur undirmerki.

Ef ætlunin er að takmarka gildi banns skal nota merki *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður* með viðeigandi undanþágum á undirmerki *808.1 Texti*.

#### 47. gr.

##### *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð. Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki *802.1 Fjarlægð*, *804.1 Lengd gildissvæðis* eða *808.1 Texti*. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

#### 48. gr.

##### *306.2 Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla, bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð vélknúinna ökutækja annarra en tvíhjóla er bönnuð.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður*.

#### 49. gr.

##### *306.3 Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð hægfara dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla er bönnuð.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður*.

50. gr.

*306.41 Akstur léttra bifhjóla bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð léttra bifhjóla er bönnuð.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

51. gr.

*306.42 Akstur bifhjóla bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð bifhjóla er bönnuð.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

52. gr.

*306.43 Akstur torfærutækja á beltum bannaður.*

Merki skal nota þar sem umferð torfærutækja á beltum er bönnuð.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

53. gr.

*306.5 Akstur vörubifreiða bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð vörubifreiða er bönnuð.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

54. gr.

*306.6 Hjólreiðar bannaðar.*

Merkið skal nota þar sem hjólreiðar eru bannaðar.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

55. gr.

*306.7 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð.*

Merkið skal nota þar sem umferð gangandi vegfarenda er bönnuð.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

56. gr.

*306.8 Umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðar bannaðar.*

Merkið skal nota þar sem umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er bönnuð.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

57. gr.

*306.9 Umferð reiðmanna og rekstur hrossa bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð reiðmanna og rekstur hrossa er bannaður.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

58. gr.

*306.10 Akstur hópþbifreiða bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð hópþbifreiða er bönnuð.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.*

59. gr.

*308 Akstur ökutækja með hættulegan farm bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð ökutækja með hættulegan farm er bönnuð. Ef bannið nær aðeins til tiltekins farms skal tiltaka ADR-flokkun samkvæmt *reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi*, á undirmerki *808.1 Texti*.

Heimilt er að gefa upp lengd að stað eða lengd svæðis með undirmerki *802.1 Fjarlægð*, *804.1 Lengd gildissvæðis* eða *808.1 Texti*.

## 60. gr.

*309 Akstur ökutækja með vatnsspillandi farm bannaður.*

Merkið skal nota þar sem umferð ökutækja með vatnsspillandi farm er bönnuð. Ef bannið nær aðeins til tiltekins farms skal tiltaka ADR flokkun samkvæmt *reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi, á undirmerki 808.1 Texti*.

Heimilt er að gefa upp lengd að stað eða gildissvæði með undirmerki *802.1 Fjarlægð, 804.1 Lengd gildissvæðis eða 808.1 Texti*.

## 61. gr.

*312 Takmörkuð breidd ökutækja.*

Merkið skal nota þar sem breidd ökutækja er takmörkuð umfram það sem heimilt er samkvæmt *reglugerð um stærð og þyngd ökutækja*.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki *802.1 Fjarlægð, 804.1 Lengd gildissvæðis eða 808.1 Texti*. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda breidd í metrum með einum aukastaf. Þannig er 2,2 m takmörkuð breidd ökutækja táknuð með *312-22*.

## 62. gr.

*314 Takmörkuð hæð ökutækja.*

Merkið skal nota þar sem hæð ökutækja er takmörkuð umfram það sem heimilt er samkvæmt *reglugerð um stærð og þyngd ökutækja*, við allar órafmagnaðar hindranir sem hafa fría hæð lægri en 5,15 m og rafmagnaðar hindranir sem hafa fría hæð lægri en 6,15 m.

Tölugildi merkisins skal aldrei vera hærra en 25 cm lægra en frí hæð, námundað niður að næsta heila tugi sentimetra. Tölugildi merkisins skal þó aldrei vera hærra en 4,2 m.

Nota skal undirmerki *808.1 Texti* með textanum „Háspenna – lífshætta“ þegar varað er við háspennulínunum.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerkinu *802.1 Fjarlægð, 804.1 Lengd gildissvæðis eða 808.1 Texti*. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda hæðartakmörkun í metrum með einum aukastaf. Þannig er 4,2 m hæðartakmörkun táknuð með *314-42*.

## 63. gr.

*315 Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja.*

Minnsta leyfilega bil milli vélknúinna ökutækja skal tilgreint í heilum metrum á merkinu.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreint bil milli ökutækja í metrum. Þannig er 50 m bil milli ökutækja táknað með *315-50*.

## 64. gr.

*316 Takmörkuð lengd ökutækja.*

Merkið skal nota þar sem lengd ökutækja er takmörkuð umfram það sem heimilt er samkvæmt *reglugerð um stærð og þyngd ökutækja*.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki *802.1 Fjarlægð, 804.1 Lengd gildissvæðis eða 808.1 Texti*. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda takmörkun í heilum metrum. Þannig er 10 m takmörkuð lengd ökutækja táknuð með *316-10*.

## 65. gr.

*318.1 Takmörkuð heildarþyngd ökutækja.*

Merkið skal nota þar sem heildarþyngd ökutækja er takmörkuð umfram það sem heimilt er samkvæmt *reglugerð um stærð og þyngd ökutækja*.



Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki *802.1 Fjarlægð*, *804.1 Lengd gildissvæðis* eða *808.1 Texti*. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir punkt) til að tákna tilgreinda takmörkun í heilum tonnum. Þannig er 8 tonna takmörkuð heildarþyngd táknuð með *318.1-08*.

66. gr.

*318.2 Takmörkuð heildarþyngd samtengdra ökutækja.*

Merkið skal nota þar sem heildarþyngd samtengdra ökutækja er takmörkuð umfram það sem sagt er fyrir um í *reglugerð um stærð og þyngd ökutækja*.

Mesta leyfilega heildarþyngd samtengdra ökutækja skal lettuð á merkið. Takmörkunin gildir einnig um einstök ökutæki.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki *802.1 Fjarlægð*, *804.1 Lengd gildissvæðis* eða *808.1 Texti*. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda takmörkun í heilum tonnum. Þannig er 20 tonna takmörkun táknuð með *318.2-20*.

67. gr.

*320 Takmarkaður áþungi.*

Merkið skal nota þar sem áþungi ökutækja er takmarkaður umfram það sem heimilt er samkvæmt *reglugerð um stærð og þyngd ökutækja*.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við með undirmerkinu *802.1 Fjarlægð*, *804.1 Lengd gildissvæðis* eða *808.1 Texti*. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda takmörkun í heilum tonnum. Þannig er 7 tonna takmörkun áþunga táknuð með *320-07*.

68. gr.

*324 Sérstök stöðvunarskylda.*

Merkið skal nota á þeim stað sem ökumanni ber að stöðva ökutæki. Á neðri helming merkisins skal letra skýringu á stöðvunarskyldu.

Þar sem vara þarf við sérstakri stöðvunarskyldu, svo sem ef vegsýn að sérstakri stöðvunarskyldu er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu, skal það gert með merkinu sjálfu og undirmerki *802.1 Fjarlægð*.

69. gr.

*330 Beygja bönnuð.*

Merkið skal setja upp við vegamót þar sem óheimilt er að beygja í þá átt sem merkið vísar.

Heimilt er að setja merkið upp við vegamót til áréttingar þar sem innakstur eða allur akstur er bannaður í tiltekna átt á vegamótunum.

70. gr.

*332 U-beygja bönnuð.*

Merkið skal nota þar sem bannað er að snúa ökutæki við á vegi. Merki sem er sett við vegamót táknað að bannað sé að snúa ökutæki við á þeim vegamótum. Að öðru leyti táknað merkið að bannað sé að snúa ökutæki við frá merki og að næstu vegamótum nema annað komi fram á undirmerki *804.1 Lengd gildissvæðis*.

71. gr.

*334 Framúrakstur bannaður.*

Merkið skal nota utan þéttbýlis þar sem ástæða þykir til s.s. þar sem vegsýn virðist góð fyrir framúrakstur en villandi aðstæður gera hann hættulegan t.d. við útjaðar þéttbýlis, brekkur, blindhæðir, hulin vegamót og þess háttar.

Bannsvæðið hefst þar sem ekið er fram hjá merkinu og lýkur við næstu vegamót eða þar sem því er aflétt með viðeigandi umferðarmerki, nema annað sé tekið fram með undirmerki *804.1 Lengd gildissvæðis*. Ef ekki er augljóst fyrir vegfarendur að bannið sé í gildi skal endurtaka merkið með 500–2.000 m millibili.

Merkinu skal ávallt aflétt með merki *336 Bann við framúrakstri afnumið* eða *380 Afnáam banna* við lok gildissvæðis. Sé lengd bannsvæðis 500 m eða styttri er þó heimilt að sleppa merki um afléttingu, enda sé lengd gildissvæðis tilgreind á merki *804.1 Lengd gildissvæðis*.

Heimilt er að nota merkið innan þéttbýlis en það er aðeins notað í undantekningartilfellum.

72. gr.

*335 Framúrakstur vörubifreiða bannaður.*

Merkið skal nota þar sem vörubifreiðum er bannað að aka fram úr öðrum vélknúnum ökutækjum en tvíhjóla.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun *334 Framúrakstur bannaður*.

73. gr.

*336 Bann við framúrakstri afnumið.*

Merkið skal nota við lok svæðis, lengra en 500 m, þar sem framúrakstur er bannaður með merki *334 Framúrakstur bannaður*. Heimilt er að nota merkið við lok styttri svæða.

Heimilt er að nota merki *380 Afnáam banna* í stað merkisins þar sem aflétta þarf tímabundnu framúrakstursbanni.

74. gr.

*336 Bann við framúrakstri vörubifreiða afnumið.*

Merkið skal nota við lok svæðis, lengra en 500 m, þar sem framúrakstur vörubifreiða er bannaður með merki *335 Framúrakstur vörubifreiða bannaður*. Heimilt er að nota merkið við lok styttri svæða.

Heimilt er að nota merki *380 Afnáam banna* í stað merkisins þar sem aflétta þarf tímabundnu framúrakstursbanni.

75. gr.

*362 Sérstök takmörkun hámarkshraða.*

Merkið skal nota á vegum þar sem leyfilegur hámarkshraði er annar en lögbundinn hámarkshraði.

Heimilt er að nota merkið til að minna á lögbundinn hámarkshraða.

Þar sem annar hámarkshraði en lögbundinn hámarkshraði á að gilda í kjölfar *544 Þéttbýli* eða *546 Þéttbýli lokið*, skal merkið sett upp 30–60 m frá þessum merkjum.

Merkið skal endurtekið 50–100 m frá öllum stærri vegamótum og aðreinum.

Sérstakri takmörkun hámarkshraða er aflétt með *364 Sérstök takmörkun hámarkshraða afnumin*, *380 Afnáam banna* eða með nýrri hraðatakmarkun.

Nota má tvo stafí í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreindan hámarkshraða. *362-50* táknar t.d. merki fyrir hámarkshraða 50 km/klst.

76. gr.

*364 Sérstök takmörkun hámarkshraða afnumin.*

Merkið er notað til að afnema sérstaka takmörkun hámarkshraða, þar sem við tekur lögbundinn hámarkshraði. Nota má merkið *362 Sérstök takmörkun hámarkshraða* með nýjum leyfilegum hámarkshraða í stað merkisins.

Nota má tvo stafí í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreindan hámarkshraða. *364-50* táknar t.d. merki fyrir þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða, 50 km/klst., er afnumin.

77. gr.

*370 Bannað að stöðva ökutæki.*

Merkið er notað þar sem nauðsynlegt er vegna umferðaröryggis eða umferðarflæðis að banna stöðvun og lagningu ökutækja.

Undirmerki 804.1 *Lengd gildissvæðis* er notað með merkinu til að merkja framúrakstursvasa á vegamótum utan þéttbýlis.

Undirmerki 808.5 er notað með merkinu til að gefa til kynna sérstakt stæði til vöruafgreiðslu.

Um merkið gilda sömu reglur og um notkun merkisins 372 *Bannað að leggja ökutæki*.

78. gr.


372 *Bannað að leggja ökutæki*.

Merkið er notað þar sem bannað er að leggja ökutæki.

Bannið gildir þeim megin vegar sem merkið stendur, í akstursstefnu frá þeim stað þar sem merkið stendur og að næstu vegamótum nema annað sé gefið til kynna með undirmerki, öðru bannmerki svo sem 370 *Bannað að stöðva ökutæki* eða sérreglumerki til dæmis og 552.1 *Bifreiðastæði*. Merkið skal vera tvíhliða, þ.e. fram og bakhlið merkisins skal vera eins, þar sem bannið gildir beggja vegna merkisins.

Ef bannið á ekki að ná að næstu vegamótum skal setja upp merkið með undirmerki 828.1 eða 828.8 *Gildissvæði* á þeim stað þar sem banninu á að ljúka. Ef bannið nær aðeins um skamman veg, þ.e. styttra en 25 m, frá vegamótum er heimilt í sérstökum tilvikum, að sleppa merki sem markar upphaf svæðisins eða sleppa merki sem markar lok svæðis en nota þess í stað eitt merki með undirmerki 804.1 *Lengd gildissvæðis* sem tilgreinir fjarlægðina við upphaf svæðis. Utan þéttbýlis er heimilt að nota undirmerki 804.1 *Lengd gildissvæðis* fyrir lengra svæði ef augljóst er af aðstæðum til hvaða svæðis bannið nær.

Bannið skal árétta með tvíhliða merki innan bannsvæðisins ef þörf er á svo sem ef um langan vegarkafila er að ræða, ekki sést að merkinu eða ef aðstæður eru villandi. Undirmerki 828.5, 828.6 eða 828.9 *Gildissvæði* er notað með merkinu í slíkum tilfellum nema ef það stendur strax í kjölfarið á afmörkuðum bifreiðastæðum.



L, táknar lengd gildissvæðis. L\* er að hámarki 25 m.

Undirmerki 806.1 *Gildistími* er notað með merkinu til að gefa til kynna gildistíma bannsins. Gildistími mismunandi notkunar má ekki skarast. Sé mismunandi notkun eftir tíma dags er sú notkun sem er meira takmarkandi höfð ofar.

Sé undirmerki 808.5 *Texti* um stæði fyrir vöruafgreiðslu notað með merkinu geta aðrir en þeir sem sinna vöruflutningum stöðvað í stæðinu svo sem til að hleypa farþega inn eða út en óheimilt er að leggja í stæðinu.

Nái bannið aðeins til tiltekinna tegunda ökutækja skal nota undirmerki með upplýsingum um tegund ökutækja. Þegar bannað er að leggja ökutækjum á tilteknum dögum eða tilteknum tíma dags eða lengur en t.d. 30 mín. skal letra um það upplýsingar á undirmerki 806.1 *Gildistími* eða 831.1 *Hámarkstími*.

Ekki skal nota merkið, nema í undantekningartilfellum, til að merkja svæði þar sem bannað er að leggja ökutæki skv. umferðarlögum.

79. gr.

*380 Afnám banna.*

Heimilt er að nota merkið við tímabundnar takmarkanir á svæði þar sem annars þyrfti að nota tvö eða fleiri merki til afléttingar á sérstökum takmörkunum, svo sem á hámarkshraða og banni við framúrakstri fyrir á svæðinu.

Merkið skal ekki nota til að afnema bann við stöðvun eða lagningu ökutækja.

**Notkun boðmerkja.**

80. gr.

*Almennt um notkun boðmerkja.*

Heimilt er að nota undirmerki til að skýra, takmarka eða veita undanþágur frá boðmerki.

81. gr.

*402 Akstursstefnumerki.*

Óheimilt er að nota akstursstefnumerki til leiðbeiningar þar sem lega vegar býður ekki upp á aðrar akstursstefnur.

Akstursstefnumerki 402.1, 402.2 og 402.3 skulu staðsett á þeim stað sem þau taka gildi. Önnur akstursstefnumerki skulu staðsett áður en komið er að þeim stað sem þau taka gildi.

82. gr.

*404 Akbrautarkerki.*

Óheimilt er að nota akbrautarkerki til að beina umferð á akrein þar sem vænta má umferðar úr gagnstæðri átt.

83. gr.

*405 Akbrautarkerki.*

Merkið skal nota til að gefa til kynna að heimilt sé að aka hvoru megin merkisins sem er og að akbrautir komi aftur saman.

Óheimilt er að nota merkið þar sem akbrautir greinast að og koma ekki aftur saman í beinu framhaldi. Við slíkar aðstæður skal nota merki 912 *Gát skjöldur á veggreiðingu.*

Óheimilt er að nota merkið til að beina umferð á akrein þar sem vænta má umferðar úr gagnstæðri átt.

84. gr.

*406 Hringtorg.*

Merkið skal nota áður en komið er að hringtorgi. Merkið skal sett upp á hægri kanti aðliggjandi akreinar, þar sem ein akrein liggur að hringtorginu en beggja vegna aðliggjandi akreina, séu þær tvær eða fleiri.

Með merkinu skal ávallt nota merkið 202 *Biðskylda.*

85. gr.

*410, 412, 414, 416 og 418 Stígar.*

Merkið skal nota við stíg eða stíga þar sem þeirri umferð sem tilgreind er á merkinu er ætlað að vera.

Merkið er að jafnaði hægra megin stígs en þó er heimilt að staðsetja það vinstra megin eða á milli stíga ef þörf er á t.d. vegna plássleysis eða ef það er skýrara.

Merkinu skulu sett upp við stíg og endurtekin þar sem þörf er á, t.d. við stærri tengingar.

86. gr.

*455 Lágmarkshraði.*

Merkið er eingöngu heimilt að nota á merkinu 500 *Akreinamerki*, til að gefa til kynna lágsta leyfilega hraða á akrein, einkum á kafla þar sem hægfara umferð á að halda sig á hægri akrein. Við lok kaflans skal sett upp annað akreinamerki án merkisins til að aflétta lágmarkshraða.

**Notkun sérreglumerkja.**

87. gr.

*Almennt um notkun sérreglumerkja.*

Merkin eiga það sameiginlegt að um þau gilda tilteknar sérreglur eða viðurlög ef þau eru ekki virt.

88. gr.

*500 Akreinamerki.*

Akreinamerki eru notuð til að leiðbeina öikumönnum um hvernig akreinar liggja á akbraut og segja til um hvaða akrein öikumenn skuli velja þegar komið er að vegamótum.

Á akreinamerkjum skal sýna allar akreinar í sömu akstursstefnu.

Þar sem aðskilnaður akstursstefna er eingöngu með yfirborðsmerkingu skal sýna allar akreinar í báðar akstursáttir.

Akreinamerkin akrein endar eða akreinar sameinast skal setja upp þar sem breytingar verða á akreinum. Þar sem leyfilegur hámarkshraði er yfir 80 km/klst. skal einnig setja akreinamerki ásamt undirmerki 802.2 *Fjarlægð*, 200–500 m áður en akreinabreytingar verða.

Akreinamerki við vegamót skal að jafnaði setja upp 50–100 m frá vegamótum þar sem breytingar verða á akreinum. Í stað akreinamerkja er hægt að nota 707 *Akreinaleiðatöflu*. Þar sem leyfilegur hámarkshraði er yfir 80 km/klst., skal einnig setja akreinamerki ásamt undirmerki 802.2 *Fjarlægð*, 200–500 m áður en akreinabreytingar verða.

Akreinamerki sem sýna fjölda akreina á akbraut og akstursstefnur, ákvæði um leyfða umferð eða gefa sérstakar leiðbeiningar um eðli umferðar skal setja upp 50–100 m frá akreinabreytingu eða aðrein sem kemur inn á veg.


Akreinamerki sem sýna fjölda akreina á vegi sem ekið er inn á skal nota á aðreinum fjölakreina-vegar um 50–100 m áður en ekið er inn á veginn.

*500F Akreinamerki* vegna framkvæmda eða viðburða á eða við veg.

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal hafa *500 Akreinamerki* í appelsínugulum lit með svörtum örvum í stað blás og hvíts litar, í samræmi við nánari ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar*.

Akreinamerki:

1. Akstursátt umferðar.
2. Akstursátt mótlægrar umferðar.
3. Akrein endar, umferð á akrein beygir til hægri.
4. Akrein endar, umferð á akrein beygir til vinstri.
5. Akrein endar, umferð á akrein sameinast akrein til hægri.
6. Akrein endar, umferð á akrein sameinast akrein til vinstri.
7. Akrein verður að frárein til hægri.
8. Akrein verður að frárein til vinstri.
9. Umferð frá hægri verður að eigin akrein á aðalvegi.
10. Umferð á vegi gerð grein fyrir að umferð frá hægri sameinast akrein.
11. Umferð á aðrein sameinast umferð á vegi sem ekið er inn á.
12. Ný akrein til vinstri verður til.
13. Ný akrein til hægri verður til.



89. gr.

*Akreinamerki ofan akbrautar.*


Heimilt er að nota merkið ofan akbrautar til að gefa til kynna heimilar akstursstefnur á þeirri akrein sem það stendur ofan. Merkið skal sett upp í grennd eða við upphaf þess vegarkafla sem merkið höfðar til.

Akreinamerki ofan akbrautar:


1. Akstursátt umferðar, áfram, ofan akbrautar.
2. Akstursátt umferðar, til hægri, ofan akbrautar.
3. Akstursátt umferðar, til vinstri, ofan akbrautar.
4. Akstursátt umferðar, áfram eða til hægri, ofan akbrautar.
5. Akstursátt umferðar, áfram eða til vinstri, ofan akbrautar.
6. Akstursátt umferðar til hægri eða til vinstri, ofan akbrautar.
7. Akstursátt umferðar, áfram, til hægri eða vinstri, ofan akbrautar.




1



2



3




4



5



6



7

90. gr.

*508 Hópbifreiðar í almenningsakstri.*

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna akrein sem er eingöngu ætluð hópbifreiðum í almenningsakstri.

Merkið er einkum notað á akreinafermi.

91. gr.

*512 Biðstöð hópbifreiða í almenningsakstri.*

Merkið skal nota þar sem ákvæði umferðarlaga um biðstöðvar hópbifreiða í almenningsakstri gilda.

Heimilt er að festa merkið á stöng jafnt sem biðskýli. Heimilt er að birta nánari upplýsingar um biðstöðina svo sem tímatöflur á sömu stöng. Á merkinu er heimilt að birta myndmerki rekstraraðila hópbifreiða í almenningsakstri.

92. gr.

*514 Biðstæði leigubifreiða.*

Heimilt er að nota merkið til að merkja afmarkað svæði sem ætlað er sem biðstæði leigubifreiða.

93. gr.

*516 Gangbraut.*

Merkið skal sett upp við gangbraut beggja vegna akbrautar. Merkið skal sett upp 0,5–1 m áður en komið er að gangbraut úr hvorri akstursstefnu. Heimilt er að setja merkið upp á miðeyju.

Í stað merkinga beggja vegna akbrautar er heimilt að hengja merkið með áberandi hætti yfir akbraut, a.m.k. eitt tvíhliða merki fyrir hvora akstursátt.

Með merkinu skal ávallt nota yfirborðsmerkinguna *1024 Gangbrautarmerking*.

Óheimilt er að setja merkið upp við ljósastýrðar göngubveranir.

Forðast skal að hafa merkið á stöng með öðrum umferðarmerkjum. Ef merkið er notað með öðru merki svo sem um biðskyldu við gatnamót eða hringtorg skal merki um gangbraut vera ofar öðrum merkjum.

94. gr.

*521 Hjólarein.*

Merkið skal nota til að auðkenna hjólarein, sérrein sem ætluð er umferð reiðhjóla og léttra bifhjóla í flokki I.

Hjólarein skal aðgreina frá öðrum akreinum með viðeigandi yfirborðsmerkingu.

Merkið er sett upp við upphaf hjólareinar og endurtekið eftir hver vegamót. Heimilt er að endurtaka merkið milli vegamóta þar sem ástæða er til að vekja athygli á hjólarein t.d. til að koma í veg fyrir að stöðvað sé eða lagt á hjólarein.

Merkið skal staðsett við hægri brún hjólareinar eins nærri reininni og hægt er.

95. gr.

*526 Einstefna.*

Merkið skal sett upp við upphaf einstefnukafla og endurtekið við hver vegamót á kaflanum.

Við vegamót skal með merkinu nota merkið *302 Innakstur bannaður*, til að banna innakstur ökutækja í gagnstæða átt.

Merkið er heimilt að setja upp lóðrétt, á þann hátt að örin vísi upp þegar ekið er í akstursstefnu. Jafnframt er heimilt að setja merkið upp lárétt, á þann hátt að örin vísi til hliðar eftir akstursstefnu þegar ekið er inn á veginn frá vegamótum eða við sambærilegar aðstæður. Velja skal þá uppsetningu sem tryggir best sýnileika merkisins hverju sinni.

Sé ákveðinni tegund umferðar, þá helst reiðhjólum, veitt undanþága frá innakstursbanni með undirmerki skal upplýsa um undanþáguna með sama undirmerki við einstefnumerkið.

96. gr.

*540 Vistgata.*

Merkið skal sett upp við allar innkomur inn á vistgötu. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki *542 Vistgata endar*.

Merkið skal aðeins nota fyrir götu eða svæði þar sem umhverfi og hönnun þess miðast við að gangandi vegfarendur geti notað allt göturýmið og hæðarmunur milli aksturssvæðis og annarra svæða er lítill eða enginn.

Innan vistgötu er heimilt að víkja frá ákvæðum um skyldubundna uppsetningu viðvörunarmerkja.

Innan vistgötusvæðis gildir almennur umferðarréttur. Óheimilt er að setja upp forgangsmerki innan vistgötusvæðis.

97. gr.

*542 Vistgata endar.*

Merkið skal sett upp alls staðar þar sem vistgata endar. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki *540 Vistgata*.

Heimilt er að setja upp merki *202 Biðskylda* eða *204 Stöðvunarskylda* þar sem ekið er út af vistgötu, til áréttingar um að umferð af vistgötu beri að veita annarri umferð forgang.

98. gr.

*544 Þéttbýli.*

Merkið skal nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um þéttbýli gilda.

Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki *546 Þéttbýli lokið*.

Þar sem annar hámarkshraði en lögbundinn hámarkshraði innan þéttbýlis á að gilda í beinu framhaldi af merkinu, skal merki *362 Sérstök takmörkun hámarkshraða* sett upp 30–60 m eftir merkinu.



## 99. gr.

*546 Þéttbýli lokið.*

Merkið skal setja upp þar sem ekið er út af svæði þar sem reglur um þéttbýli samkvæmt umferðarlögum gilda.

Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki *544 Þéttbýli*.

Þar sem annar hámarkshraði en lögbundinn hámarkshraði utan þéttbýlis á að gilda í beinu framhaldi af merkinu, skal merki *362 Sérstök takmörkun hámarkshraða* sett upp 30–60 m eftir merkinu.

## 100. gr.

*548 Göngugata.*

Merkið skal sett upp við allar innkomur inn á göngugötu. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki *550 Göngugata endar*.

Merkið skal aðeins nota fyrir götu eða svæði þar sem umhverfi og hönnun þess miðast við gangandi vegfarendur. Akstur vélknúinna ökutækja er bannaður. Ef banna skal umferð hjólandi vegfarenda í göngugötu er notað merkið *306.6 Hjólreiðar bannaðar*.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að undanskilja tiltekna umferð banninu, svo sem fyrir vörulosun, með undirmerki *808.5 Texti*, til dæmis með textanum „Vöruafgreiðsla heimil“ og gildistíma eða „Akstur að baklóðum heimill“.

## 101. gr.

*550 Göngugata endar.*

Merkið skal sett upp alls staðar þar sem ekið er út af göngugötu. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki *548 Göngugata*.

## 102. gr.

*552.1 Bifreiðastæði.*

Heimilt er að nota merkið til að merkja bifreiðastæði við vegbrún eða til að gefa til kynna að ekið sé inn á afmarkað bifreiðastæði.

Merkið gildir þeim megin vegar sem merkið stendur, í akstursstefnu frá þeim stað þar sem merkið er og að næstu vegamótum nema annað sé gefið til kynna með undirmerki eða öðru sérreglumerki eða bannmerki eins og *370 Bannað að stöðva ökutæki* eða *554 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk*. Merkið skal vera tvíhliða, þ.e. fram og bakhlið merkisins skal vera eins, þar sem bifreiðastæði eru beggja vegna merkisins.

Undirmerki *829 Bifreiðastæði, fyrirkomulag*, má nota með merkinu til að gefa til kynna hvernig leggja skal ökutækjum og *831 Hámarkstími* til að gefa til kynna hámarkstíma sem heimilt er að leggja.

Undirmerki *810 Stefna sem aðalmerki á við* er notað með merkinu til að vísa að bifreiðastæði.

Önnur undirmerki eru notuð með merkinu með sama hætti og með *372 Bannað að leggja ökutæki*.

## 103. gr.

*552.2 Bilastæðahús.*

Heimilt er að nota merkið til að merkja bilastæðahús.

Undirmerki *810 Stefna sem aðalmerki á við* er notað með merkinu til að vísa að bilastæðahúsi.

## 104. gr.

*552.3 Bifreiðastæði með gjaldskyldu.*

Merkið skal nota til að merkja bifreiðastæði við vegarbrún eða til að gefa til kynna að ekið sé inn á afmarkað bifreiðastæði þar sem tekið er gjald fyrir notkun stæðis. Um merkið og undirmerki gilda sömu reglur og fyrir *552.1 Bifreiðastæði*.

Gjaldsvæði skal gefið til kynna með tölustaf á merkinu.

Undirmerki eru notuð með merkinu með sama hætti og með *372 Bannað að leggja ökutæki*.

Heimilt er að nota merkið á svæðismerki 576 *Mörk svæðis þar sem heimilt er að leggja ökutæki* til að gefa til kynna gjaldskyldu innan svæðis.

## 105. gr.

*553 Bifreiðastæði ætlað tilteknnum aðilum.*

Merkið er notað til að merkja bifreiðastæði sem ætlað eru sérstöku ökutæki, samkvæmt 2. mgr. 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Merkið er staðsett við afmarkað bifreiðastæði, við hvert stæði fyrir sig eða við upphaf og lok svæðis með viðeigandi undirmerkjum 828 *Gildissvæði*.

Undirmerki 829 *Bifreiðastæði, fyrirkomulag*, er notað með merkinu til að gefa til kynna hvernig leggja skal ökutækjum og 831 *Hámarkstími* til að gefa til kynna hámarkstíma sem heimilt er að leggja.

## 106. gr.

*554 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk.*

Merkið er notað til að merkja bifreiðastæði sem ætlað er ökutækjum hreyfihamlaðs fólks.

Merkið er staðsett við afmarkað bifreiðastæði, við hvert stæði fyrir sig eða við upphaf og lok svæðis með viðeigandi undirmerkjum 828 *Gildissvæði*.

Undirmerki 829 *Bifreiðastæði, fyrirkomulag*, má nota með merkinu til að gefa til kynna hvernig leggja skal ökutækjum og 831 *Hámarkstími* til að gefa til kynna hámarkstíma sem heimilt er að leggja.

## 107. gr.

*554.3 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk með skráningarkerki bifreiðar.*

Merkið er notað til að merkja bifreiðastæði sem ætlað er tilteknu ökutæki hreyfihamlaðs einstaklings.

## 108. gr.

*555 Neyðarútskot.*

Merkið skal sett upp við neyðarútskot í jarðgöngum. Heimilt er að nota með merkinu undirmerkið 802.2 *Fjarlægð*.

## 109. gr.

*562 Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða.*

Merkið skal sett upp við allar innkomur á svæði með takmörkuðum hámarkshraða. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 563 *Svæði með sérstaka takmörkun hámarkshraða endar*.

Heimilt er að letra á merkið hraða í heilum tugum á bilinu 20–50 km/klst. auk hraðans 15 km/klst.

Óheimilt er að nota merki 362 *Sérstök takmörkun hámarkshraða* innan svæðis með sérstakri takmörkun hámarkshraða, til annars en áréttingar á þeim hraða sem gildir innan svæðisins.

Heimilt er að nota sérreglumerkin 540 *Vistgata* og 548 *Göngugata* innan svæðis með sérstakri takmörkun hámarkshraða. Merkið skal sett upp þar sem vistgata eða göngugata endar innan svæðis með sérstakri takmörkun hámarkshraða.

Nota má tvo stafí í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda takmörkun í km/klst. Þannig er sérstök takmörkun hámarkshraða fyrir 30 km/klst. táknuð með 562-30.

## 110. gr.

*563 Svæði með sérstaka takmörkun hámarkshraða endar.*

Merkið skal sett upp alls staðar þar sem ekið er út af svæði með sérstakri takmörkun hámarkshraða. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 562 *Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða*. Þó er heimilt að staðsetja merkið á bakhlið merkis 562 *Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða* þar sem rými er takmarkað.

Nota má tvo stafí í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda takmörkun í km/klst. Þannig er merki fyrir svæði þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða fyrir 30 km/klst. endar táknað með 563-30.

## 111. gr.

*572 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.*

Merkið er notað við akstursleiðir inn á svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð. Heimilt er að letra nánari upplýsingar um takmörkun á merkið.

Frávik frá svæðisbundinni takmörkun kemur fram með staðbundinni merkingu.

Heimilt er að nota merkið til að merkja snúningshaus og er þá letrað *Snúningshaus* á merkið.

## 112. gr.

*573 Svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð endar.*

Merkið er notað við akstursleiðir út af svæði þar sem takmörkun á að leggja ökutæki endar. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki *572 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð*. Þó er heimilt að staðsetja merkið á bakhlið merkis *572 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð* við merkingu snúningshauss og þar sem rými er takmarkað.

## 113. gr.

*576 Mörk svæðis þar sem heimilt er að leggja ökutæki.*

Merkið er notað við akstursleiðir inn á svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki. Heimilt að gefa til kynna gjaldskyldu bifreiðastæða með því að nota táknmynd merkis *552.3 Bifreiðastæði með gjaldskyldu* á merkið. Heimilt er að letra nánari upplýsingar um takmörkun á heimild til að leggja á merkið.

Frávik frá svæðisbundinni takmörkun kemur fram með staðbundinni merkingu.

## 114. gr.

*577 Svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki endar.*

Merkið er notað við akstursleiðir út af svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki endar. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki *576 Mörk svæðis þar sem heimilt er að leggja ökutæki*. Þó er heimilt að staðsetja merkið á bakhlið merkis *576 Mörk svæðis þar sem heimilt er að leggja ökutæki* þar sem rými er takmarkað.

**Notkun upplýsingamerkja.**

## 115. gr.

*Notkun upplýsingamerkja.*

Veghaldara er heimilt að setja upp upplýsingamerki þar sem nauðsynlegt þykir að koma tilteknum hnitmiðuðum upplýsingum til vegfarenda. Veghaldari skal við slíkt mat stefna að því að lágmarka fjölda upplýsingamerkja sem standa við veg.

Óheimilt er að rita upplýsingar á fleiri en tveimur tungumálum á upplýsingamerki.

Heimilt er að endurtaka upplýsingamerki eftir þörfum. Heimilt er að nota viðeigandi undirmerki með upplýsingamerkjum.

Óheimilt er að nota mynd umferðarmerkja á upplýsingamerki nema til að upplýsa um að sérstakar reglur gildi um umferð. Þar sem sérstakar reglur eiga að gilda skal nota viðeigandi boðmerki, bannmerki, forgangsmerki eða sérreglumerki.

## 116. gr.

*650 Upplýsingatafla.*

Heimilt er að nota upplýsingatöflu þar sem þörf er fyrir upplýsingar sem ekki er unnt að veita með hefðbundnum umferðarmerkjum. Lágmarka skal magn upplýsinga og haga leturstærð í samræmi við umferðarhraða.

*650.1 Upplýsingatafla.*

Heimilt er að nota einfalda upplýsingatöflu *650.1* með upplýsingum til vegfarenda þar sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á vegleið fram undan.

*650.2 Upplýsingatafla fyrir svæði.*

Heimilt er að nota merkið *650.2* með táknrænni mynd af byggð og þjónustu á innvegum.

Merkið er heimilt að setja við veg til nánari upplýsingar fyrir vegfarendur um þjónustu, vegakerfi eða bæjarstæði. Merkið er notað utan þéttbýlis.

Merkið skal setja upp á útskoti á hliðarvegi, 20–50 m frá vegamótum. Þar sem þannig háttar til getur einföld upplýsingatafla 650.3 hentað betur.

*650.3 Upplýsingatafla fyrir bæi.*

Heimilt er að nota einfalda upplýsingatöflu 650.3 með upplýsingum um bæi og þjónustu á hliðarvegi, 20–50 m frá vegamótum.

*650F.4 Upplýsingatafla á framkvæmdasvæði.*

Heimilt er að nota upplýsingatöflu þar sem þörf er fyrir upplýsingar sem ekki er unnt að veita með hefðbundnum umferðarmerkjum. Lágmarka skal magn upplýsinga og haga leturstærð í samræmi við umferðarhraða.

*650F.5 Upplýsingatafla um framkvæmdasvæði.*

Heimilt er að setja upp upplýsingatöflur um framkvæmdasvæði, þ.e. hver framkvæmir, verktaka, magn, upphaf verks, verklok og tilvísanir í nánari upplýsingar. Einnig er verktaka heimilt að setja upplýsingatöflu með heiti verktaka ásamt merki fyrirtækisins á hlutatöflu. Töflurnar skulu staðsettar a.m.k. 1 m utan vegarbrúnar.

*650F.6 Hjáleidd.*

Merkja skal hjáleiddir með merkinu ásamt undirmerkjum til þess að gefa til kynna hentugustu leið fram hjá vinnusvæði.

Bráðabirgðatöflur sem sýna hentuga leið fram hjá tálmunum geta einnig hentað eftir aðstæðum.

117. gr.

*652.1 og 652.2 Snúningssvæði fyrir löng ökutæki.*

Heimilt er að nota merkið til að upplýsa um snúningssvæði fyrir löng ökutæki, svo sem í jarðgöngum.

118. gr.

*652.4 Útskot.*

Heimilt er að nota merkið til að upplýsa um útskot á mjóum vegi þar sem sérstök aðstaða er til að mætast eða aka fram úr.

119. gr.

*652.7 Botngata.*

Heimilt er að nota merkið við upphaf botngötu eða á aðalvegi eftir því sem við á. Á merkinu má gefa til kynna að við enda götunnar sé stígur sem er fær gangandi og/eða hjólandi vegfarendum.

120. gr.

*653.1 Undirgöng.*

Heimilt er að nota merkið til að vísa á gönguleið um undirgöng.

121. gr.

*653.2 Brú.*

Heimilt er að nota merkið til að vísa á gönguleið um brú.

122. gr.

*654.1 Inn og 654.2 Út.*

Heimilt er að nota merkið til að vísa á leið fyrir umferð inn eða út af svæði, svo sem bifreiðastæði.

123. gr.

*655.61 Löggæslumyndavél.*

Heimilt er að nota merkið áður en komið er að sjálfvirkri löggæslumyndavél sem gæti tekið mynd af umferðarlagabroti. Óheimilt er að nota merkið í öðrum tilgangi.

124. gr.

*655.62 Meðalhraðaeftirlit.*

Heimilt er að nota merkið við upphaf kafla þar sem búnaður mælir meðalhraða ökutækis á kaflanum í löggæsluskyni. Óheimilt er að nota merkið í öðrum tilgangi.

Með merkinu skal nota undirmerkið *804.2 Lengd gildissvæðis*.

125. gr.

*655.71 Eftirlitsmyndavél.*

Merkið skal nota þar sem fram fer rafræn vöktun á umferð í löggæslu-, öryggis- eða eignavörsluskyni. Óheimilt er að nota merkið ef búnaðurinn er notaður til að mæla umferðarhraða í löggæsluskyni. Óheimilt er að nota merkið í öðrum tilgangi.

Á merkinu eða á undirmerki skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðarmann vöktunar, í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglna um rafræna vöktun.

126. gr.

*656 Hámarkshraðaupplýsingar.*

Heimilt er að nota merkið til að minna á almennar reglur um hámarkshraða. Merkið er einkum sett upp við stærstu aksturleiðir frá alþjóðlegum flugvöllum og ferjuhöfnum auk helstu akstursleiða út frá höfuðborgarsvæði.

127. gr.

*658 Leiðbeinandi leið fyrir tegund umferðar.*

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna leið sem er til staðar fyrir þá tegund umferðar sem greinir á merkinu.

128. gr.

*659 Rafræn gjaldtaka.*

Merkið skal nota þar sem sjálfvirkt gjald er lagt á umferð með rafrænum hætti s.s. akstursgjald á tiltekinni vegleið, um jarðgöng eða þjónustugjald.

Á merkinu eða á undirmerki skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðarmann vöktunar, í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglna um rafræna vöktun.

129. gr.

*660 Neyðarútgangur.*

Merki *660.1 Neyðarútgangur* skal nota til að merkja neyðarútgang í jarðgöngum.

Merki *660.2* skal nota til að gefa stefnu og fjarlægð í neyðarútgang í jarðgöngum.

130. gr.

*662 Vatnsverndarsvæði.*

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna vegarkafla þar sem ekið er inn á vatnsverndarsvæði. Umferð sem flytur vatnsspillandi efni þarf að sýna sérstaka varúð. Heimilt er að rita lengd svæðis á merkið.

**Notkun vegvísa og þjónustumerkja.**

131. gr.

*Notkun vegvísa og þjónustumerkja.***Markmið vegvísunar og forgangsröðun.**

Vegvísun er ætlað að leiðbeina ökumönnum um leiðarval.

Áfangastaður sem einu sinni hefur verið sýndur á merki verður að vera á öllum síðari skiltum þeirrar gerðar á vegleiðinni þar til áfangastaðnum er náð. Það er þó háð forgangsröðun og takmörkun á hámarksfjölda áfangastaðavísunar þ.e. almennt ekki fleiri en fjögur landfræðileg nöfn, áfangastaðanöfn eða önnur nöfn á pílu- eða töfluvegvísunum.

Á einum vegamótum má ekki vísa til sama áfangastaðar í tvær áttir, nema sjá megi á vegvísuninni að áttirnar tvær höfði til mismunandi vegfarenda.

Vísa skal á öruggustu leið til áfangastaðar þótt skemmri leið sé til. Þannig skal ekki vísa á áfangastað sem liggur handan heiðar sem einungis er fær að sumarlagi ef önnur öruggari og greiðfærari leið er til s.s. leið sem fær reglubundna vetrarþjónustu. Almennt er vísað á slíka fjall- eða heiðarvegi með heiti heiðarinnar eða leiðarinnar. Við sérstakar aðstæður er heimilt að setja upp árstíðabundnar merkingar meðan færð telst örugg.

Vegvísun til áfangastaða skal forgangsraða, fyrst eftir umferðar- og öryggissjónarmiðum og síðan viðskiptasjónarmiðum. Forgangsröðunin skal vera í eftirfarandi röð; vegvísun á örnefni eða staðfang, vegvísun að samgöngumiðstöð og síðan vegvísun fyrir þjónustu viðskiptalegs eðlis.

Veghaldari ákvarðar um val á áfangastöðum vegvísunar. Á þjóðvegum með vegnúmerum má (á vegvísunum) einungis vísa á örnefni eða staðföng og samgöngumiðstöðvar samanber skipulag vegvísunar. Önnur notkun verður að vera samþykkt af veghaldara og réttlætanleg vegna umferðar.

Við tímabundna vísun á leið eða stað s.s. vegna framkvæmda eða viðburða er heimilt að nota vegvísa með svörtum texta á appelsínugulum fleti með svörtum jafri. Ef notað er vegnúmer er það á hvítum bakgrunni. Til aðgreiningar eru slíkir vegvísar táknaðir *7xxF*.

#### **Almennt um vísun á þjónustu við veg.**

Vegvísun á þjónustu er í meginatriðum tvenns konar:

Vegvísun á samgöngumiðstöðvar sem þörf er fyrir vegna umferðar, þ.e. vísun sem uppfyllir þörf vegfarenda við leiðarval að samgöngumiðstöðvum.

Vegvísun á þjónustu viðskiptalegs eðlis þ.m.t. vísun á athyglisverðan stað, opinbera byggingu, menningarstað, þjónustuaðila og þess háttar í þéttbýli og dreifbýli.

Veghaldari ákvarðar um vegvísun á þjónustu.

Mat veghaldara skal fela í sér val og forgangsröðun þjónustuvegvísunar (áfangastaða þjónustu) fyrir sérhver vegamót. Forgangsröðunin er óháð fjölda vegvísunarstaða (pósta). Veghaldari getur hafnað þjónustuvegvísun viðskiptalegs eðlis ef sérstakar kringumstæður eru andstæðar slíkri þjónustuvegvísun.

Umferðaröryggi verður að meta sérstaklega fyrir sérhver vegamót þegar óskað er eftir viðbótar þjónustuvísun og fyrir eru fleiri en fjögur örnefni eða staðföng, áfangastaðanöfn og viðskiptaleg nöfn á vegvísunum.

Öll vísun á þjónustu skal vera útfærð með þjónustutáknum (760 – 768), sbr. þó heimildir í einstökum ákvæðum um vegvísa og leiðatöflur.

Þjónustumerki neyðarþjónustu, umferðar og samgangna sem og þjónustumerki annarrar nauðsynlegrar þjónustu með almannagildi má setja upp sem sjálfstæð merki með leyfi veghaldara þar sem sérstök ástæða er til þess.

Óheimilt er að nota önnur ták en þau þjónustutákn sem Vegagerðin hefur samþykkt fyrir viðskiptalegan tilgang.

Óheimilt er að nota kennimerki fyrirtækis.

#### 132. gr.

##### *701 Töfluleiðamerki.*

Töfluleiðamerki er notað til að sýna áfangastaði, akstursstefnur og leiðir við vegamót sem eru fram undan.

Töfluleiðamerki er notað við vegamót stofnvega (1–2 stafa þjóðvega), sbr. almennar reglur um vegvísa.

Á töfluleiðamerki skal staðsetja áfangastaði fyrir sérhverja leið á aðskilin merki.

Hlutaskilti fyrir vísun beint áfram kemur efst. Akstursstefna er gefin til kynna með lódréttri ör sem vísar upp. Stefnuör skal staðsetja vinstra megin á merki.

Hlutaskilti fyrir vísun til vinstri kemur neðan við vísun beint áfram. Akstursstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til vinstri. Stefnuör skal staðsetja vinstra megin á merki.

Hlutaskilti fyrir vísun til hægri kemur neðan við vísun til vinstri. Akstursstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til hægri. Stefnuör skal staðsetja hægri megin á merki.

Önnur hlutaskilti sem og tímabundin hlutaskilti skal staðsetja með þeim hlutaskiltum sem vísa til sömu áttar.

Töfluleiðamerki segja til um fyrirkomulag umferðar á næstu vegamótum.

Fyrir sérhverja vegvísun í sömu akstursstefnu skal staðsetja örnefni eða staðfang efst og því næst þjónustuvegvísun sé því við komið.

Fyrir áfangastaði sem vísað er til í sömu akstursstefnu kemur efst sá staður sem er fjær, sé því við komið.

Ef notað er vegnúmer í brotnum ramma til vegvísunar skal staðsetja það undir vegnúmeri sem hefur heilan ramma ef því verður við komið.

Á töfluleiðamerki er heimilt, til upplýsinga, að setja umferðarmerki sem höfða til áfangastaðarins eða leiðarinnar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að nota þjónustumerki fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta sem tilheyrir tákningu s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Á vegamótunum skal setja upp merki *713 Vegvísir* eftir því sem við á.

Einstök hlutaskilti er heimilt að hafa í öðrum lit þ.e. með rautt letur, hvítan bakgrunn og rauðan ramma eða brúnan bakgrunn og hvítt letur, sbr. liti og tilgang vegvísa *701.3* eða *701.4*.

133. gr.

*701.1 Töfluleiðamerki.*

Heimilt er að nota merkið á höfuðborgarsvæðinu, að jafnaði 150–250 m frá vegamótum.

134. gr.

*701.2 Töfluleiðamerki.*

Heimilt er að nota merkið utan höfuðborgarsvæðis, að jafnaði 150–250 m frá vegamótum.

135. gr.

*703 Staðarleiðatafla.*

Staðarleiðatafla er einkum notuð á undan vegamótum þar sem þörf er á skýringarmynd til að auðvelda vegfarendum leiðarval.

Skýringarmynd skal sett fram á sem einfaldastan hátt. Á skýringarmyndinni skal sá vegur, sem ökumaður er á, byrja neðst á merkinu og skal skýringarmyndin á þessum stað vera lóðrétt.

Skýringarmynd má ekki stríða gegn forgangsskilyrðum. Vegir sem eru víkjandi skal sýna með grennri línu en aðalveginn þar sem því verður við komið.

Við hringtorg og vegamót þar sem ekki eru sýnd víkjandi skilyrði, er skýringarmyndin höfð með jafnbreiðum línunum. Öll hringtorg utan þéttbýlis skal merkja með staðarleiðatöflu (*703.3*).

Á staðarleiðatöflu er heimilt, til upplýsinga, að setja umferðarmerki sem höfða til áfangastaðar eða leiðar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að nota þjónustumerki fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi tákningu s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Staðarleiðatöflu skal staðsetja hægra megin vegar og má einnig setja upp vinstra megin vegar.

Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal setja upp merki *713 Vegvísir* eftir því sem við á.

136. gr.

*703.1 Staðarleiðatafla.*

Heimilt er að nota merkið á höfuðborgarsvæðinu, að jafnaði 150–250 m frá vegamótum sé því við komið.

137. gr.

*703.2, 703.3 Staðarleiðatafla.*

Heimilt er að nota merkið utan höfuðborgarsvæðisins, að jafnaði 150–250 m frá vegamótum sé því við komið.

## 138. gr.

*707 Akreinaleiðatafla.*

Heimilt er að nota merkið á höfuðborgarsvæðinu, að jafnaði 150–250 m frá vegamótum sé því við komið til leiðbeiningar öikumönnum um hvaða akrein þeir skuli velja.

Heimilt er að nota merkið á undan vegamótum þar sem þörf er á skýringarmynd til að auðvelda vegfarendum leiðarval.

Skýringarmynd skal sett fram á sem einfaldastan hátt. Á skýringarmyndinni skal sá vegur, sem ökumaður er á, byrja neðst á merkinu og skal skýringarmyndin á þessum stað vera lóðrétt.

Skýringarmynd má ekki stríða gegn forgangsskilyrðum. Vegir sem eru víkjandi, skal sýna með grennri línu en aðalvegurinn hefur þar sem því verður við komið.

Við hringtorg og vegamót þar sem ekki eru sýnd víkjandi skilyrði, er skýringarmyndin höfð með jafnbreiðum línunum.

Á akreinaleiðatöflu er heimilt, til upplýsinga að setja umferðarmerki sem vísa til áfangastaðarins eða leiðarinnar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að nota þjónustumerki fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi tákningu s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal setja upp merki *713 Vegvísir* eftir því sem við á.

## 139. gr.

*709 Töfluleiðavísir.*

Töfluleiðavísir er notaður til að sýna áfangastaði, akstursstefnur og leiðir við vegamót sem eru fram undan.

Á töfluleiðavísi er heimilt, til upplýsinga, að setja umferðarmerki sem vísa til áfangastaðarins eða leiðarinnar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að nota þjónustumerki fyrir tegund samgöngumiðstöðvar, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi tákningu s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Töfluleiðavísi er heimilt að koma fyrir yfir vegi nærri vegamótum, t.d. á merkjabrú. Á merkinu skal vera ör fyrir hverja akrein og bogin ör fyrir beygjur. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á töfluleiðavísi eftir því sem ástæða þykir til og skulu örvarnar vera við hlið staðarheitanna yfir sérhverri akrein.

Töfluleiðavísi skal setja upp við aðkomu að vegamótum í þversniði þar sem mögulegar beygju-reinar hafa náð meira en 2/3 af fullri breidd þeirra. Setja skal upp merki fyrir sérhverja vegleið vegamótanna. Þó má sleppa skiltum fyrir smærri veltengingar.

Á töfluleiðavísi má setja umferðarmerki s.s. bannmerki, sem upplýsa vegfarendur um takmörkun umferðar á tiltekinni akrein.

## 140. gr.

*711 Töfluvegvisir.*

Heimilt er að nota merkið rétt fyrir, á og við vegamót fyrir áfangastaði, akstursstefnur og leiðir. Heimilt er að nota merkið í stað merkis *713 Vegvísir* á vegamótum þar sem ekki er hægt að koma þeim merkjum fyrir.

Á töfluvegvisi skal setja sérhverja vegleið á aðskilin merki.

Ef notað er vegnúmer í brotnum ramma til veggvísunar skal staðsetja það undir vegnúmeri sem hefur heilan ramma ef því verður við komið.

Á veggvísu er heimilt að setja umferðarmerki sem vísa til áfangastaðarins eða leiðarinnar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að setja þjónustumerki fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.



Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi táknum s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Vegnúmer og umferðarmerki skal almennt staðsetja fyrir framan staðarheiti áfangastaðar.

Fjarlægð á töfluvegvísi skal setja á eftir staðarheiti.

Fyrir sérhverja vegvísun í sömu akstursstefnu skal staðsetja örnefni eða staðfang efst sé því við komið, síðan þjónustuvegvísun.

Fyrir sérhverja vegvísun í sömu akstursstefnu kemur efst sá staður sem er fjær sé því við komið.

Efst kemur hlutaskilti fyrir vísun beint áfram. Akstursstefna er gefin til kynna með lódréttri ör sem vísar upp. Stefnuör skal staðsetja vinstra megin á merki.

Því næst kemur hlutaskilti fyrir vísun til vinstri. Akstursstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til vinstri. Stefnuör skal staðsetja vinstra megin á merki.

Neðst kemur hlutaskilti fyrir vísun til hægri. Akstursstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til hægri. Stefnuör skal staðsetja hægra megin á merki.

Önnur hlutaskilti sem og tímabundin hlutaskilti skal staðsetja með þeim hlutaskiltum sem vísa til sömu áttar.

Einstök hlutaskilti geta verið í öðrum lit s.s. með rautt letur, hvítan bakgrunn og rauðan ramma eða brúnan bakgrunn og hvítt letur, sbr. liti og tilgang merkis *713 Vegvísir*.

Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.

141. gr.

*711.1 Töfluvegvisir.*

Heimilt er að nota merkið við vegamót á höfuðborgarsvæði.

142. gr.

*711.2 Töfluvegvisir.*

Heimilt er að nota merkið við vegamót utan höfuðborgarsvæðis.

143. gr.

*712.1 Töfluvegvisir fyrir hringtorg.*

Heimilt er að setja merkið *712.1* við hringtorg innan höfuðborgarsvæðis.

Heimilt er að setja merkið *712.2* við hringtorg innan þéttbýlis utan höfuðborgarsvæðis.

Efst kemur hlutaskilti fyrir vísun á síðasta útakstur úr hringtorgi. Því næst kemur hlutaskilti fyrir vísun á næstsíðasta útakstur úr hringtorgi o.s.frv. Neðst kemur hlutaskilti fyrir vísun á fyrsta útakstur úr hringtorgi. Akstursstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til hægri. Stefnuör skal staðsetja hægra megin á merki.

Einstök hlutaskilti geta verið í öðrum lit s.s. með rautt letur, hvítan bakgrunn og rauðan ramma eða brúnan bakgrunn og hvítt letur sbr. liti og tilgang merkja *713.3 Vegvísir* eða *713.4 Vegvísir*.

144. gr.

*713 Vegvísir.*

Heimilt er að nota merkið við vegamót utan heimreiða. Vegnúmer og mögulegt táknerki skulu settar í rót merkis og fjarlægð er heimilt að setja í odd vegvísis á eftir áfangastað.

Á vegvísa má setja umferðarmerki sem vísa til áfangastaðarins eða leiðarinnar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði, eyðibýli eða jarðgöng.

Að jafnaði er aðeins eitt merki *713 Vegvísir* í hverja átt á vegamótum, en í undantekningar-tilfellum eru merkin fleiri.

Nota má þjónustumerki fyrir tegund samgöngumiðstöðvar, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi eða eru réttlæt看leg vegna umferðar.

Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.

Heimilt er að skipta út staðarheiti og vegalengd fyrir lárétta línu, þar sem: 1) vegnúmerið eitt og sér getur talist næg vegvísun; 2) þörf er talin fyrir vísun til númeraðs vegar; 3) á hjáleiðarmerki.

145. gr.

*713.1 Vegvísir.*

Heimilt er að nota merkið við vegamót innan höfuðborgarsvæðis.

146. gr.

*713.2 Vegvísir.*

Heimilt er að nota merkið við vegamót stofn- eða tengivega með 1–3 tölustöfum í vegnúmeri, utan höfuðborgarsvæðis.

Heimilt er að nota merkið á vegum með fjögurra stafa vegnúmeri sem liggja að þéttri byggð eða við aðrar aðstaður þar sem það er talið hentugt. Þá er þó heimilt að sleppa vegnúmerinu.

147. gr.

*713.3 Vegvísir (rauður).*

Heimilt er að nota merkið til vegvísunar á vegamótum fyrir leið að stað og þjónustu þ.m.t. að miðstöð samgangna, bifreiðastæði, athyglisverðum stað, opinberri byggingu, menningarstað o.þ.h.

Nota skal *713.3* í stað vegvísa *713.1* og *713.2* til að vísa á leið að opinberri byggingu eða safni, menningarstað, samgöngumiðstöð, bifreiðastæði o.þ.h.

Þá er einnig heimilt að nota merkið fyrir athyglisverða áfangastaði sem uppfylla skilyrði um að vera merktir sem slíkir en uppfylla ekki viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur til að fá rétt til brúnnar merkingar.

Heimilt er að nota framangreind þjónustumerki sem og merki fyrir opinbera byggingu og nafn staðar eða starfseminnar á merkið.

148. gr.

*713.4 Vegvísir (brúnn).*

Heimilt er að nota merkið við vegamót þar sem leið liggur að áfangastað ferðamanna sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur. Þá er einnig heimilt að nota merkið fyrir vísun á leið að þjóðgarði eða friðlandi sem uppfyllir sömu viðmið.

Letra skal nafn staðar eða starfseminnar og viðeigandi tákn starfseminnar s.s. *723.41 Ferðamannastaður með Vörðu*, *723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna*, *764.4 Athyglisverður staður innanhúss* eða þjóðgarðstákn.

149. gr.

*714 Staðarvísir.*

Heimilt er að nota staðarvísi við heimreið á staðfang svo sem býli eða örnefni fyrir athyglisverðan stað, opinbera byggingu, menningarstað og þjónustu. Merkið er staðsett við afleggjara eða heimreið.

Óheimilt að setja fleiri en fjóra staðarvísa á eina leið nema í undantekningartilfellum. Heimilt er að setja eitt þjónustutákn fyrir framan staðarheitið sem vísar til gerð staðar s.s. athyglisverður staður, tjaldstæði, sæluhús o.þ.h. Heimilt er að nota þjónustutákn og nafn staðar eða starfseminnar. Einnig er heimilt að setja eina merkjaþlötu með allt að 4–6 þjónustutáknum undir heiti staðar.

Þar sem fleiri staðarvísar eru saman má sameina þjónustutákn á eina merkjaþlotu. Sé þörf á fleiri vísunum getur veghaldari heimilað *650.2* eða *650.3 Upplýsingatöflu* á útskoti inni á afleggjaranum. Þjónustu viðskiptalegs eðlis skal útfæra með þjónustutáknum frekar en texta.

150. gr.

*714.2 Staðarvísir (blár).*

Heimilt er að nota merkið við afleggjara eða heimreið til að vísa á tiltekinn stað, svo sem býli. Áhersla skal vera á örnefni eða staðfang, en heimilt er að setja til þess gerð þjónustutákn, eðli starfsemi eða nafn starfseminnar ef sérstök rök eru fyrir því.

151. gr.

*714.3 Staðarvísir (rauður).*

Heimilt er að nota merkið við afleggjara eða heimreið til að vísa á samgöngumiðstöð, bifreiðastæði, opinbera byggingu eða safn, menningarstað o.þ.h.

Þá er einnig heimilt að nota merkið fyrir athyglisverðan stað sem ástæða er að vísa til. Heimilt er að nota þjónustutákn og nafn staðar eða eðli starfsemi.

152. gr.

*714.4 Staðarvísir (brúnn).*

Heimilt er að nota merkið til að vísa á áfangastað ferðamanna sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur þ.m.t. áfangastaði innan þjóðgarðs eða friðlanda. Heimilt er að nota tákn starfseminnar *723.41 Ferðamannastaður með Vörðu*, *723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna*, *764.4 Athyglisverður staður innanhúss*, þjóðgarðstákn eða lýsandi þjónustutákn framan við nafnið, s.s. *764.3 Athyglisverður staður*.

153. gr.

*715 Fráreinavísir.*

Heimilt er að nota fráreinavísi á vegi þar sem frárein er til staðar fyrir aðkomu inn á annan veg og þannig að unnt sé að aka inn á frárein án þess að draga verulega úr hraða fyrr en komið er inn á fráreinina.

Fráreinavísi skal staðsetja við upphaf fráreinar þar sem ökumaðurinn getur byrjað að sveigja inn á hana.

Óheimilt er að tilgreina vegalengd á fráreinavísi.

Heimilt er að setja á fráreinavísi mögulegt vagnúmer og mögulegt táknmerki á undan örnefni eða staðfangi sem þau eru tengd við. Vagnúmer kemur fyrst, síðan mögulegt táknmerki eða þjónustutákn sé því við komið og loks staðarheiti.

Heimilt er að setja umferðarmerki, til upplýsinga, á fráreinavísi sem vísa til áfangastaðar eða leiðar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng. Einnig er heimilt að nota þjónustutákn fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og táknmerki starfsemi sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi tákningu þar sem textinn þykir nauðsynlegur hluti vegvísunar s.s. heiti flugvallar. Þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Letra skal staðarheiti og vagnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Stefnuör skal vera skásett.

154. gr.

*715.1 Fráreinavísir.*

Heimilt er að nota merkið á höfuðborgarsvæði við upphaf fráreinar.

155. gr.

*715.2 Fráreinavísir.*

Heimilt er að nota merkið utan höfuðborgarsvæðis við upphaf fráreinar.

156. gr.

*717 Staðarleiðarvísir.*

Heimilt er að nota merkið þar sem veghaldari telur þörf fyrir að vísa á stað og þjónustu sem er fram undan á hliðarvegi, s.s. vegna umferðar, hraða, blindrar aðkomu, umferðaröryggis og þar sem merking með *714 Staðarvísi* er ekki talin nægjanleg.

Letra skal mögulegt þjónustutákn, staðarheiti og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.

Merkið getur verið í öðrum lit þ.e. með rautt letur, hvítan bakgrunn og rauðan ramma eða brúnan bakgrunn og hvítt letur, sbr. liti og tilgang vegvísa *713.3* eða *713.4*.

157. gr.

*723.00 Ónúmeraður vegur.*

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna veg sem er án vagnúmers og er ekki í umsjón Vega-gerðarinnar.

Merkið er einkum ætlað til að fella inn í sérstaka hálendisútgáfu af merkinu 714.5 þar sem vísað er á ýmsa slóða á hálendinu.

158. gr.

*723.13 Vegnúmer.*

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna vegnúmer vegar sem það stendur við eða vísað er til á vegvísunum.

Heimilt er að nota merkið við alla stofn- og tengivegi að undanskildum vegum styttri en 5 km þar sem vegnúmer er á vegvísi út á viðkomandi veg.

Heimilt er að nota merkið 500–1.000 m frá vegamótum fyrir umferð sem kemur inn á veg. Ef tvenn eða fleiri vegamót við þjóðvegi eru á 3 km kafla eða styttri er heimilt að merkja þau eins og um ein vegamót væri að ræða, þ.e. með merki út frá vegamótum í enda kaflans en merkjum á milli þeirra sleppt.

Heimilt er að nota merkið áður en komið er að vegamótum við þjóðveg í 500–1.000 m fjarlægð ef fjarlægð frá síðasta vegnúmeri er á bilinu 20–30 km.

Langir kaflar án vegamóta:

Merkið er sett upp fyrir báðar akstursstefnur með um 15 km millibili ef fjarlægð frá síðasta vegnúmeri er meiri en 30 km.

159. gr.

*723.14 Vegnúmer, leið að vegi.*

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna veg með tilgreindu vegnúmeri sem liggur að þeim vegi sem ekið er á.

Merkið skal aldrei nota stakt heldur alltaf sem undirmerki með 723.13 eða á vegvísi.

Brotinn rammi er settur utan um vegnúmer á vegvísunum til að skýra betur leið að viðkomandi stað.

160. gr.

*723.41 Ferðamannastaður með Vörðu.*

Heimilt er að nota merkið sem tákn á vegvísi til að auðkenna leið að ferðamannastað sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur.

161. gr.

*723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.*

Heimilt er að nota merkið sem tákn á vegvísi til að auðkenna leið að stað sem er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.

162. gr.

*723.51 Eyðibýli.*

Heimilt er að nota merkið sem tákn á vegvísi til að auðkenna leið að eyðibýli.

163. gr.

*723.61 Jarðgöng.*

Merkið skal nota til að auðkenna leið um jarðgöng.

164. gr.

*725.2 Fjarlægðartafla.*

Heimilt er að nota merkið sem fjarlægðarmerki þar sem ekið er á leið út frá þéttbýlisstað eða öðrum mikilvægum viðkomustað einnig eftir mikilvæg vegamót í dreifbýli s.s. vegamót stofnvega og sýnir fjarlægð til áfangastaða fram undan.

Efst á merkinu fyrir miðju er vegnúmer þess vegar sem ekið er eftir. Þar undir til vinstri koma staðarheiti og fjarlægð að viðkomandi stað eða til hægri. Staðarheiti raðast í fjarlægðarröð, efst kemur sá staður sem fjærstur er o.s.frv.

Fjarlægðartafla er höfð í gulum lit með svart letur fyrir örnefni eða staðföng megináfangastaða.

Skipta skal fjarlægðartöflu upp ef merkið er notað í dreifbýli sem síðasta fjarlægðarmerki fyrir mikilvæg vegamót, þar sem fjarlægðar til áfangastaða er getið fyrir báða vegi.

Efst á merkinu fyrir miðju er vagnúmer þess vegar sem ekið er eftir. Þar undir til vinstri koma staðarheiti við þann veg og fjarlægð að viðkomandi stað til hægri. Staðarheiti raðast í fjarlægðarröð, efst kemur sá staður sem fjærstur er o.s.frv. Þar undir kemur sams konar listi fyrir aðkomuvegin. Heimilt er að hlutaskipta fjarlægðartöflu eftir vagnúmerum.

## 165. gr.

*725.3 Fjarlægðartafla athyglisverðra staða.*

Heimilt er að nota merkið til að sýna fjarlægð til valinna athyglisverðra staða s.s. megináfanga-  
staða ferðamanna á tiltekinni leið.

Heimilt er að nota tákn inn á merkið s.s. *723.41 Ferðamannastaður með Vörðu* eða *723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna*.

Uppróðun inn á merki og fyrirkomulag er að öðru leyti eins og fyrir *725.2 Fjarlægðartafla*.

## 166. gr.

*727.1 Sveitarfélagsmerki (stórt).*

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna mörk stjórnsýslusvæða s.s. sveitarfélags. Letra skal nafn sveitarfélags á merkið. Þar má enn fremur setja tákn sveitarfélags (byggðamerki) í réttum litum ofan við nafn.

## 167. gr.

*727.2 Sveitarfélagsmerki (lítið).*

Heimilt er að nota merkið við veg á mörkum sveitarfélaga. Letra skal nafn sveitarfélags á merkið. Þar má enn fremur setja tákn sveitarfélags (byggðamerki) í réttum litum við nafn.

## 168. gr.

*728.3 Staðartafla.*

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna aðkomu að stórum athyglisverðum áfangastað.

Merkið er á hvítum grunni með rauðan ramma og rautt letur.

Heimilt er að nota einfalda mynd af stað á merkið.

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna þjóðgarðs- eða friðlandsmörk þar sem sérstakar reglur gilda. Í þjóðgarði eða friðlandi er heimilt að hafa tákn á merkinu s.s. *723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna*, *764.3 Athyglisverður staður*, *764.4 Athyglisverður staður innanhúss* eða þjóðgarðstákn.

## 169. gr.

*728.4 Staðartafla.*

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna aðkomu að athyglisverðum áfangastað ferðamanna sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur. Merkið er haft brúnt með hvítum texta.

Heimilt er að nota einfalda mynd af stað á merkið sem og tákn starfseminnar s.s. *723.41 Ferðamannastaður með Vörðu*, *723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna*, *764.3 Athyglisverður staður*, *764.4 Athyglisverður staður innanhúss* eða þjóðgarðstákn.

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna þjóðgarðs- eða friðlandsmörk þar sem sérstakar reglur gilda.

## 170. gr.

*728.6 Þjóðgarður eða friðland endar.*

Heimilt er að nota merkið þar sem farið er út fyrir mörk þjóðgarðs eða friðlands.

## 171. gr.

*729.1 Götunafn eða vegarheiti.*

Heimilt er að nota merkið til að tilgreina heiti götu eða vegar. Heimilt er að setja fleiri götunöfn á eina töflu ásamt húsnúmerum þar sem sérstakar aðstæður krefjast þess.

172. gr.

*729.2 Staðarmerki.*

Heimilt er að nota merkið fyrir heiti staðar, örnefni o.þ.h.

173. gr.

*729.3 Húsnúmer.*

Heimilt er að nota merkið til að merkja hús með húsnúmeri.

174. gr.

*751 Vegvísir fyrir hjólastíga.*

Heimilt er að nota merkið við stígamót. Letra skal staðarheiti, stíganúmer og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Í stað stígnúmers er heimilt að nota önnur tákn til að greina að mismunandi stíga, svo sem liti.

175. gr.

*753 Töfluvegvísir fyrir hjólastíga.*

Heimilt er að nota merkið við stígamót. Letra skal staðarheiti, stíganúmer og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Vísun beint áfram kemur efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri. Í stað stíganúmers er heimilt að nota önnur tákn til að greina að mismunandi stíga, svo sem liti.

176. gr.

*755 Leiðamerki fyrir hjólastíga.*

Heimilt er að nota merkið við hjólaleiðir. Heiti leiðarinnar/áfangastaðar má setja undir hjóla-táknið. Á undirmerki má setja pílu eða merki fyrir áfangastaði og fjarlægð til þeirra. Í stað stíganúmers er heimilt að nota önnur tákn til að greina að mismunandi stíga, svo sem liti.

**Þjónustumerki.**

177. gr.

*Þjónustumerki.*

Þjónustumerki eru ein tegund vegvísa og er ætlað að upplýsa vegfarenda um þjónustu. Í lýsingarhluta eru skýringar um þau.

**Notkun undirmerkja.**

178. gr.

*Notkun undirmerkja.*

Veghaldara er heimilt að nota undirmerki með öðrum umferðarmerkjum í samræmi við reglur um notkun viðkomandi merkja. Undirmerki skulu ekki standa ein og sér án viðeigandi aðalmerkis nema annað sé tekið fram í umfjöllun um viðkomandi merki. Í notkun aðalmerkis eru algeng undirmerki sem notuð eru með viðkomandi merki oft tiltekin sem dæmi. Notkun annarra undirmerkja er heimil nema annað sé sérstaklega tekið fram. Óheimilt er að nota undirmerki til að gefa til kynna eitthvað sem hægt er að gefa til kynna með aðalmerki einu og sér.

Þar sem merki er til í mismunandi litum skal það taka lit aðalmerkis, þ.e. rautt og gult fyrir viðvörunarmerki, forgangsmerki og bannmerki, hvítt og blátt fyrir sérreglumerki og upplýsingamerki og appelsínugult og svart fyrir merki vegna framkvæmda eða viðburða.

Við tímabundna vísun á leið eða stað er heimilt að nota undirmerki með svörtum texta á appelsínugulum fleti með svörtum jaðri. Ef notað er vegnúmer er það á hvítum bakgrunni. Til aðgrein-ingar eru slík merki táknuð *δxxF*.

179. gr.

*802 Fjarlægð.*

Fjarlægð á merkinu skal gefin til kynna í heilum metrum eða kílómetrum með einum aukastaf. Óheimilt er að nota merkið með boðmerkjum.

## 180. gr.

*804 Lengd gildissvæðis.*

Gildissvæði á merkinu skal gefið til kynna í heilum metrum eða kílómetrum með einum aukastaf. Óheimilt er að nota merkið með boðmerkjum.

## 181. gr.

*806 Gildistími.*

Gildistími á merkinu skal gefinn upp í heilum tölum á bilinu 0–24.

Nota skal stafi án sviga til að gefa til kynna gildistíma á mánudögum til föstudaga, stafi innan sviga til að gefa til kynna gildistíma á laugardögum og rauða stafi án sviga til að gefa til kynna gildistíma á sunnudögum og lögboðnum frídögum.

Ef sömu tímamörk gilda alla daga skal gildistíminn táknaður með svörtum eða hvítum stöfum og textanum „Alla daga“.

Ef gildistími nær aðeins til vissra vikudaga skal nota eftirfarandi styttingar dagaheita: mán, þri, mið, fim, fös, lau, sun.

Óheimilt er að nota merkið með viðvörunarmerkjum og boðmerkjum.

## 182. gr.

*807 Tákmynd tegundar umferðar.*

Tákmynd má nota á umferðarmerki, t.d. akreinaerki og undirmerki, til að gefa til kynna þá tegund umferðar sem merkið tekur til.

## 183. gr.

*808 Texti.*

Heimilt er að nota merkið þegar þörf er á nánari skýringu á umferðarmerki. Miða skal við að texti á merkinu sé stuttur og skýr. Gæta skal samræmis milli merkja við val á texta, þannig að sami texti sé notaður við sambærilegar aðstæður.

Merkið er notað með merki *156 Önnur hættu* t.d. þar sem varað er við tímabundinni hættu svo sem „Forgangur breyttur“ og „Ljósastýring breytt“. Þegar veitt er undanþága frá gildissviði bannmerkis skal nota textann „Nema“ og annaðhvort viðeigandi tákmynd tegundar umferðar eða lýsingu með texta, t.d. „Nema Strætó“.

Þegar gildissvið bannmerkis er takmarkað við umferð yfir tiltekinni heildarþyngd, skal það gert með því að letra heildarþyngdina í heilum tonnum á undirmerki, t.d. „10 t“. Þegar takmarka á leyfilega heildarþyngd allra ökutækja á vegi skal nota merki *318.1 Takmörkuð heildarþyngd ökutækis*.

Þegar gildissvið bannmerkis s.s. *370 Bannað að stöðva ökutæki* er takmarkað með „Vörulosun heimil“ er átt við lestun og losun á þungum eða fyrirferðarmiklum farmi.

Algengur texti á undirmerkjum:

- Nema „texti“
- Ófært / Impassible / Closed
- Lokað / Closed
- Í götunni
- Í göngunum (Í Hvalfjarðargöngum)
- Á hafnarsvæðinu
- Skóli
- Vöruafgreiðsla heimil
- ADR flokkur „X“
- Forgangur breyttur
- Ljósastýring breytt
- Við hraðakstur
- Nýlagt malbik
- Vegaskemmdir

## 184. gr.

*810 Stefna sem aðalmerki á við.*

Heimilt er að nota merkið með viðvörunarmerki, sérreglumerki, upplýsingamerki eða þjónustumerki og vísar í þá átt sem aðalmerkið á við. Merki með ör til vinstri *810.4* er óheimilt að nota við hringtorg.

185. gr.

*811.1 Hjólastígur, tvístefna.*

Heimilt er að nota merkið með 410 *Hjólastígur* og vísar í þá átt sem aðalmerkið á við.

186. gr.

*811.2 Hjólastígur, tvístefnu lýkur.*

Heimilt er að nota merkið með boðmerkjum fyrir stíga þar sem tvístefnu lýkur á hjólastíg og vísar í þá átt sem aðalmerkið á við.

187. gr.

*812 Leiðbeinandi hámarkshraði.*

Heimilt er að nota merkið með viðvörunarmerkjum, t.d. *100 Hættuleg beygja, 102 Hættulegar beygjur, 104 Brött brekka, og 116.1 Sleipur vegur*. Merkið sýnir hæsta ökuhraða sem er ráðlagður á þeim vegarkafli sem viðvörun nær yfir.

188. gr.

*815 Leið aðalbrautar á vegamótum.*

Heimilt er að nota merkið með merki *202 Biðskylda, 204 Stöðvunarskylda og 206 Aðalbraut* til að skýra legu aðalbrautar á vegamótum, þar sem umferð á hliðarvegum viku fyrir umferð á aðalbraut.

Merkið skal útfæra eftir aðstæðum, til að það gefi rétta mynd af legu aðalbrautar á vegamótunum.

Merkið skal setja báðum megin vegamóta 50–200 m áður en komið er að þeim þegar merkið stendur með *206 Aðalbraut*.

189. gr.

*824 Stöðvunarskylda fram undan.*

Heimilt er að nota merkið með merki *202 Biðskylda*, áður en komið er að vegamótum sem merkt eru með merkinu *204 Stöðvunarskylda*.

190. gr.

*826 Umferð úr báðum áttum.*

Heimilt er að nota merkið með merki *202 Biðskylda* eða *204 Stöðvunarskylda*, þar sem von er á umferð hjólandi vegfarenda eða umferð hópþifreiða í almenningsakstri, úr báðum áttum á stíg eða vegi sem komið er að.

191. gr.

*828 Gildissvæði.*

Heimilt er að nota merkið með viðeigandi bannmerki eða sérreglumerki.

Merki 828.3, 828.4 og 828.7 er heimilt að nota til að marka upphaf gildissvæðis. Merkin skulu ekki notuð til að áréttu gildi aðalmerkis innan svæðis.

Merki 828.5, 828.6 og 828.9 er heimilt að nota innan gildissvæðis til áréttingar um gildi aðalmerkis. Heimilt er að nota merki 828.6 til að marka svæðið í heild sinni ef gildissvæði merkis er 25 m eða minna eða ljóst af aðstæðum til hvaða svæðis merkið vísar.

Merki 828.1, 828.2 og 828.8 er heimilt að nota til að marka lok gildissvæðis. Merkin skulu að jafnaði ekki notuð til að áréttu gildi aðalmerkis innan svæðis. Í sérstökum tilvikum er heimilt að nota merkin með aðalmerki til að afmarka gildissvæði allt að 25 metrum áður en komið er að merkinu, án þess að aðalmerki sé notað við upphaf kaflans.

Merki 828.1 – 828.6 skulu, ásamt aðalmerki, standa samsíða vegi en merki 828.7 – 828.9 þvert á veg eins og önnur umferðarmerki.

192. gr.

*829 Bifreiðastæði, fyrirkomulag.*

Heimilt er að nota merkið með merki *552 Bifreiðastæði, 553 Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðilum og 554 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk*.



## 193. gr.

*831 Hámarkstími.*

Heimilt er að nota merkið með merki 552 *Bifreiðastæði*, 553 *Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðilum* og 554 *Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk*.

Hámarkstími á merkinu skal gefinn upp í heilum mínútum með áletruninni „mín“ eða heilum klukkustundum með áletruninni „klst“.

## 194. gr.

*831.5 Brotlegir verða fjarlægðir.*

Heimilt er að nota merkið eitt og sér eða með merki 370 *Bannað að stöðva ökutæki*, 372 *Bannað að leggja ökutæki*, 553 *Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðilum* og 554 *Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk*.

## 195. gr.

*840 Umferð sjón- eða heyrnarskerts fólks.*

Heimilt er að nota merkið með merki 140 *Gangbraut*, 141 *Umferð gangandi vegfarenda*, 142 *Börn* og 156 *Önnur hætta*.

## 196. gr.

*842.1 Nýlögð klæðing.*

Heimilt er að nota merkið með merki 110 *Vegavinna*, 112 *Steinkast* og 156 *Önnur hætta* í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

## 197. gr.

*842.2 Malbik endar.*

Heimilt er að nota merkið með merki 112 *Steinkast* og 156 *Önnur hætta*, þar sem bundið slitlag endar og ekið er inn á malarveg annars staðar en á vegamótum.

## 198. gr.

*844 Seinfarinn vegur o.fl.*

Heimilt er að nota merkið með merki 156 *Önnur hætta*.

## 199. gr.

*846.3 Óbrúaðar ár.*

Heimilt er að nota merkið með merki 156 *Önnur hætta*.

## 200. gr.

*848 Snjór á vegi o.fl.*

Heimilt er að nota merkið með merki 156 *Önnur hætta*.

## 201. gr.

*850 Blindhæðir.*

Heimilt er að nota merkið með viðeigandi viðvörðunarkerki s.s. 100 *Hættuleg beygja*, 102 *Hættulegar beygjur*, 104 *Brött brekka* og 156 *Önnur hætta*, þar sem hæð takmarkar veggisýn.

Merkið er notað þar sem veggisýn ökumanns er styttri en mætisjónlengd.

Sé fleiri en ein blindhæð í framhaldinu er æskilegt að nota einnig undirmerkið 804.1 *Lengd gildissvæðis*.

## 202. gr.

*852 Slysasvæði.*

Heimilt er að nota merkið tímabundið með viðeigandi viðvörðunarkerki, þar til lagfæringar hafa átt sér stað. Undirmerki 804.1 *Lengd gildissvæðis* er notað með merkjunum. Einkum notað þar sem einsleit gerð óhappa verður á vegarkafli.

203. gr.

*854 Einbreiðar brýr, slitlög og jarðgöng.*Heimilt er að nota merkið með merki *106 Vegur mjókkar, 122 Jarðgöng og 156 Önnur hættu.*

204. gr.

*860 Keðjunarstaður.*

Heimilt er að nota merkið með *552.1 Bifreiðastæði, 553 Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðilum* eða eitt og sér við útskot sem sérstaklega er ætlað fyrir ökumenn sem þurfa að setja á keðjur eða taka þær af.

**Notkun annarra merkja.**

205. gr.

*Notkun annarra merkja.*

Önnur merki eru einkum notuð til að sýna og afmarka legu vegar eða akbrautar.

Á fáförnum úppbyggðum vegum, þá helst þjóðvegum í flokki landsvega og vega í náttúru Íslands skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands, er veghaldara heimilt að víkja frá ákvæðum viðauka þessa um önnur merki sem annars væri skylt að nota.


206. gr.

*902 Þverslá.*

Nota skal þverslá við vegamót þjóðvega utan þéttbýlis, þar sem ekki er vegvísun og umferð umtalsverð. Heimilt er að nota þverslá við önnur vegamót, þar sem ástæða þykir til.

Við stærri vegamót þar sem ekki er talið nægja að nota *902.2* er heimilt að nota tvær *902.1* til að bæta sýnileika. Eru þá örvar látnar vísa í sitt hvora áttina og haft um 0,4 m bil á milli þversláanna.

Heimilt er að nota þverslár með vegvísun eða fleiri en eina þverslá, hvor ofan annarrar, þar sem ástæða þykir til, svo sem þar sem vegsýn er takmörkuð í aðdraganda vegamóta.




207. gr.

*904 Stefnuör.*

Heimilt er að nota stefnuörvar í beygjum þar sem mikilvægt er að sýna breytta akstursstefnu. Nota skal minnst þrjú merki til að sýna stefnubreytinguna og minnst tvö merki skulu vera sýnileg samtímis. Nota má tvö merki á hverri stöng.

Stefnuörvar skulu standa hornrétt á akstursstefnu ökutækisins hverju sinni og staðsettar í samræmi við neðangreinda mynd. Fyrsta merkið skal vera í beinni sjónlínu ökumanns sem nálgast beygjuna. Merkin skulu vera 1–1,5 m frá vegöxl og skal neðri brún merkis vera 80–120 cm ofan akbrautar.

Radíus beygju m	Fjarlægð milli merkja í beygju m (L1)	Fjarlægð milli merkja utan við beygju m (L2)
50	10	20
100	15	30
200	20	40
300	30	60
400	40	80
500	50	100



Minni gerð stefnuörva hefur 40 cm hliðarlengd og stærri gerðin 60 cm hliðarlengd. Stærri gerð skal nota þar sem ársdagsumferð er yfir 500 bílar. Ekki skal nota lítil og stór merki saman.

208. gr.

*906 Gátskjöldur.*

Gátskildi skal nota til að marka allar hindranir sem minnka breidd akbrautar eða vegaxlar, svo sem miðeyjur, brúarenda, vegrið og aðrar þrengingar. Aðrar hindranir utan vegaxlar skal merkja, séu þær taldar valda hættu á ákefslu.

Skástrikin skulu vísa niður að akbraut, þeim megin merkisins sem heimilt er að aka. Neðri brún merkis skal vera 25 cm yfir akbraut. Merkin skulu almennt staðsett þannig að þau skerði ekki vegsýn.

209. gr.

*908 Hindrunarslá.*

Heimilt er að nota merkið þar sem vegi er lokað fyrir almennri umferð með merki 306.0 *Allur akstur bannaður* eða öðru viðeigandi bannmerki.

Merkið má einnig hengja yfir veg til áréttingar um hæðartakmarkanir sem í gildi eru á veginum og skal þá neðri brún merkisins ekki vera hærra yfir yfirborði vegarins en sú hindrun sem varað er við. Með merkinu skal að jafnaði nota merki 314 *Takmörkuð hæð ökutækja*.

210. gr.

*912 Gátskjöldur á veggreiningu.*

Heimilt er að nota merkið við fráreinar á mismögum vegamótum. Neðri brún merkis skal vera um 25 cm yfir akbraut.

211. gr.

*913 Gátstaur.*

Heimilt er að setja upp gátstaur til að vara við hraðahindrun. Staurinn skal staðsettur við upphaf hraðahindrunarinnar. Lágmarkshæð gátstaurs er 1,0 m.

212. gr.

*914 Gátskjöldur í jarðgöngum.*

Gátskildi skal nota í öllum einbreiðum jarðgöngum. Gátskildir skulu settir upp með 30 m bili inni í göngunum en 10 m bili í gangnamunna. Þar sem beygjur eru í göngunum með radíus minni en 300 m, skal fjarlægð milli gátskjalda vera 10–20 m.

Merkið skal staðsett 50 cm frá akbrautarbrún og neðri brún þess skal vera 50–100 cm frá veg-yfirborði.

Heimilt er að nota gátskildi í fjölakreina jarðgöngum.

## 213. gr.

*916 Fjarlægðarmerking í jarðgöngum.*

Merkið skal nota til að tilgreina fjarlægðir að gangamunnum í göngum lengri en 3 km með umferð í tvær áttir. Fjarlægðir á merkinu skulu tilgreindar í heilum kílómetrum, námundaðar að næsta kílómetra. Fjarlægð milli merkja skal vera sem næst 1 km.

Þar sem lítið merki er notað í jarðgöngum skal merkið vera upplýst.

## 214. gr.

*920 Vegstika.*

Vegstikur skal nota á óupplýstum vegum með meiri umferð en 100 bílum á sólarhring, sem eru í reglubundinni vetrarþjónustu. Einnig á vegum sem liggja á milli þeirra þannig að vegfarendur upplifi einsleitni í samhangandi vegakerfi.

Heimilt er að nota vegstikur á öðrum vegum.

Stikur eru gular að lit. Í sérstökum tilvikum getur veghaldari heimilað frávik s.s. á hálendisvegum.

Staðsetning stika:

Vegstikur skulu vera með 50 m bili báðum megin vegar á vegum með tvíbreiðu bundnu slitlagi, en mega vera öðru megin á einbreiðu slitlagi og á malarvegum þar sem umferð er lítil (ársdagsumferð er undir 500 bílar).

Við sérstakar aðstæður s.s. í kröppum beygjum má stika öðru megin, þar sem gert er ráð fyrir stikun báðum megin, en þá skal stika helmingi þéttar.

Á vegum þar sem skyggni getur verið slæmt að vetrarlagi er heimilt að stika allt að helmingi þéttar þ.e. með 25 m bili.

Á upplýstum vegum skulu kantar stikaðir, þeim megin sem ljósastaurar eru ekki, ef skyggni og aðstæður gefa sérstakt tilefni til. Ljósastaura má merkja með endurskinsmerkjum á sama hátt og stikur.

Á vegum þar sem annar kantur er stikaður og skipt er um kant við stikun skal stika á báðum köntum á a.m.k. 300 m kafla.

Þar sem stikur eru beggja vegna vegar skulu þær standa gegnt hvor annarri.

Stikur skal staðsetja efst í fláa utan við vegöxl þannig að þær myndi línu samsíða vegi.

Í tvíbreiðum jarðgöngum við hægri brún akbrautar miðað við akstursstefnu er heimilt að hafa glitmerkin tvö með a.m.k. 0,3 m bili á milli og við vinstri brún akbrautar er heimilt að hafa merkin tvisvar sinnum tvö með a.m.k. 0,3 m bili á milli para. Sama gildir fyrir snjóstikur. Glitmerki skulu skásett þannig að þau vísi niður að vegi.

Lengd stika:

Hefðbundnar stikur eru 90 cm en einnig er heimilt að nota 120 cm stikur við sérstakar aðstæður.

Nota má snjóstikur 920.3 í stað venjulegra stika. Hefðbundnar snjóstikur eru 150 cm. Einnig eru til 90 cm snjóstikur sem er hægt að bæta öðrum 90 cm snjóstikum ofan á.

## 215. gr.

*940 Stólpi til afmörkunar miðeyju eða bannsvæðis.*

Heimilt er að nota stólpa til afmörkunar miðeyju eða bannsvæðis til að árétta yfirborðsmerkingar. Höfð eru þrjú glitmerki á stólpa með hvítu láréttu endurskini.

## 216. gr.

*Merkingar vegna framkvæmda á og við veg.*

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við nánari ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg* og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

**Útfærsla og stærð umferðarmerkja.**

217. gr.

*Almennt um uppsetningu umferðarmerkja.*

Uppsetningu umferðarmerkis skal haga á þann hátt að merki sé vel sýnilegt og auðskiljanlegt þeim vegfarendum sem merkinu er beint að og staðsett þannig að vegfarendur hafi nægan tíma til að bregðast við efni umferðarmerkis.

Umferðarmerki skal staðsett þannig að það valdi vegfarendum ekki hættu, hindri ekki umferð, skyggi ekki á önnur umferðarmerki og skyggi sem minnst á umferð annarra vegfarenda á vegum, göngustígum, hjólastígum, reiðstígum, gangstéttum eða sambærilegu.

Við ákvörðun um uppsetningu og tilhögun uppsetningar umferðarmerkja skal fyrst og fremst litið til umferðaröryggis, umhverfissjónarmiða og skilvirkni samgangna. Lágmarka skal notkun umferðarmerkja sem ekki eru nauðsynleg í þágu framangreindra markmiða.

218. gr.

*Samsetning umferðarmerkja.*

Standi fleiri umferðarmerki saman á stöng skulu þau vera í númeraröð þannig að merki með lægst númer sé efst nema annað sé tekið fram í sérreglum viðkomandi umferðarmerkis. Þó skal undirmerki standa næst því merki sem það tilheyrir. Óheimilt er setja upplýsinga- og/eða þjónustumerki með viðvörðunarkerki, forgangsmerki, bannmerki, boðmerki eða sérreglumerki.

Að jafnaði skulu ekki fleiri en tvö aðalmerki standa saman en að hámarki þrjú.

Óheimilt er að setja umferðarmerki með mismunandi lögun saman þannig að lögun merkis greinist ekki. Þar sem ætlast er til að vegfarandi þekki merki 202 *Biðskylða* og 204 *Stöðvunarskylða* á bakhliðinni skal forðast að setja umferðarmerki á bakhlið þeirra nema tryggt sé að lögun þeirra sjáist greinilega.

219. gr.

*Staðsetning umferðarmerkja.*

Umferðarmerki skulu að meginreglu sett upp hægra megin akbrautar miðað við akstursstefnu. Frávik frá þeirri meginreglu geta gilt um einstök merki t.d. fyrir sum boðmerki og önnur merki s.s. stefnuörvar og gátskildi í samræmi við tilgang þeirra.

Öll umferðarmerki má setja báðum megin vegar ef þörf þykir og það sé í samræmi við tilgang merkisins. Ef tvær aðgreindar akbrautir eru á vegi má setja merki eða aukamerki á umferðareyju eða hliðarsvæði vinstra megin. Setja má merki yfir akbraut ef hagkvæmt þykir. Heimilt er að 713 *Vegvísir*, 714 *Staðarvísir* og 652.4 *Útskot* séu vinstra megin við veg miðað við akstursstefnu.

Umferðarmerki skal standa lóðrétt og því sem næst hornrétt út frá vegi. Þó er heimilt að snúa umferðarmerki til að bæta sýnileika þess, svo sem í beygju eða til að koma í veg fyrir glampa frá endurskinu. Öll merki sem standa saman skulu snúa eins nema annað sé tekið fram um einstök merki.

Fjarlægð milli merkja sem standa sömu megin vegar og gilda fyrir umferð í sömu átt skal vera a.m.k. 50 m. Þó geta umferðarmerki staðið þéttar innan þéttbýlis. Í þeim tilfellum skal huga sérstaklega að sýnileika og skýrleika merkinganna. Utan þéttbýlis þar sem aðstæður eru ekki takmarkandi skal miða við að fjarlægðin sé a.m.k. 100 m. Í og við vegamót er heimilt að fjarlægð milli merkja verði styttri og eins þar sem slíkt samrýmist notkun merkisins svo sem merki fyrir afmörkun akbrautar.

Haga skal uppsetningu hvers flokks umferðarmerkja með samræmdum hætti á sama vegarkafli, hvað varðar hæð yfir yfirborði vegar, endurskin og lýsingu merkjanna.

220. gr.

*Hæð og fjarlægð umferðarmerkja frá vegi.*

Almennt skal enginn hluti umferðarmerkis vera nær brún vegar en 0,5 m. Eftir því sem leyfilegur hámarkshraði er hærri þeim mun fjær skal merkið standa. Eftirfarandi viðmið gilda:

Leyfilegur hámarkshraði [km/klst.]	Minnsta fjarlægð frá brún vegar [m]	Mesta fjarlægð frá brún vegar [m]
Innan þéttbýlis < 60	0,5*	2
Utan þéttbýlis < 80 Innan þéttbýlis ≥ 60	1	3
≥ 80	1,5	4

\* 0,3 m í undantekningartilfellum innan þéttbýlis þar sem er kantsteinn.

Hæð merkis, mæld frá vegyfirborði að neðsta hluta merkis, skal að jafnaði vera nálægt 1,5 m. Þó skal taka mið af aðstæðum í hvert sinn þannig að sýnileiki merkis sé tryggður án þess að skyggja á aðra vegfarendur. Eftirfarandi viðmið gilda:

	Minnsta hæð frá vegyfirborði að merki [m]
Utan vega og stíga	0,3–1,5
Yfir göngu- og/eða hjólastíg	2,2
Yfir reiðstíg	2,5
Yfir vegi	4,8*

\* Gildir þó ekki ef mannvirki yfir akbraut eru lægri.

#### 221. gr.

##### *Litir og endurskin umferðarmerkja.*

Um umferðarmerki og framleiðslu þeirra gilda eftirfarandi staðlar:

ÍST EN 12899-1:2007 Föst, lóðrétt umferðarmerki – Hluti 1: Föst merki;

ÍST EN 12899-2:2007 Föst, lóðrétt umferðarmerki – Hluti 2: Upplýstir umferðarpollar (TTB);

ÍST EN 12899-3:2007 Föst, lóðrétt umferðarmerki – Hluti 3: Aðgreiningarstaurar og endurskinsfletir;

ÍST EN 12899-4:2007 (e. Fixed, vertical road traffic signs - Part 4: Factory production control);

ÍST EN 12899-5:2007 (e. Fixed, vertical road traffic signs - Part 5: Initial type testing);

prEN 12899-6 (e. Fixed, vertical road traffic signs - Part 6: Performance of retroreflective sign face material).

#### 222. gr.

##### *Stærðir umferðarmerkja.*

Stærð umferðarmerkis skal taka mið af aðstæðum, svo sem umhverfi, veggerð og hámarkshraða, sbr. töflur hér á eftir. Við val á stærð umferðarmerkis er heimilt er taka mið af hraða umferðar frekar en leyfilegum hámarkshraða ef frávik er mikið. Einnig er heimilt að taka tillit til aðstæðna með því að nota minna umferðarmerki svo sem til að tryggja að umferðarmerki skerði ekki sýn. Heimilt er að velja stærra umferðarmerki ef þörf er á auknum sýnileika merkis svo sem við framkvæmdasvæði.

Nota skal stóra stærð merkja (SS) í eftirfarandi flokkum: 100 Viðvörðunarkerki, 200 Forgangsmerki, 300 Bannmerki og 400 Boðmerki utan þéttbýlis og á stærri og umferðarmeiri vegum þegar þörf er á tímabundnum merkingum s.s. vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg.

Sé ekki annað tekið fram skal nota umferðarmerki í venjulegri stærð (VS).

Sé umferðarmerki eingöngu beint að umferð á göngu- og/eða hjólastíg og það kemur ekki niður á sýnileika merkisins, er heimilt að nota umferðarmerki með hliðarlengd allt að helmingi merkis í venjulegri stærð (VS).

##### 100 Viðvörðunarkerki

100 Viðvörðunarkerki	Hliðarlengd (mm)
Venjuleg stærð (VS)	700
Stór stærð (SS)	900
Yfirstærð (YS)	1.200

Utan þéttbýlis á stofnvegum óháð veghaldi og á öðrum vegum með samsvarandi hlutverk, með ársdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stóra stærð merkja (SS).

Innan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri skal nota stóra stærð merkja (SS).

#### 200 Forgangsmarki

200 Forgangsmarki	Venjuleg stærð / stór stærð VS/SS		
	Breidd (mm)	Hæð (mm)	Þvermál (mm)
202 <i>Biðskylda</i>			700/900
204 <i>Stöðvunarskylda</i>			700/900
206 <i>Aðalbraut, 208 Aðalbraut endar.</i>	400/500	400/500	
212 <i>Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang</i>			600/800
214 <i>Umferð á móti veitir forgang</i>	600/700	600/700	
216 <i>Fléttuakstur</i>	600/800	900/1.200	

Után þéttbýlis á stofnvegum óháð veghaldi og á öðrum vegum með samsvarandi hlutverk, með ársdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stóra stærð merkja (SS).

Innan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri skal nota stóra stærð merkja (SS).

#### 300 Bannmerki

300 Bannmerki	Þvermál (mm)
Undirstærð (US)	250
Lítill stærð (LS)	400
Venjuleg stærð (VS)	600
Stór stærð (SS)	800

Után þéttbýlis á stofnvegum óháð veghaldi og á öðrum vegum með samsvarandi hlutverk, með ársdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stóra stærð (SS).

Innan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri skal nota stóra stærð (SS).

Innan þéttbýlis, á miðsvæðum, við þrengsli eða þar sem leyfilegur hámarkshraði er 40 km/klst. eða lægri er heimilt að nota litla stærð umferðarmerkja (LS), þó ekki á fjölakreina vegum.

Innan þéttbýlis, er í undantekningartilfellum heimilt, sökum þrengsla, að nota undirstærð (US) fyrir merkin 372 *Bannað að leggja ökutæki* og 370 *Bannað að stöðva ökutæki*.

#### 400 Boðmerki

400 Boðmerki	Þvermál (mm)
Undirstærð (US)	300
Lítill stærð (LS)	500
Venjuleg stærð (VS)	600
Stór stærð (SS)	800

Után þéttbýlis á stofnvegum óháð veghaldi og á öðrum vegum með samsvarandi hlutverk innan þéttbýlis, með ársdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stóra stærð merkja (SS).

Innan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri skal nota stærri gerð merkja (SS).

Innan þéttbýlis, á miðsvæðum, við þrengsli eða þar sem leyfilegur hámarkshraði er 40 km/klst. eða lægri er heimilt að nota litla stærð umferðarmerkja (LS) þó ekki á fjölakreina vegum.

Innan þéttbýlis, er í undantekningartilfellum heimilt, sökum þrengsla, að nota undirstærð (US) umferðarmerkis.

#### 500 Sérreglumerki

Algengustu stærðir sérreglumerkja.

	Venjuleg stærð/stór stærð VS/SS		Lítill stærð (LS)	
	Breidd (mm)	Hæð (mm)	Breidd (mm)	Hæð (mm)
<b>500 Sérreglugerki</b>				
500 Akreinaamerki	600 – 1.100	900		
500 Akreinaamerki, yfir akbraut	600	600		
508 Hópbifreiðar í almenningsakstri	500	300		
512 Biðstöð hópbifreiða í almenningsakstri	500	500	400	400
514 Biðstöð leigubifreiða	500	300	400	250
516 Gangbraut	500/800	500/800	400	400
521 Hjólarein	400/500	400/500		
526 Einstefna	800	300	600	225
540 Vistgata	800	600	600	450
542 Vistgata endar	800	600	600	450
544 Þéttbýli	1.000	600		
544 Þéttbýli, heiti þéttbýlis	1.000	200		
546 Þéttbýli lokið	1.000	600		
548 Göngugata	600	800	450	600
550 Göngugata endar	600	800	450	600
552.1 Bifreiðastæði. 552.2, 552.3	500	500	400	400
553 Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðilum	500	500	400	400
554.1 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk	500	300	400	250
554.2 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk (ökutæki-rampur)	500	340	400	275
554.3 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk (ökutæki)	500	500	400	400
555 Neyðarútskot	600	800	450	600
562 Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða	600/800	600/800	450	450
563 Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða endar	600/800	600/800	450	450
572, 573, 576, 577 - svæðismerki	600	800	450	600

Után þéttbýlis á stofnvegum óháð veghaldi og á öðrum vegum með samsvarandi hlutverk innan þéttbýlis, með ársdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stóra stærð merkja (SS).

Innan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri skal nota stærri gerð merkja (SS).

Innan þéttbýlis, á miðsvæðum, við þrengsli eða þar sem leyfilegur hámarkshraði er 40 km/klst. eða lægri er heimilt að nota litla stærð umferðarmerkja (LS), þó ekki á fjölakreinavegum.

Sé enginn texti á svæðismerki 572 – 577 er heimilt að stækka táknum umferðarmerkisins á merkinu.

600 Upplýsingamerki

Stærðir upplýsingamerkja.

	Breidd (mm)	Hæð (mm)
<b>600 Upplýsingamerki</b>		
652.1, 652.2 Snúningssvæði f. löng ökutæki, 652.4 Útskot	500	500
652.71-652.74 Botngata	300	500
652.75, 652.76, 652.77, 652.78 Botngata	500	500
653 Undirgöng, brú	500	500
654 Inn/út	500	200
655.61 Löggæslumyndavél, 655.62, 655.71	500	600
656 Hámarkshraðaupplýsingar	2.000	1.500
658 Leiðbeinandi leið fyrir tegund umferðar	500	500
659 Rafræn gjaldtaka	500	500
660.1 Neyðarútgangur	500	500
660.2 Neyðarútgangur	800	300
662 Vatnsverndarsvæði	500	600



700 vegvísar og þjónustumerki  
Algeng stærð vegvísa og stafastærð.

700 Vegvísir		Aðstæður/texti	Hæð			Lengd	Stafa- stærð	Leyfilegt frávik stafa- stærðar	Veg- númer stafa- stærð	Lengdar- tölur stafa- stærð	Leyfilegt frávik stafa- stærðar lengdartalna
			1-lína	2-línur	3-línur						
			mm	mm	mm						
Vegvísir	713	Lítill stærð	235			Heil tala*250	120	101	101	101	85
		Venjuleg stærð	330				143	170	143	120	143
Vegvísir	714.3, 714.4, 714.5	Vegvísir innan þéttbýlis	200				88			71	
		Við umferðarminni vegamót	235				120	101	101	101	85
		Við vegamót	330				143	170	143	120	143
Staðartafla	728		1.000 (1.200 að lengd)				143				
Sveitarfélags- merki	727.1	Sveitarfélagsmerki lítið	235				143				
	727.2	Sveitarfélagsmerki stórt	1.000 (1.200 að lengd)				143				
Fráreinaþísir	715		450	650	900		143		120		
Töfluvegvísir	711	Þröngar aðstæður, t.d. í þéttbýli	400	550	750		120		101	101	
		Venjulegar aðstæður	450	650	900		143		120	120	
		Töfluvegvísar þar sem ekki eru töfluleiðamerki á undan	500	750	1.050		170		143	143	
Töfluleiðamerki	701	Þröngar aðstæður, t.d. í þéttbýli	400	550	750		120		101	101	
		Venjulegar aðstæður	450	650	900		143		120	120	
Töfluleiðavísir	709		750	1.250	1.500	240		202			
Staðarleiðatafla, akreinalleiðatafla, fjarlægðartafla	703, 707, 725					143		143			

700 Vegvísir		Aðstæður/texti	Hæð			Lengd	Stafa- stærð	Leyfilegt frávik stafa- stærðar	Veg- númer stafa- stærð	Lengdar- tölur stafa- stærð	Leyfilegt frávik stafa- stærðar lengdartalna
			1-lína	2-línur	3-línur						
			mm	mm	mm						
Staðarvísir	714.2		200			Heil tala*100	88			71	
Staðarleiðarvísir	717		235			Heil tala*100	120	101	101	101	85
Vegnúmer	723	Vegnúmer	200			500			*		
Tákn		Tákn með vegnúmeri	200								
Staðar- og götumerki	729	Staðarmerki, götunafn, vegarheiti, húsnúmer	200	300	400/450		88			71	
Vegvísir fyrir hjólástíga	751, 753	Vegvísir fyrir hjólástíga	100				42			42 (30- aukast.)	
		Töfluvegvísir fyrir hjólástíga	100 – 500				42			42 (30- aukast.)	

<b>Þjónustumerki</b>	Breidd (mm)	Hæð (mm)
760-768 Þjónustumerki	500	600

## 800 Undirmerki

<b>800 Undirmerki</b>	Breidd* (mm)	Hæð (mm)
802.1, 804.1, 806.1, 808.1, 808.3, 808.4, 824, 826, 831.1, 838.51, 840	600	200–400
802.2, 804.2, 806.2, 808.2, 829, 831.2, 831.52	500	200–300
810.1 – 810.5 Vísun til staðar	500	300
810.6, 810.7 Vísun til staðar	600	600
812 Leiðbeinandi hámarkshraði	600	600
815 Leið aðalbrautar á vegamótum	500/600	500/600
828 Gildissvæði	600	200
842.1, 844.1, 844.2, 848.5, 850, 854.1	600	300
842.2 Malbik endar	600	600
846.3 Óbrúaðar ár	600	400/800
848.5 Hált í bleytu	600	350
852 Slysasvæði	600	400
844.3 Torleiði	600	300/800
854.2 Einbreið brú, 854.3 Einbreið brú með þröngri akbraut	600	800
854.4 Einbreið jarðgöng	600	780
860 Keðjunarstaður	500	500

\*Breidd undirmerkis er að jafnaði sú sama og þess merkis sem undirmerkið stendur með.

## Önnur merki

<b>900 Önnur merki</b>	Breidd (mm)	Hæð (mm)
902.1 Þverslá - (minni)	1.600	400
902.1 Þverslá - (stærri)	2.000	500
902.2 Þverslá	3.000	400
904 Stefnuör (minni)/(stærri)	400/600	400/600
906.1 Gátskjöldur	300	1.000
906.2 Gátskjöldur á brú	250	450
908.1 Hindrunarslá - hæðartakmörkun		250–500
908.2 Hindrunarslá - lokun		400–500
912.1 Gátskjöldur á veggreiningu (minni)	300	1.000
912.2 Gátskjöldur á veggreiningu (stærri)	600	1.000
913 Gátstaur		1.000+
914 Gátskjöldur í jarðgöngum	150	1.000
916 Fjarlægðarmerking í jarðgöngum (venjulegt/lítið)	600/500	780/650
902.1F Þverslá vegna framkvæmda	1.600	400
904F Stefnuör vegna framkvæmda	300	1.000
906F Gátskjöldur vegna framkvæmda	300	1.000
908F Hindrunarslá vegna framkvæmda	3.000	400
909F H/V Þverslár vegna framkvæmda	2.000	500
912F Gátskjöldur vegna framkvæmda á veggreiningu	300	1.000

223. gr.  
Endurskin umferðarmerkja.

Ljóstæknilegum eiginleikum umferðarmerkja má skipta í:

Flokkur	Heiti (e. heiti filmu)	Lýsing
0	Upplýst merki	Merki upplýst utan frá.
1	Lýsing innan frá	Upplýst merki innan frá.
2	Án endurskins	Merki sem sést aðeins í dagsbirtu (einkum fyrir umferðarmerki á göngu- og hjólastígum).
3	Venjulegt endurskin (EG)*	Veitir lágmarks endurspeglun (fyrir stuttar til miðlungs langar fjarlægðir).
4	Sterkt endurskin (HI)*	Veitir mikla endurspeglun (fyrir miðlungs langar fjarlægðir).
5	Mjög sterkt endurskin (DG)*	Veitir mjög mikla endurspeglun (fyrir miðlungs langar til langar fjarlægðir).

\* Endurskin: EG - Engineering Grade; HI – High Intensity; DG – Diamond Grade.

Val á endurskinsfilmu fyrir umferðarmerki		
Tegundir umferðarmerkja	Utan þéttbýlis	Þéttbýli
Allar gerðir umferðarmerkja þar sem:		
<ul style="list-style-type: none"> <li>Hliðarsett óupplýst merki þar sem texti og tákn á skiltinu eru í meira en 3,5 m hæð yfir akbraut.</li> <li>Merki yfir akbraut sem ekki eru upplýst s.s. skiltabryr.</li> </ul>	Mjög sterkt (5)	Mjög sterkt (5)
	Mjög sterkt (5)	Mjög sterkt (5)
100 Viðvörðunarkerki almennt:	Sterkt (4)	Sterkt (4)
<ul style="list-style-type: none"> <li>Vegavinna (110); Vegheflun (111)</li> </ul>	Mjög sterkt (5)	Mjög sterkt (5)
200 Forgangsmarki:		
<ul style="list-style-type: none"> <li>Biðskylda 202, Stöðvunarskylda 204, Forgangur umferðar 212, Fléttuakstur 216</li> <li>Aðalbraut 206, Aðalbraut endar 208, Umferð á móti veitir forgang 214</li> </ul>	Sterkt (4)	Sterkt (4)
	Venjulegt (3)	Sterkt (4)
300 Bannmerki almennt:	Venjulegt (3)	Sterkt (4)
<ul style="list-style-type: none"> <li>Innakstur bannaður 302</li> </ul>	Sterkt (4)	Sterkt (4)
400 Boðmerki almennt:	Venjulegt (3)	Venjulegt (3)
<ul style="list-style-type: none"> <li>Á umferðareyjum</li> </ul>	Sterkt (4)	Sterkt (4)
500 Sérreglumerki almennt:	Venjulegt (3)	Venjulegt (3)
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gangbrautarkerki 516</li> </ul>	Sterkt (4)	Sterkt (4)
600 Upplýsingamerki almennt:	Venjulegt (3)	Venjulegt (3)
700 Vegvísar, töfluvegvísar, töfluleiðamerki, staðartöflur (almennt):	Venjulegt (3)	Sterkt (4)
<ul style="list-style-type: none"> <li>Þjónustumerki</li> </ul>	Venjulegt (3)	Venjulegt (3)
800 Undirmerki:	-	-
<ul style="list-style-type: none"> <li>Eins og aðalmerkið</li> </ul>		
900 Gátsgildir, stefnuörvar og þverslár almennt (önnur merki):	Sterkt (4)	Sterkt (4)
<ul style="list-style-type: none"> <li>Stikur og glitmerki</li> </ul>	Mjög sterkt (5)	Mjög sterkt (5)

- Á fjölakreinavegum í þéttbýli (einkum þar sem umferðarmerki eru í samkeppni við aðrar ljósuppsprettur) og þar sem hraði umferðar er hár skal meta hvort nota á hærri endurskinsflokk en taflan sýnir (þ.e. flokk 4 eða 5).
- Á vegum utan þéttbýlis þar sem  $\text{ADU} > 8.000$  skal nota hærri endurskinsflokk en taflan sýnir.
- Jarðgöng
  - Í upplýstum jarðgöngum skulu öll merki utan gátskjalda og þversláa vera lýst innan frá.
  - Í jarðgöngum án lýsingar skal nota endurskin í flokki 5.
- Vegna framkvæmda við veg
  - Gullitaði flötur merkja, 110, 111, 362 og 380 vegna framkvæmda við veg skal vera með skæran gulgrænan lit („Fluorescent Yellow Green # 3983 og # 4083“ (DG, VIP efni # 3983 og DG 3 efni # 4083) og mjög sterkt endurskin 425 (cd/lx) / m<sup>2</sup> fyrir ný skilti og 300 (cd/lx) / m<sup>2</sup> fyrir eldri skilti, miðað við 0,33° mælihorn og 5° innfallshorn) í samræmi við ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.*

224. gr.

*Litir á umferðarmerkjum.*

Litir eru skilgreindir í töflum í ÍST EN 12899-1: 2007.

Filmur með venjulegt endurskin (3) skulu vera innan eftirfarandi litapunkta:

Litur	Punktur 1		Punktur 2		Punktur 3		Punktur 4	
	x	y	x	y	x	y	x	y
Hvítur	0,355	0,355	0,305	0,305	0,285	0,325	0,335	0,375
Gulur	0,522	0,477	0,470	0,440	0,427	0,483	0,465	0,534
Appelsínugulur	0,610	0,390	0,535	0,375	0,506	0,404	0,570	0,429
Rauður	0,735	0,265	0,674	0,236	0,569	0,341	0,655	0,345
Blár	0,078	0,171	0,150	0,220	0,210	0,160	0,137	0,038
Brúnn	0,455	0,397	0,523	0,429	0,479	0,373	0,558	0,394

Filmur með sterkt eða mjög sterkt endurskin (4 og 5) skulu vera innan eftirfarandi litapunkta:

Litur	Punktur 1		Punktur 2		Punktur 3		Punktur 4	
	x	y	x	y	x	y	x	y
Hvítur	0,305	0,315	0,335	0,345	0,325	0,355	0,295	0,325
Gulur	0,494	0,505	0,470	0,480	0,513	0,437	0,545	0,454
Rauður	0,735	0,265	0,700	0,250	0,610	0,340	0,660	0,340
Blár	0,130	0,090	0,160	0,090	0,160	0,140	0,130	0,140
Brúnn	0,455	0,397	0,523	0,429	0,479	0,373	0,558	0,394

## VIÐAUKI II

**Notkun breytilegra umferðarmerkja.**

1. gr.

*Almennt.*

Breytileg umferðarmerki eru ljósaskilti eða flettimerki með breytilegum táknum eða texta til upplýsingar, leiðbeiningar eða stjórnunar umferðar. Umferðarmerki sem birt eru á breytilegu skilti hafa sama gildi og samsvarandi hefðbundin umferðarmerki.

Breytilegt umferðarmerki er eingöngu heimilt að nota við aðstæður þar sem fer betur að veita réttar og uppfærðar upplýsingar með breytilegu merki heldur en hefðbundnu umferðarmerki. Breyti-

legt umferðarmerki skal að öðru leyti notað í samræmi við reglur um notkun viðkomandi umferðarmerkis.

Efni breytilegra umferðarmerkja má ekki vera í ósamræmi við hefðbundin umferðarmerki á vegarkafli. Breytilegt ljósaskilti í hvíldarstöðu skal vera alveg svart.

Vegagerðin að höfðu samráði við Samgöngustofu getur heimilað að önnur merki séu notuð sem breytileg umferðarmerki.

## 2. gr.

### *Tæknilegar kröfur.*

Texti og tákn á breytilegum merkjum skulu vera stöðug og mega ekki vera á hreyfingu eða taka tíðum breytingum. Tryggja þarf að texti og tákn á breytilegu ljósaskilti sé ekki ruglað saman við samsvarandi upplýsingar á hefðbundnu eða blikkandi merki.

Breytileg umferðarmerki sem gefa frá sér ljós mega ekki skerða sýnileika hefðbundinna umferðarmerkja.

Breytileg ljósaskilti skulu hafa sjálfvirka stillingu á ljóma miðað við birtu umhverfis eins og sýnt er í töflu 1 og 2. Aðeins má lýsa undirskilti ef yfirskilti er upplýst.

Ef vegvísir er útfærður sem breytileg umferðarmerki skal fastur hluti merkisins hafa sama lit og hefðbundinn vegvísir.

## 3. gr.

### *Vöktun og skjölun.*

Á vegum þar sem leyfilegur hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund eða hærri, skal virkni breytilegra umferðarmerkja vera vöktuð allan sólarhringinn.

Veghaldari skal halda skrá yfir stöðu breytilegs bannmerkis sem sýnt getur fram á hvenær bann hafi verið í gildi a.m.k. ár aftur í tímann.

## 4. gr.

### *Breytileg textamerki.*

Þar sem breytilegt textamerki er notað þarf að horfa til annarra umferðarmerkja sem eru til staðar til að tryggja heildarsamhengi í upplýsingagjöf.

Breytilegt textamerki skal ekki birta fleiri en fjórar línur af texta.

Texti á breytilegu ljósaskilti skal vera hvítur á svörtum bakgrunni. Í sérstökum tilvikum s.s. til að vekja athygli á sérstakri hættu má hafa hluta textans rauðan.

Texti á breytilegu textamerki sem varar við aðstæðum í beinu framhaldi af merkinu, skal birtur í þessari röð:

1. Lýsing á hættu eða atviki.
2. Staðsetning.
3. Leiðbeining til vegfaranda.

Texti á breytilegu textamerki sem varar við aðstæðum með nokkrum fyrirvara eða á öðrum vegi, skal birtur í þessari röð:

1. Staðsetning.
2. Lýsing á hættu eða atviki.
3. Leiðbeining til vegfaranda.

Einungis má nota eftirfarandi viðvörðunarkerki með breytilegu textamerki og skal viðvörðunarkerkið staðsett vinstra megin við textann: *110 Vegavinna, 149 Umferðartafir, 152 Svíptivindur, 153 Slys, 156 Önnur hættu.*

Upplýsingar um ferðatíma ökumanna skal tilgreina á textamerki sem aksturstíma í mínútum til vel skilgreindra staða á vegarköflum, t.d. við útakstursleið. Birtur ferðatími skal virða hraðatakmörk á leiðinni.

### **Ljómi og birtustig breytilegra ljósaskilta**

Tafla 1. Hæsti ljósstyrkur af fleti í tiltekna átt (ljómi, cd/m<sup>2</sup>).

Birtustig framhluta merkis	Ljómi litaflata á merkjafleti framhluta skiltis					
	hvítur	hvítur/gulur	gulur	grænn	rauður	blár
40.000 lx	31.100	26.350	18.600	9.300	7.750	3.100
4.000 lx	11.000	9.350	6.600	3.300	2.750	1.100
400 lx	3 000	2.550	1.800	900	750	300
40 lx	1.250	1.065	750	375	315	125
≤ 4 lx	375	320	225	115	95	37,5

Tafla 2. Lægsti ljósstyrkur af fleti í tiltekna átt (ljómi, cd/m<sup>2</sup>).

Birtustig framhluta merkis	Ljómi litaflata á merkjafleti framhluta skiltis					
	hvítur	hvítur/gulur	gulur	grænn	rauður	blár
40.000 lx	6.200	5.270	3.720	1.860	1.550	620
4.000 lx	1.100	935	660	330	275	110
400 lx	300	255	180	90	75	30
40 lx	200	170	120	60	50	20
≤ 4 lx	60	51	36	18	15	6

Dæmi um texta á breytileg merki:

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umferðarslys, 5 km, notið hægri akrein.</li> <li>• Umferðarslys, fram undan, notið hægri akrein.</li> <li>• Umferðarslys, 5 km, vegur lokaður.</li> <li>• Ökutæki stopp, fram undan, sýnið aðgát.</li> <li>• Vegur lokaður.</li> <li>• Umferðartafir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skemmdir í slitlagi, sýnið aðgát.</li> <li>• Vegavinna.</li> <li>• Vindhviður.</li> <li>• Háll vegur.</li> <li>• Þoka.</li> </ul>
---	--

### VIÐAUKI III

#### Notkun hljóð- og ljósmerkja.

##### 1. gr.

*Almennt um notkun umferðarljósa.*

1180 Almenn umferðarljós, 1182 Ljósör, 1184 Umferðarljós fyrir hjólandi vegfarendur, 1186 Umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur og 1188 Umferðarljós fyrir hópþifreiðar í almenningsakstri skal ekki nota þar sem leyfilegur hámarks hraði er hærri en 60 km/klst. nema í undantekningartilvikum. Við önnur umferðarljós skal miða við að leyfilegur hámarks hraði sé ekki hærri en 70 km/klst.


Staðsetja skal umferðarljós þannig að ekki misskiljist að hverjum þeim er beint.

##### 2. gr.

*1180 Almenn umferðarljós.*

Að lágmarki tvenn umferðarljós sem sýna sömu ljósmerki skulu vera sýnileg fyrir hverja aðkomu að vegamótum með umferðarljósum. Að lágmarki ein umferðarljós skulu ávallt vera sýnileg öikumanni í a.m.k. 1,2 sinnum stöðvunarlengd áður en að þeim er komið. Ef tvær eða fleiri akreinar liggja í sömu átt getur þurft fleiri en tvenn umferðarljós.

Að lágmarki ein umferðarljós skulu vera staðsett hægra megin akbrautar, í línu við stöðvunarlínu verði því við komið, eða í mesta lagi 5 m eftir stöðvunarlínu. Önnur umferðarljós má staðsetja hægra eða vinstra megin akbrautar eða ofan við akbraut, eftir aðstæðum.



Að lágmarki ein umferðarljós skulu vera auðsýnileg ökumanni sem bíður á rauðu ljósi. Ljósker skulu vera með ljósop sem er 200 mm að þvermáli. Þó er heimilt er að nota 300 mm ljósop þar sem ekki er hægt að tryggja sýnileika með öðrum aðgerðum.

### 3. gr.

#### *1182 Ljósör.*

Ljósörvar eru annaðhvort með þremur ljósopum (rauðu, gulu og grænu) eða einu ljósopi (rauðu eða grænu). Ljósín eru höfð við hlið samsvarandi ljósops almennra umferðarljósa. Græna ljósör má aðeins nota ef akstur í viðkomandi átt hefur ekki í för með sér að víkja þurfi fyrir annarri umferð, hvort sem er akandi eða gangandi vegfarendum.

Ljósörvar með þremur ljósopum eru notaðar þar sem stjórna á umferð í viðkomandi átt óháð annarri umferð. Ljósörvar fyrir beygjuakreinar til vinstri, skulu staðsettar vinstra megin við akbraut.

Ljósop ljósörvar skal vera af sömu stærð og ljósop þeirra umferðarljósa sem ljósörin stendur með.

### 4. gr.

#### *1184 Umferðarljós fyrir hjólandi vegfarendur.*

Umferðarljós fyrir hjólandi vegfarendur skal aðeins nota ef til staðar er hjólastígur eða hjólarein og skal staðsett við eða nærri viðkomandi stöðvunarlínu.

Ljósker skulu vera með ljósop sem er 100 mm að þvermáli.

### 5. gr.

#### *1186 Umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur.*

Umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur skal staðsetja handan gönguþverunar sem það gildir fyrir þannig að það sjáist allan tímann sem gengið er yfir veginn. Þó er heimilt, í undantekningar-tilfellum, að útfæra umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur með öðrum hætti ef búnaðurinn er af viðurkenndri gerð.

Hnappabox skal vera eins nálægt gönguleið og hægt er, en að hámarki 0,25 m frá brún göngu- leiðar og hæð þess yfir yfirborði 0,85 m.

Hljóðmerki til leiðbeiningar fyrir gangandi vegfarendur skal nota með umferðarljósum fyrir gangandi vegfarendur. Ef gangandi og hjólandi vegfarendur þvera veg á samliggjandi stígum með sam- eiginlegu umferðarljósi, er æskilegt að staðsetja umferðarljós þeirra á milli stíganna. Ljósopið sýnir þá mann og reiðhjól saman.

Ljósker skulu vera með ljósop sem er 200 mm að þvermáli. Þó er heimilt er að nota 300 mm ljósop þar sem ekki er hægt að tryggja sýnileika með öðrum aðgerðum.



## 6. gr.

*1188 Umferðarljós fyrir hópbifreiðar í almenningssakstri.*

Umferðarljós fyrir hópbifreiðar í almenningssakstri er heimilt að setja fyrir hverja sérrein fyrir almenningssamgöngur á vegamótum með umferðarljós.

Ljósker skulu vera með ljósop sem er 200 mm að þvermáli. Þó er heimilt er að nota 300 mm ljósop þar sem ekki er hægt að tryggja sýnileika með öðrum aðgerðum.

## 7. gr.

*1190 Akreinaljós.*

Heimilt er að nota akreinaljós í jarðgöngum eða á fjölakreina vegum, til að gefa til kynna lokun eða breytta akstursstefnu á akreinum. Akreinaljós skulu notuð til að stýra umferð á akreinum með breytanlegar akstursstefnur. Þau skulu staðsett þannig að ökumaður geti alltaf greint hvaða akreinaljós gildir fyrir viðkomandi akrein.

Ekki skal nota akreinaljós í jarðgöngum þar sem eru tvær akreinar í sömu akstursstefnu og akstursstefnur eru ekki breytilegar. Í þeim tilfellum sem þörf er fyrir slíkt eru notuð umferðarmerki t.d. *148 Tvístefnuakstur* eða *500 Akreinaamerki*.

## 8. gr.

*1192 Umferðarljós vegna gjaldtöku, vegavinnu eða við ámóta aðstæður.*

Umferðarljós vegna gjaldtöku, vegavinnu eða við ámóta aðstæður er heimilt að nota þar sem stjórnar þarf umferð á litlum hraða svo sem við gjaldtöku, ferjuhafnir og bílastæði. Staðsetja skal ljósin hægra megin vegar eða beggja vegna ef ástæða þykir til eða ef fleiri en ein akrein eru í sömu átt.

## 9. gr.

*1194 Rautt blikkandi ljós.*

Rautt blikkandi ljós er heimilt að nota við útakstur ökutækja til neyðaraksturs, þar sem flugvélar stefna þvert á veg í lágflugi, við lokunarhlið t.d. í jarðgöngum og annars staðar þar sem loka þarf vegi.

## 10. gr.

*1198 Gult blikkandi ljós.*

Gult blikkandi ljós er heimilt að nota til viðvörunar þar sem vegavinna fer fram, við gangbrautir og annars staðar þar sem slíkrar viðvörunar er þörf, svo sem á vegamótum þar sem ljósastýring er óvirk.

Þar sem ljósið er notað til að vara sérstaklega við ákveðinni tegund umferðar er heimilt að nota táknmynd viðkomandi umferðar á ljósopinu.

Heimilt er að nota ljósið eitt og sér eða með öðrum umferðarljósum.

## 11. gr.

*1199 Blátt blikkandi ljós.*

Blátt blikkandi ljós er eingöngu notað til að afmarka starfsvettvang lögreglu, slökkviliðs, sjúkra-liðs eða annars opinbers aðila sem hefur heimild til slíkrar notkunar.

## 12. gr.

*Notkun hljóðmerkis til leiðbeiningar fyrir gangandi vegfarendur.*

Hljóðmerki skal nota þar sem eru umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur. Hljóðmerki skulu ávallt vera í þörum, eitt hvoru megin við gönguþverun, og skal virkni hvers pars vera eins og hljóðstyrkur taka mið af aðstæðum.

**VIÐAUKI IV**  
**Notkun merkinga á yfirborði vega.**

1. gr.

*Merkingar á yfirborði vega.*

Þar sem í viðauka þessum er fjallað um vegsýn, stöðvunar lengd, mætilengd og framúraksturslengd, er vísað til þeirra viðmiðunar lengda sem fram koma í 2. gr. viðauka I.

Ákvæði um notkun yfirborðsmerkinga eiga eingöngu við um vegi með bundnu slitlagi.

**Notkun merkinga langsum eftir akbraut.**

2. gr.

*Notkun merkinga langsum eftir akbraut.*

Langsum yfirborðsmerkingar skal nota á öllum stofnvegum óháð veghaldi og á öðrum vegum með samsvarandi hlutverk.

Einnig skal að nota langsum yfirborðsmerkingar á stærri tengivegum, stærri héraðsvegum og öðrum vegum með samsvarandi hlutverk, óháð veghaldi.

Heimilt er að nota langsum yfirborðsmerkingar á aðra vegi, aðkomuvegi, göngu- og hjólastíga, bílastæðasvæði og fleiri staði.

Heimilt er að hafa yfirborðsmerkingar á vinnusvæðum gular þar sem breyta þarf legu akbrautar tímabundið og gilda þær þá framur hvítum yfirborðsmerkingum sem kunna að vera á svæðinu.

3. gr.

*Útlit lína.*

Lengd og breidd mið-, deili-, kant- og stýrilína skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu, þar sem A er lengd línu í metrum, B er lengd bils milli lína í metrum og C er breidd línu í millimetrum:

Heimilt er að hafa línur breiðari sérstaklega á umferðarmiklum vegum sem og fjólakeina vegum með hámarkshraða  $\geq 80$  km/klst. Línubreidd 100 mm deililínu og miðlínu má breikka í allt að 150 mm.

Merkingar				Leyfilegur hámarkshraði [km/klst.]								
				$\leq 50$ km/klst.			60 – 70 km/klst.			$\geq 80$ km/klst.		
Mynd	Miðlínur	Nr.	Nánar	A	B	C	A	B	C	A	B	C
	Brotin	1000	Milli akreina í gagnstæðar áttir	1	3	100	3	9	100	3	9	100
	Hálfbrotin	1002	Milli akreina í gagnstæðar áttir	3	1	100	9	3	100	9	3	100
	Óbrotin	1004	Milli akreina í gagnstæðar áttir			100			100			100
	Tvöföld	1006	Milli akreina í gagnstæðar áttir	Hvor lína í samræmi við ofangreint. Bil milli lína skal vera með jafnbreiðu bili á milli þeirra og breidd línu.								
	Deililínur	Nr.	Nánar	A	B	C	A	B	C	A	B	C
	Brotin	1000	Milli akreina í sömu átt	1	3	100	3	9	100	3	9	100
	Brotin	1000	Aðrein / Frárein	2	2	200	2	2	200	2	2	200
	Brotin	1000	Hringtorg	2	2	100	2	2	100	2	2	100
	Brotin	1000	Framúrakstursvasi	1	3	100	1	3	100	1	3	100
	Brotin	1000	Sérrein	2	2	200	2	2	200	2	2	200
	Brotin	1000	Hjólarein – innkeyrslur	0,5	0,5	200	0,5	0,5	200	0,5	0,5	200
	Hálfbrotin	1002	Milli akreina í sömu átt	Ekki notuð								

	Óbrotin	1004	Milli akreina í sömu átt			100			100			100
	Óbrotin	1004	Sérrein			200			200			200
	Óbrotin	1004	Hjólarein			200			200			
	Tvöföld	1006	Milli akreina í sömu átt	<i>EKKI NOTUÐ</i>								
	<b>Stýrilínur</b>	<b>Nr.</b>	<b>Nánar</b>	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>
	Stýrilína	1010	Á vegamótum og við sérstakar aðstæður	1	1	100	1	1	100	1	1	100
	<b>Kantlínur</b>	<b>Nr.</b>	<b>Nánar</b>	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>
	Brotin	1012.1	Brún akbrautar, löng	3	3	100	3	3	100	3	3	100-200
	Brotin	1012.1	Brún akbrautar, stutt	2	2	100	2	2	100	2	2	100-200
	Óbrotin	1012.2	Brún akbrautar			100			100			100-200
	Gul brotin	1013.1	Bannað að leggja	1	1	100	1	1	100	1	1	100
	Gul óbrotin	1013.2	Bannað að stöðva eða leggja			100			100			100

## 4. gr.

*Miðlínur.*

Veg utan þéttbýlis sem er með 5,5 m breiða akbraut eða breiðari skal merkja með miðlínu milli umferðarstrauma í gagnstæðar áttir. Einnig skal marka akbraut með miðlínu þar sem ástæða þykir til s.s. þar sem vegsýn er takmörkuð, áður en komið er að gangbraut, biðskyldu, stöðvunarlínu, umferðareyju, bannsvæði, umferðarmerki á akbraut eða stað þar sem fyrirstaða er á akbraut, óháð breidd akbrautar eða því hvort hún er innan eða utan þéttbýlis.

Heimilt er að merkja miðlínur annars staðar enda sé breidd hvernar akreinar a.m.k. 2,75 m fyrir vélknúin ökutæki og a.m.k. 1,25 m fyrir reiðhjól.

Óheimilt er að merkja miðlínur á vegamótum, öðrum en þar sem umferð á aðalvegi hefur forgang gagnvart umferð á hliðarvegi, sbr. 9. gr. Lengd kafla án miðlínu er háð breidd hliðarvegar, þó aldrei styttri en 12 m.

Miðlínur skiptast í óbrotnar línur, hálfbrotnar línur og brotnar línur.

## 5. gr.

*Óbrotin miðlína.*

Nota skal óbrotna miðlínu þar sem vegsýn er styttri en mætilengd. Óbrotna miðlínu skal einnig nota við umferðareyjar, bannsvæði og gangbrautir og skal lengd hennar vera minnst hálf stöðvunarlengd. Enn fremur skal nota óbrotna miðlínu þar sem framúrakstur er bannaður með umferðarmerki 334 *Framúrakstur bannaður*.

Heimilt er að nota óbrotna miðlínu samkvæmt ákvörðun veghaldara, þó kröfur um vegsýn séu uppfylltar, þar sem umferðarmagn eða aðrar ástæður er varða umferðaröryggi gefa tilefni til.

*1004 Óbrotin lína, breidd 100 mm*



*1006 Óbrotin lína, tvöföld, breidd alls 300 mm, sbr. 8. gr.*




## 6. gr.

*Hálfbrotin miðlína.*

Nota skal hálfbrotna miðlínu þar sem vegsýn er minni en framúraksturslengd en meiri en mætilengd.


Heimilt er að nota hálfbrotna miðlínu samkvæmt ákvörðun veghaldara, þó kröfur um vegsýn séu uppfylltar, þar sem umferðarmagn eða aðrar ástæður er varða umferðaröryggi gefa tilefni til.



7. gr.

*Brotin miðlína.*

Nota skal brotna miðlínu þar sem vegsýn er meiri en framúraksturslengd. Veghaldara er þó heimilt að ákveða að nota hálfbrotna eða óbrotna miðlínu, í samræmi við ákvæði 5. eða 6. gr., þar sem umferðarmagn eða aðrar ástæður er varða umferðaröryggi gefa tilefni til.



8. gr.

*Tvöföld miðlína.*

Nota skal tvöfalda óbrotna miðlínu milli akreina í gagnstæðar akstursstefnur, þar sem fleiri en ein akrein er í aðra hvora eða báðar akstursstefnur.

Nota skal tvöfalda miðlínu, þar sem aðstæður eru með ólíkum hætti í gagnstæðar akstursstefnur og ekki þykir ástæða til að láta sömu línu gilda fyrir báðar akstursstefnur.

Heimilt er að nota tvöfalda miðlínu til að leggja áherslu á að umferð sé í báðar áttir eftir veginum, svo sem þar sem tvær akbrautir sem aðskildar hafa verið með miðeyju sameinast.

Nota skal tvöfalda hálfbrotna línu milli akreina á vegi sem hefur breytilegar akstursstefnur.

Bil milli tvöfaldrá lína skal vera jafnt breidd lína.

1006.1 Hálfbrotin lína 3-1 (varúðarlína), við hliðina á brotinni línu 1-3, heildarbreidd 300 mm



1006.2 Brotin lína 1-3, við hliðina á óbrotinni línu, heildarbreidd 300 mm



1006.2 Brotin lína 3-9, við hliðina á óbrotinni línu, heildarbreidd 300 mm



1006.3 Hálfbrotin lína 3-1 (varúðarlína), við hliðina á óbrotinni línu, heildarbreidd 300 mm



1006.3 Hálfbrotin lína 9-3, við hliðina á óbrotinni línu, heildarbreidd 300 mm



1006.4 Tvöföld óbrotin lína, heildarbreidd 300 mm



1006.5 Tvöföld hálfbrotin lína 3-1 (varúðarlína), heildarbreidd 300 mm



9. gr.

*Miðlínur á vegamótum með forgangi.*

Á vegamótum, þar sem aðalvegur hefur forgang gagnvart hliðarvegi, skulu miðlínur á aðalvegi merktar á eftirfarandi hátt:

- a. Heimilt er að hafa brotna miðlínu á aðalvegi óbreytta þar sem leyfilegur hámarkshraði á aðalvegi er 50 km/klst. eða lægri.
- b. Þar sem leyfilegur hámarkshraði á aðalvegi er 60 km/klst. eða hærri, skal rjúfa miðlínu á aðalvegi til móts við hliðarveginn. Lengd kafla án miðlínu er háð breidd hliðarvegar, þó aldrei styttri en 12 m.
- c. Þar sem leyfilegur hámarkshraði á aðalvegi er 70 km/klst. eða hærri og umferð á hliðarvegi nær að lágmarki 100 bílum á sólarhring (hæsta meðaltal umferðar yfir 3 mánuði) skal jafnframt setja óbrotna miðlínu, að lágmarki jafn langri stöðvunarlengd, í akstursátt að vegamótunum.
- d. Miðlína á aðalvegi skal vera óbreytt við tengingar, svo sem inn á tún og á öðrum þeim stöðum þar sem umferð á hliðarvegi veitir forgang samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Þó skal rjúfa óbrotna miðlínu og merkja þess í stað með brotinni miðlínu (1-3) þar sem þverun yfir veg er heimil.

Á vegamótum, þar sem aðalvegur hefur forgang gagnvart hliðarvegi, skal vera óbrotin miðlína á hliðarvegi í akstursátt að vegamótunum, 90 m eða lengri í dreifbýli og í þéttbýli minnst 10 m nema þar sem því verður ekki við komið vegna aðstæðna.

Þar sem kveðið er á um óbrotna miðlínu í aðdraganda vegamóta er heimilt, ef aðstæður að öðru leyti leyfa, að setja tvöfalda miðlínu og þá brotna miðlínu fyrir umferð í gagnstæða átt.

10. gr.

*Notkun deililína.*

Merkja skal deililínu milli umferðar í sömu átt á akbraut, enda sé breidd hvernar akreinar a.m.k. 2,75 m fyrir vélknúin ökutæki og a.m.k. 1,25 m fyrir hjólarein.

11. gr.

*Óbrotin deililína.*

Nota skal óbrotna deililínu þar sem óheimilt og hættulegt er að aka yfir hana. Til dæmis skal nota óbrotna deililínu á 25 m í byrjun aðreina og á loka þriðjungi fráreina. Lengd óbrotinnar línu skal þó ekki vera lengri en 1/3 af lengd reinarinnar.

Nota skal óbrotna deililínu til að afmarka hjólareinar og sérreinar, alls staðar þar sem ekki er sérstaklega heimilað að aka yfir þær.

1004 Óbrotin lína, breidd 100, 200 mm




12. gr.

*Brotin deililína.*

Nota skal brotna deililínu til að afmarka akreinar þar sem heimilt er að aka yfir línuna milli akreina, enda sé gætt fyllstu varúðar. Brotin deililína er m.a. notuð til að afmarka aðrein, frárein, útskot, sérrein og akreinar í hringtorgum, í samræmi við töflu í 3. gr.

1000 Brotin lína, 1-3, breidd 100 mm




1000 Brotin lína, 0,5-0,5, breidd 200 mm



1000 Brotin lína, 2-2, breidd 200 mm





## 13. gr.

*Notkun kantlína.*

Heimilt er að nota kantlínur til að marka brún akbrautar. Kantlína skal vera langsum eftir ytri brún akbrautar. Línan skal ekki vera nær slitlagsbrún eða kantsteini en 100 mm. Meta skal þörf á kantlínu á vegi með kantsteini og veglýsingu.

Kantlína er að jafnaði hvít.

Heimilt er að nota gula kantlínu eða gulan kantstein þar sem óheimilt er að stöðva eða leggja ökutæki.

Heimilt er að hafa yfirborðsmerkingar á vinnusvæðum gular þar sem breyta þarf legu akbrautar tímabundið og gilda þær þá framar hvítum yfirborðsmerkingum sem kunna að vera á svæðinu.

## 14. gr.

*1012.2 Óbrotin kantlína.*

Heimilt er að nota óbrotna kantlínu til að afmarka akbraut. Nota skal óbrotna kantlínu þar sem umferð er ekki ætlað að aka yfir kantlínuna svo sem til að hindra að lagt sé eða stöðvað í vegkanti og þar sem búast má við gangandi vegfarendum. Nota skal óbrotna kantlínu á þjóðvegi með sumardags-umferð (SDU: meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september) yfir 3.000 ökutæki á sólarhring.

Vegamót með merkinu 713 *Vegvísir* skal merkja með óbrotinni kantlínu og skal lágmarkslengd hennar vera 50 m á hliðarvegi og 100 m á aðalvegi, til hvorrar handar frá hliðarvegi. Jafnframt skal kantlína ná út fyrir mögulegar umferðareyjar og bannsvæði á miðju vegar.

Kantlína á framúrakstursvösum skal vera óbrotin og fylgja ytri brún vasa.

Allar þrengingar s.s. brýr og ristarhlið skal merkja með óbrotnum kantlínunum.

Kantlínur í jarðgöngum skulu vera óbrotnar.

1012.2 Óbrotin kantlína, breidd 100 mm




## 15. gr.

*1012.1 Brotin kantlína.*

1012.1 Brotin kantlína, 3-3 markar brún akbrautar á mjóum vegi sem ekki er markaður með miðlínu eða þar sem er ekki brýn þörf á óbrotinni kantlínu. Brotin kantlína er notuð á vegum með bundið slitlag og vegbreidd undir 5,5 m. Einnig skal nota brotna kantlínu á vegum með bundnu slitlagi sem eru ekki með óbrotna kantlínu skv. 14. gr., þó sbr. 2. gr.


Brotin kantlína er rofin með 2-2 eða 1-3 kantlínu þar sem þörf er á s.s. við minni háttar tengingar.

1012.1 Brotin kantlína, 3-3, breidd 100 mm




1012.1 Brotin kantlína, 2-2, markar akbraut gagnvart útskotum, bifreiðastæðum og leiðum að og frá þjónustustöðum.

1012.1 Brotin kantlína, 2-2, breidd 100 mm



1012.1 Brotin kantlína, 1-3, breidd 100 mm



16. gr.

1013 Gul kantlína.

Heimilt er að nota 1013.1 Gul brotin kantlína með umferðarmerki 372 Bannað að leggja ökutæki, til að afmarka nánar stöðubann samkvæmt ákvörðun veghaldara. Línuna má einnig nota án umferðarmerkis, til að áréttta að bannað sé að leggja ökutæki samkvæmt ákvæðum eða varanlegum sérákvæðum um umferð í umferðarlögum. Óheimilt er að nota línuna við aðrar kringumstæður.


Heimilt er að nota 1013.2 Gul óbrotin kantlína með umferðarmerki 370 Bannað að stöðva ökutæki, til að afmarka nánar bann samkvæmt ákvörðun veghaldara. Línuna má einnig nota án umferðarmerkis, til að áréttta að bannað sé að stöðva eða leggja ökutæki samkvæmt ákvæðum eða varanlegum sérákvæðum um umferð í umferðarlögum. Óheimilt er að nota línuna við aðrar kringumstæður, sbr. þó heimild fyrir tímabundnar vinnusvæðamerkingar.

17. gr.

Notkun annarra lína.

1010 stýrilína, 1-1, skal vera 100–200 mm breið. Stýrilínur eru notaðar á vegamótum þar sem aka þarf yfir tvær eða fleiri akreinar í vinstri beygju. Þar sem tvær eða fleiri beygjureinar eru inn á akbraut með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu skal hægri akrein í beygju tengjast akrein lengst til hægri. Í undantekningartilfellum er heimilt að nota stýrilínu annarsstaðar þar sem stýra þarf umferð en gæta skal að því að taka tillit til sjónarmiða umferðaröryggis við útfærslu.

1010 Stýrilína, 1-1, breidd 100 mm



Notkun merkinga þversum á akbraut.

18. gr.

1020 Stöðvunarlína.


1020 Stöðvunarlína, óbrotin 300–600 mm breið lína, skal nota þar sem umferð er stýrt með umferðarljósum eða umferðarmerki 204 Stöðvunarskylda. Þó er heimilt að sleppa stöðvunarlínu við umferðarljós þar sem loka þarf vegi tímabundið svo sem vegna framkvæmda eða við lokunarhlið í jarðgöngum.

Breidd stöðvunarlínu er almennt 500 mm á vegum en 300 mm á hjólastígum og hjólareinum. Heimilt er að nota allt að 600 mm breiða stöðvunarlínu.

Um notkun merkingarinnar með umferðarmerki 204 Stöðvunarskylda gilda sömu reglur og um notkun merkingar 1022 Biðskyldumerking með umferðarmerkinu 202 Biðskylda.

Stöðvunarlína skal vera a.m.k. 2,5 m áður en komið er að gönguþverun með umferðarljósum. Þó ætti að miða við 5 m þar sem fleiri en ein akrein er í sömu átt eða stöðvunarlína hjólandi vegfarenda á hjólarein eða hjólastíg liggur framur. Sé gönguþverun við vegamótin skal þess gætt að ökutæki geti numið staðar við stöðvunarlínu án þess að stöðva á gönguþveruninni, annaðhvort með því að færa stöðvunarlínu eða gönguþverun fjær vegamótunum.

1020 Stöðvunarlína, breidd 300–600 mm.



19. gr.

1021 Hjólabox.

Heimilt er að nota 1021 Hjólabox til að bæta sýnileika og flæði hjólandi vegfarenda við vegamót með umferðarljósum í þéttbýli í framhaldi af hjólarein. Stöðvunarlína fyrir umferð hjólandi vegfarenda


er 4–6 m framur en stöðvunarlína fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Hjólandi vegfarendur fylgja sömu umferðarljósum og ökumenn vélknúinna ökutækja.

Hjólabox getur verið framan við eina eða fleiri akreinar á vegamótum en útfærsla er háð aðstæðum hverju sinni. Hjólabox ætti ekki að nota, nema að vel athuguðu máli, ef ekki er sérstök akrein fyrir umferð sem beygir til hægri á vegamótum, neðan brekku, þar sem hraði hjólandi vegfarenda getur orðið mjög mikill, eða þar sem umferð stærri ökutækja er mikil.

Óheimilt er að nota hjólabox við vegamót þar sem notuð er stök græn ljósör til hægri.

Óheimilt er að nota hjólabox við vegamót þar sem leyfilegur hámarkshraði er hærri en 50 km/klst.

Merkja skal hjólabox með *1039 Tákn fyrir hjólandi vegfarendur*.



20. gr.

*1022 Biðskyldumerking.*


*1022 Biðskyldumerking*, röð þríhyrninga þvert á akbraut, skal vera til móts við umferðarmerki *202 Biðskylda* þannig að oddar þríhyrninganna vísi að ökumanni sem ber að veita öðrum vegfarendum forgang.

Breidd biðskyldumerkingar er 500 mm en heimilt er að nota helmingi minni merkingu t.d. við merkingu á hjólastígum.

Biðskyldumerking skal að jafnaði vera 0–2 m frá vegi sem komið er að. Þar sem leyfilegur hámarkshraði er 80 km/klst. eða hærri getur merkingin þó verið í allt að 5 m fjarlægð. Sé gönguþverun við vegamótin skal þess gætt að ökutæki geti numið staðar við biðskyldumerkingu án þess að stöðva á gönguþveruninni, annaðhvort með því að færa biðskyldumerkingu eða gönguþverun fjar vegamótunum.

Heimilt er að nota biðskyldumerkingu til að minna á forgang annarra vegfarenda hvarvetna þar sem ekið er inn á veg sem hefur forgang samkvæmt umferðarlögum. Í þeim tilfellum skal nota biðskyldumerkingu áður en komið er að gangstétt eða göngustíg.





21. gr.


1024 Gangbrautarmörking.

Gangbrautarmörking skal vera sem næst hornrétt á veg.

Með umferðarmörki 516 Gangbraut skal ávallt nota mörkingu 1024.1 Gangbrautarmörking, samhliða rendur, 500 mm breiðar og að lágmarki 2,5 m langar. Þó er heimilt að nota 300 mm breiðar rendur þar sem gangbraut liggur yfir hjólastíg eða hjólarein.

Við gönguþverun á vegamótum með umferðarljósum skal nota mörkingu 1024.2 Gangbrautarmörking, óbrotnar samsíða línur þvert á akbraut, 100 mm breiðar og að lágmarki 2,5 m á milli þeirra.

Breidd gönguþverunar er ákvörðuð m.t.t. aðstæðna svo sem fjölda gangandi vegfarenda og leyfilegs hámarkshaða.



1024.1




1024.2

22. gr.

1026 Hjólafverun.

Hjólafverun er merkt með brotinni línu, með jafn löngum og breiðum línunum og bilin, þvert á akbraut. Þar sem 1024 Gangbrautarmörking liggur samhliða er hjólafverun merkt með einni línu samhliða gangbrautarmörkingunni.


Hjólafverun er einungis merkt þar sem umferð eftir hjólastíg eða hjólarein er í forgangi gagnvart umferð sem þveruð er. Gildir það einnig á vegamótum með umferðarljósum, þ.e. hjólafverun er aðeins merkt samsíða aðalvegi. Leið hjólastígs eða hjólareinar þvert á aðalveg með umferðarljósum er almennt ekki merkt en þó er heimilt að nota 1010 Stýrilínu ef þörf er á.





23. gr.

1027.1 Hraðahindrun.

Hraðahindranir skal merkja með merkingu 1027.11 eða 1027.12 Heimilt er, til viðbótar við merkingu 1027.11 og 1027.12, að afmarka hraðahindrun með hvítri óbrotinni línu, 100 mm breiðri til að auka sýnileika hraðahindrunarinnar.





1027.12

24. gr.

*1027.2 Hvinrönd.*

Hvinrendur eru þverrendur á veg, byggðar upp með vegmerkingarmassa, um 4–6 mm þykkar. Heimilt er að nota *1027.2 Hvinrendur* þar sem ökuhraði er lækkaður, t.d.:

- þar sem malbik endar,
- við aðkomu að þéttbýli,
- áður en komið er að vegamótum.

Hvinrendur eru 200 mm breiðar. Forðast skal notkun þeirra nærri íbúðarbyggð þar sem þær valda hávaða. Ef merkja á hámarkshraða á vegyfirborð skal viðeigandi áletrun sett í fyrsta og næstsíðasta bil. Heimilt er að láta hvinrendur ná yfir breidd vegarins ef ástæða þykir til. Hvinrendur skulu ekki ná alveg að kantlínu (uppsöfnun vatns).

Rendur nr.	1-2	2-3	3-4	4-5	5-6	6-7	7-8	(8-9)	Heildarlengd svæðis
Bil milli randa [m]	10	10	15	15	20	25	30	(30)	125 m (155 m)

**Notkun annarra merkinga á yfirborði vega.**

25. gr.

*1014 Bannsvæði.*

*1014 Bannsvæði* er notað til að afmarka svæði sem óheimilt er að aka inn á svo sem í aðdraganda hindrunar, við beygjurein, við vegþrengingu, fækkun akreina og á vegamótum.

Útfærsla bannsvæðis er háð aðstæðum og leyfilegum hámarkshraða. Bil á milli skálína er haft lengra við hærri hámarkshraða, en halda skal hlutfalli. Bil á milli skálína skal vera 0,5–4 m.

Lína sem afmarkar bannsvæði, markalína, skal vera óbrotin. Þó er heimilt að nota brotna línu þeim megin sem að heimilt er að beygja yfir svæðið frá svo sem við minni háttar tengingu ef aðstæður krefjast, að teknu tilliti til umferðaröryggis.

Skálínur innan bannsvæðis skulu vera sem næst 45° m.v. akbraut og snúa þannig að línur vísi í akstursátt. Skálínur skulu að lágmarki vera tvær. Breidd skálína skal vera 200–500 mm.


Utan þéttbýlis skal ekki merkja skálínur innan bannsvæðis sem er mjórara en 1 m eða styttra en 4 m. Heimilt er að heilmerkja þrengsta enda bannsvæðis sé það lengra en 50 m.

Þar sem bannsvæði liggur að kantsteini skulu endar markalína bannsvæðis ná að kansteini og vera samsíða honum í 200 mm fjarlægð.

Heimilt er að hafa 0–100 mm bil á milli markalínu og skálínu.

Leyfilegur hámarks hraði [km/klst.]	Bil á milli skálína*	Breidd skálína	Breidd markalína	Brotin markalína
≤ 50	Lágmark: 0,5 m Hámark: 1,0 m (2 m ef flöturinn er mjög stór)	Lágmark: 200 mm Hámark: 500 mm	100–200 mm	1 m lína 0,5 m bil 100 mm breið
60-70	2 m, má vera 4 m ef svæði er upplýst	200 mm	200 mm	óheimilt
≥ 80	4 m	200 mm	200 mm	óheimilt

\*Mælt frá einni línu að annarri.




26. gr.

1034.1 Stefnuör og 1034.2 Akreinaör.


1034.1 Stefnuör skal nota á vegamótum með tveimur eða fleiri akreinum í sömu aksturstefnu og ef akrein endar sem beygjurein. Fjarlægð örvar frá enda akreinar, biðskyldulínu eða stöðvunarlínu er að jafnaði 10–15 m. Fjarlægð á milli örva tekur mið af hraða og lengd akreina en er að jafnaði á bilinu 20–40 m.

Leyfilegur hámarks hraði [km/klst.]	Stærðarflokkur örva
≥ 80	Stór (lengd 7,5 m, breidd 0,15 m)
≤ 70	Lítill (lengd 5 m, breidd 0,15 m)
Innan þéttbýlis ≤ 50	Mjög lítill, smækkuð (lengd 2,6 m, breidd 0,15 m).
Hjólástigur eða hjólarein	Smækkuð (lengd 1,7 m, breidd 0,1 m)


Stefnuör, lítil, beint




Stefnuör, stór, beint




Stefnuör, lítil, beygja




Stefnuör, stór, beygja



Stefnuör, lítil, beint og beygja




Stefnuör, stór, beint og beygja




1034.2 Akreinaör fyrir akreinaskeipi skal nota á akrein sem sameinast annarri með sömu akstursstefnu.

Akreinaör, lítil



Akreinaör, stór




27. gr.

1035 Hjólavísir.

Hjólavísi er heimilt að nota á veg til að tengja saman og vekja athygli á hjólaleið þar sem sérstakir innviðir eru ekki til staðar fyrir umferð hjólandi vegfarenda eða þar sem breyting á sér stað í gerð innviða. Heimilt er að nota táknið á veg með hámarkshraða 40 km/klst. eða lægri og ársdagsumferð (ÁDU) undir 4.000, eða 6.000 ef hjólarein eða hjólastígur er til staðar í aðra áttina.

Mælt er með að hafa 50–75 m milli tákna í sömu akstursátt og er táknið endurtekið eftir vegamót. Heimilt er að nota táknið í vegamótum til að vekja athygli á hjólaleið en þó aðeins þar sem umferð frá hliðarvegi er víkjandi gagnvart umferð í stefnu hjólaleiðarinnar. Hjólavísir er að jafnaði staðsettur 1,2 m frá kanti og 1,5 m frá brún samsíða bifreiðastæði, mælt frá kanti eða línu í mitt tákni. Þó er heimilt að víkja frá því þar sem sjónarmið umferðaröryggis mæla með slíku, svo sem við þröngar aðstæður eða þar sem vegsýn er takmörkuð og því ekki æskilegt að vélknúið ökutæki taki fram úr hjólréiðamanni.



28. gr.

*1036 – 1054 Áletranir og tákn.*

*1036 – 1054 Áletranir og tákn* skal ávallt nota með og í samræmi við viðeigandi umferðarmerki, og skulu vera bjagaðar (skalaðar lóðrétt) til ökumenn sjái þær rétt. Þær skulu vera hvítar, þó er heimilt að nota tákn umferðarmerkja og í lit þeirra.

Önnur tákn, s.s. táknmyndir umferðarmerkja eða letur má setja á akbraut til að vekja athygli á umferðarmerkjum eða öðrum atriðum umferðinni viðkomandi.

Leturgerð texta og talna skal vera Transport Heavy (Vegagerd) og stærð skv. eftirfarandi:

Hæð [m]	Lóðrétt stækkun	Leyfilegur hámarkshraði [km/klst.]
1,6	300%	≤ 50 km/klst.
4	400%	≥ 60 km/klst.